



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri



ÁRSSKÝRSLA **2025**

Útgefandi: Háskólinn á Akureyri

Ritstjórn: Katrín María Víðisdóttir

Ljósmyndarar: Auðunn Nielsson, Sindri Swan, Axel Darri Þórhallsson,
Daniel Starrason og Aníta Eldjárn.

Myndir úr safni Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.

Myndir úr safni Háskólans á Akureyri.

Grafísk vinnsla: Margrét Káradóttir

ISSN – L 1670 – 4894

EFNISYFIRLIT

| | |
|---------------------------------------------------|----|
| Skipurit og stjórn | 4 |
| Reglur og stefnumál..... | 7 |
| Formáli rektors | 8 |
| Starfsfólk..... | 10 |
| Gæðamál | 12 |
| Góðvinir Háskólans á Akureyri..... | 13 |
| Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið..... | 15 |
| Hug- og félagsvísindasvið | 24 |
| Miðstöð skólaþróunar – MSHA | 33 |
| Miðstöð doktorsnáms og stjórnáskránnáms..... | 36 |
| Fjármál og greining | 39 |
| Markaðs- og kynningarmál..... | 40 |
| Miðstöð alþjóðasamskipta..... | 44 |
| Nám og stúdentar | 46 |
| Nemendaráðgjöf | 49 |
| Nemendaskrá..... | 51 |
| Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – RHA | 52 |
| Upplýsingaþjónusta og bókasafn | 55 |
| Kennslumiðstöð KHA | 58 |
| Stúdentafélag Háskólans á Akureyri – SHA | 59 |
| Félagsstofnun stúdenta á Akureyri – FÉSTA | 61 |
| Símenntun Háskólans á Akureyri | 62 |
| Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri | 64 |
| Rannsóknamiðstöð ferðamála – RMF | 66 |
| Eitt og annað..... | 68 |
| Ársreikningur 2025..... | 74 |
| Vetrarbrautskráning..... | 76 |
| Ávarp rektors..... | 78 |
| Háskólahátíð –Brautskráning..... | 82 |
| Ávarp rektors..... | 87 |
| Brautskráðir | 90 |

SKIPURIT HA 2025



Samþykkt af háskólaráði 2022

STJÓRN

Stjórn háskólans er falin Háskólaráði og rektor. Háskólaráð hefur æðsta ákvörðunarvald innan skólans. Það mótar heildarstefnu, setur háskólanum reglur og ber ábyrgð á að skólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli. Fastar nefndir og ráð skólans starfa í umboði Háskólaráðs. Háskólaráð hélt tólf fundi frá janúar til desember 2025.

Háskólafundur er haldinn að minnsta kosti einu sinni á ári. Hann er samráðsvettvangur fulltrúa fyrir umræðu um fagleg málefni innan háskólans og akademíska stefnumótun. Fulltrúar stúdenta, akademísku starfsfólks og starfsfólks við stjórnslu og stoðþjónustu sitja háskólafundum. Háskólafundur var haldinn 10. júní 2025.

Háskólinn starfar sem tvö fræðasvið, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið. Háskólaskrifstofa og einingar hennar annast stoðþjónustu fyrir starfsemi háskólans og Rektorsskrifstofa hefur umsjón með málefnum sameiginlegrar stjórnslu og ber ábyrgð á að starfsemi háskólans sé í samræmi við gildandi lög og reglur og góða stjórnsluhætti. Rektor heldur reglulega samráðsfundi með forsetum fræðasviða og öðrum yfirstjórnendum. Þessa fundi sitja ásamt rektor; aðstoðarrektor, forsetar fræðasviða, framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu, skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu og gæða- og mannauðsstjóri.

STJÓRN

Háskólaráð er skipað skv. lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, með síðari breytingum.

Háskólaráð var þannig skipað til apríl 2025:

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor,
formaður Háskólaráðs

Fulltrúi ráðherra:

Kristrún Lind Birgisdóttir,
til vara Karl Frímansson

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent,
til vara Kjartan Sigurðsson lektor
Sigríður Margrét Sigurðardóttir lektor,
til vara Hjördís Sigursteinsdóttir
dósent

Fulltrúar stúdenta:

Lilja Margrét Óskarsdóttir,
til vara Silja Rún Friðriksdóttir

Fulltrúar háskólaráðs:

Bjarni Jónasson og Dagmar Ýr
Stefánsdóttir, til vara
Katrín Björg Ríkarðsdóttir

Eftirfarandi breytingar voru á háskólaráði á nýju skólaári eða frá ágúst 2025:

Áslaug Ásgeirsdóttir rektor,
formaður Háskólaráðs

Fulltrúi ráðherra:

Unnar Jónsson, til vara
Sædís Gunnarsdóttir

Fulltrúar háskólasamfélagsins:

Guðmundur Kristján Óskarsson dósent
og Sigríður Sía Jónsdóttir dósent,
til vara Helena Sigurðardóttir
kennsluráðgjafi og Yvonne Höller
prófessor

Fulltrúar stúdenta:

Rakel Rún Sigurðardóttir, til vara
Sara Lind Sigurðardóttir.

Fulltrúar háskólaráðs:

Ottó Elíasson og Bryndís Fiona Ford,
til vara Bjarni Jónasson

Rektor:

Áslaug Ásgeirsdóttir

Aðstoðarrektor

Elín Díanna Gunnarsdóttir

Skrifstofustjóri Rektorsskrifstofu:

Sindri S. Kristjánsson

Framkvæmdastjóri Háskólaskrifstofu:

Hólmar Erlu Svansson

Gæða- og mannauðsstjóri:

Vaka Óttarsdóttir

Fræðasvið og forsetar fræðasviða

Fræðasviðin eru tvö, skv. reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022, Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið og Hug- og félagsvísindasvið.

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

Brynjar Karlsson

Hug- og félagsvísindasvið:

Thomas Barry

Forstöðumaður miðstöðvar alþjóðasamskipta:

Rúnar Gunnarsson

Forstöðumaður

Fjármála og greiningar:

Helga María Pétursdóttir

Forstöðumaður Bókasafns og upplýsingaþjónustu:

Astrid Margrét Magnúsdóttir

Forstöðumaður nemendaráðgjafar:

Árný Þóra Ármannsdóttir til 1. júní 2025
María Jónsdóttir frá 1. júní 2025

Samskiptastjóri

Silja Jóhannesar Ástudóttir

Forstöðumaður

Rannsóknamiðstöðvar HA – RHA:

Arnar Þór Jóhannesson

Forstöðumaður

Kennslumiðstöðvar HA:

Auðbjörg Björnsdóttir

Forstöðumaður

Miðstöðvar doktorsnáms

og stjórnýslu rannsókna:

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Forstöðumaður Rekstrar fasteigna:

Gunnar Rúnar Gunnarsson

Forstöðumaður Símenntunar:

Stefán Guðnason



REGLUR OG STEFNUMÁL SAMÞYKKT Í HÁSKÓLARÁÐI 2025

Samþykkt í Háskólaráði 30. janúar:

Stefna Háskólans á Akureyri til ársins 2030.

Ný námsleið í hjúkrun hjartveikra og sykursjúkra.

Breytingar á skipuriti Háskólans á Akureyri vegna staðsetningar Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og Rannsóknaseturs í lögreglufræði.

Samþykkt í Háskólaráði 27. febrúar:

Samþykkt að veita dr. Jóhanni Páli Árnasyni, prófessor emeritus við La Trobe háskóla, heiðursdoktorsnafnbót við Háskólann á Akureyri.

Samþykkt að skipa Guðrúnu Rósu Þórsteinsdóttur, forstöðumann Miðstöðvar doktorsnáms, tímabundið sem formann stjórnar Vísindasjóðs Háskólans á Akureyri.

Ein viðbótarumsókn um rannsóknamisseri 2025-2026 samþykkt.

Náms- og kennsluskrá 2025-2026.

Tímabundnar breytingar á skipan síðanefndar.

Samþykkt í Háskólaráði 27. mars:

Endurskoðuð upplýsingaöryggisstefna Háskólans á Akureyri, án breytinga.

Fjöldatakmörkanir í hjúkrunarfræði vegna vormisseris 2026.

Fjöldatakmörkanir í sálfræði vegna vormisseris 2026.

Samþykkt í Háskólaráði 30. apríl:

Samþykkt að fela rektor að skipa þriggja manna kærunefnd í samræmi við 4. mgr. 44. gr. reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 694/2022.

Samþykkt að fela starfsmanni háskólaráðs að taka saman á einn aðgengilegan stað öll skjöl sem fyrir liggja varðandi samtalið við Háskólann á Bifröst sem og umfjöllun og bókanir háskólaráðs þar að lútandi.

Samþykkt í Háskólaráði 28. maí:

Breytingar á reglum nr. 822/2022 um doktorsnám og doktorspróf við Háskólann á Akureyri.

Samþykkt í Háskólaráði 19. júní:

Ekkert samþykkt.

Samþykkt í Háskólaráði 21. ágúst:

Tilnefningar fulltrúa háskólaráðs í háskólaráð 2025–2027 samþykktar sem hér segir:

Ottó Elíasson, framkvæmdastjóri EIMS – aðalfulltrúi

Bryndís Fiona Ford, framkvæmdastjóri Austurbrúar – aðalfulltrúi

Bjarni S. Jónasson, fyrrv. forstjóri SAK – varafulltrúi

Samþykkt í Háskólaráði 28. ágúst:

Samþykkt að gera breytingu á kennsluálfun Háskólans á Akureyri þannig að Háskólahátíð 2026 fari fram dagana 19. og 20. júní 2026 og rektor falið að koma breytingunum til framkvæmda.

Rök og niðurstöður, sem fram komu í áliti kærunefndar í málefnum stúdenta í máli nr. 1/2025, samþykktar og kröfum kæranda í málinu hafnað.

Skipan í doktorsnámsráð.

Skipan í stjórn Vísindasjóðs.

Breytingar á reglum nr. 921/2018 um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

Samþykkt í Háskólaráði 25. september:

Tillaga að ákvörðun um innritun í háskólann um áramótin 2025–2026.

Samþykkt í Háskólaráði á framhaldsfundi 1. október:

Samþykkt að slíta viðræðum við Háskólann á Bifröst um hugsanlega sameiningu háskólanna.

Skipan í stjórn Végeirsstaðasjóðs.

Skipan í rannsóknamissieranefnd.

Skipan í fagråd um viðbrögð við einelti, ofbeldi, kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan Háskólans á Akureyri.

Samþykkt í Háskólaráði 30. október:

Leiðbeinandi stefna um ábyrga notkun gervigreindar við Háskólann á Akureyri.

Samþykkt að fela rektor að skipa fulltrúa og varafulltrúa í stjórn Góðvina og tilkynna háskólaráði um niðurstöðuna.

Verklagsreglur um framkvæmd doktorsvarna við HA.

Samþykkt í Háskólaráði 27. nóvember:

Tillaga að breytingum á meistaranámi í iðjuþjálfunarfræði, með fyrirvara um samsvarandi breytingar ráðuneytis á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur iðjuþjálfara og skilyrði til að hljóta starfsleyfi, nr. 1221/2012, með síðari breytingum.

Tillaga að nýju námi í lagareldi.

Breytingar á verklagsreglum um sértæk úrræði í námi við Háskólann á Akureyri.

Gæðastefna Háskólans á Akureyri.

Samþykkt í Háskólaráði 18. desember:

Framlögð fjárhagsáætlun Háskólans á Akureyri fyrir árið 2026.

Framlögð tillaga rannsóknamissieranefndar um úthlutun rannsóknamissera fyrir 2026–2027.

Skipan í stjórn Góðvina Háskólans á Akureyri.



FORMÁLI REKTORS

Ársskýrsla Háskólans á Akureyri 2025 teiknar upp mynd af stækkandi háskóla, aukinni rannsóknarvirkni og eftirsóttum vettvangi til náms og starfa. Þetta er ánægjuleg þróun og staðfesting á því góða starfi sem hér er unnið frá degi til dags. Þessum vexti fylgja þó vissulega áskoranir, sérstaklega fjárhagslegar, því fjármagn sem fylgir fleiri stúdentum og aukinni rannsóknarvirkni tekur mörg ár að skila sér.

Fjölbreytt námsval og nám sem hægt er að stunda í heimabyggð með reglulegum námslotum á Akureyri er umhverfi sem stúdentar sækja í. Síðasta haust hófu rúmlega 3200 stúdentar nám við Háskólann á Akureyri og er það stærsti nýnemahópur hingað til. Stúdentar okkar eru búsettir út um allt land og einnig erlendis því Háskólinn á Akureyri veitir Íslendingum aðgengi að námi hvar sem þeir búa. Þó að meirihluti stúdenta búi utan Eyjafjarðar þá er ánægjulegt að sjá að sýnileiki stúdenta sem kjósa að búa á Akureyri meðan á námi stendur er að aukast. Viðvera þeirra í skólanum ber þess merki og einkar gaman að sjá hversu lifandi háskólasvæðið er flesta daga.

Fleiri stúdentum fylgja fleiri brautskráningar og var árið 2025 metár hvað það varðar. Alls brautskráðust 88 kandídatar á vetrarbrautskráningu í febrúar og 591 kandídat á háskólahátíð í júní, eða samtals 679 brautskráningar. Þetta er ánægjuleg þróun og stækkar hóp brautskráðra stúdenta frá Háskólanum á Akureyri sem daglega auðgar íslenskt samfélag og hagkerfi.

Háskólar eru samfélag starfsfólks, stúdenta, kennara og rannsakennda. Háskólinn á Akureyri hefur þá gæfu til að bera að hér vinnur öflugt fólk sem sinnir störfum sínum af alúð. Hefur háskólinn unnið markvisst að því að bæta aðstöðu starfsfólks og er ein birtingarmynd þess starfs góður árangur í könnunum sem mæla ánægju í starfi og námi. Við erum stolt af því að við mælumst hátt í Stofnun ársins og hæst opinberra háskóla. Um 89% stúdenta á þriðja ári við HA voru 2025 eru algjörlega eða mestu leyti sammála því að þau séu ánægð með námið við háskólann. Einnig eru brautskráðir HA-ingar ánægðir með námið sem þau luku eða um 88%. Við erum stolt af þessum árangri.

Rannsóknir skapa nýja þekkingu og eru órjúfanlegur hluti af háskólastarfi. Þær styðja líka við kennslu og samfélagslega umræðu. Undanfarnir ár hefur Háskólinn á Akureyri eflt stuðning við rannsóknarstarfsemi. Með uppbyggingu Miðstöðvar doktorsnáms og með ráðningu rannsóknarstjóra er stutt við aukna rannsóknarstarfsemi og haldið vel utan um hóp doktorsnema við skólann. Þetta er lyklatríði í að auka sókn í utanaðkomandi styrki og eflingu

rannsóknna við háskólann. Á síðasta ári var metár umsókna til Rannís frá okkar starfsfólki og mikil virkni og árangur er í sókn í erlenda sjóði. Einnig kláruðu fjórir kennarar við skólann doktorspróf á árinu og sjálf brautskráðum við einn doktorsnema með doktorspróf í hjúkrunarfræði.

Í byrjun árs 2025 staðfesti Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið niðurstöður erlendra úttektarnefndar og fékk Háskólinn á Akureyri leyfi til að bjóða upp á doktorsnám í sálfræði og menntavísindum. Þessar viðurkenningar byggðu á mikilli vinnu starfsfólks skólans og skilaði vinnan sér í mjög góðri umsögn úttektaraðila um starf deildanna og umgjörðina um doktorsnámið. Þessi uppbygging doktorsnáms í nær öllum deildum háskólans mun auka rannsóknarvirkni til framtíðar.

Fyrsta janúar 2025 tók HA við rekstri Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar (SVS), en áður var stofnunin innan umhverfisráðuneytisins. SVS er ein öflugasta miðstöð norðurlóðarannsóknna á Íslandi og á sameiningu hennar við HA eftir að styrkja rannsóknarstarf enn frekar.

Eitt af hlutverkum háskóla er að miðla rannsóknum og vísindum og hefur HA unnið að því að gera aðgengi að háskólanum og starfsemi hans enn meira. Í fyrra var boðið upp á kynnisferðir um skólann og 170 opna viðburði ásamt því að okkar kennarar og starfsfólk tók virkan þátt í ýmis konar ráðstefnum hérlandis og erlendis og í samfélagsumræðu. Þá fékk HA í fyrsta skipti viðurkenningu Rannís fyrir Vísindamiðlun ársins fyrir verkefnið Vísindaskóli unga fólksins.

Aukið námsframboð styður við vöxt háskólans og má þar meðal annars nefna nýjar námsbrautir á meistarastigi í hjúkrun. Síðasta haust innritaðist einnig fyrsti hópur stúdenta í diplómanám fyrir einstaklinga með fjölþættar stuðningsþarfir og hefur verið ánægjulegt að fylgjast með velgengni þessa hóps í vetur. Þetta verkefni var stutt af samstarfsjóði háskólanna og er það von Háskólans á Akureyri að stjórnvöld finni leið til að fjármagn fylgi áfram slíku námi og tryggji þannig áframhald þessarar námsleiðar sem gefur einstaklingum með fjölþættar stuðningsþarfir sem búa á Akureyri og nágrenni aðgengi að námi við háskóla.

Markmið háskólans er að hér vinni allir ofangreindir hópar saman í þá átt að Háskólinn á Akureyri verði fremstur meðal jafningja hvað varðar öll hlutverk opinberra háskóla og enn framar hvað varðar að bjóða ávallt upp á gæði sem standast kröfur samtímans.

Á síðasta ári hófust aftur viðræður við Háskólann á Bifröst um hugsanlega sameiningu háskólanna. Farið var ofan í saumana á verkefninu og leitað eftir álit lögfræðinga á því hvernig mætti sameina opinberan háskóla og sjálfseignarstofnun. Eftir að hafa skoðað álit lögfræðinga ítarlega ákvað háskólaráð Háskólans á Akureyri að slíta sameiningarviðræðunum þann 1. október. Sú ákvörðun var tekin með framtíðarhagsmunum Háskólans á Akureyri að leiðarljósi. Hún endurspeglar ábyrgð gagnvart stúdentum, starfsfólki og samfélaginu.

Sameiningarviðræðurnar minntu nærsamfélagið á mikilvægi þess að hafa sjálfstæðan háskóla á Akureyri, háskóla sem er í virku samstarfi við opinbera aðila og atvinnulíf. Þessi samvinna styrkir hlutverk háskólans sem þekkingarsamfélags á landsbyggðinni, með skírskotun til Íslands alls enda ber háskólinn víðtæka samfélagslega ábyrgð.

Ársskýrsla þessi dregur upp mynd af stækkandi háskóla sem mætir áskorunum daglega. Helsta ber þar að nefna minnkandi fjármagn á hvern nemanda á Íslandi sem gerir okkur erfiðara fyrir að tryggja háskóla sem stendur á traustum grunni og veikir möguleika sjálfstæðs þekkingarsamfélags á Norðurlandi. Ársskýrslan sýnir þó líka hvernig Háskólinn á Akureyri hefur vaxið og styrkst á árinu 2025 – ekki aðeins að umfangi, heldur einnig að innihaldi og áhrifum sem eykur bjartsýni á frekari uppbyggingu þrátt fyrir áskoranir. Með skýra sýn, sterkt samfélag fólks og ábyrgð að leiðarljósi er háskólinn vel í stakk búinn til að takast á við næstu skref og halda áfram að móta framtíð menntunar, rannsókna og samfélags á Íslandi.

Árangur okkar byggir á vinnu ólíkra einstaklinga sem gegna mismunandi hlutverkum. Saman mynda stúdentar, starfsfólk og samstarfsaðilar lífandi samfélag þar sem ábyrgð og metnaður ganga hönd í hönd. Þrátt fyrir áskoranir sem fylgja vexti hefur okkur tekist að skila góðri vinnu og gera okkur sýnilegri. Þannig höldum við áfram að skapa, miðla og varðveita þekkingu í þágu samfélagsins. Gangi okkur áfram vel á þessari vegferð.

Aslaug Asgeirsdóttir

STARFSFÓLK

Framgangur

Rektor veitir framgangur samkvæmt reglum nr. 725/2023 um framgangur akademískis starfsfólks við Háskólann á Akureyri. Framgangur er veittur frá 1. júlí ár hvert, en flýttiframgangur frá sama tíma og nýráðning hefst.

Eftirtalið starfsfólk hlaut framgangur 1. júlí 2025:



**Dr. Hulda Sædís
Bryngveisdóttir** hlaut framgangur í stöðu dósents við Hjúkrunarfræðideild



Dr. Rannveig Björnsdóttir hlaut framgangur í stöðu prófessors við Auðlindadeild



**Dr. Sigrún Kristín
Jónasdóttir** hlaut framgangur í stöðu dósents við Iðjuþjálfunarfræðideild



Dr. Vífill Karlsson hlaut framgangur í stöðu prófessors við Viðskiptadeild



Dr. Hilal Sen Harma hlaut framgangur í stöðu dósents við Sálfræðideild



GÆÐA- OG MANNAUÐSMÁL

Markvisst var unnið að eflingu gæða- og mannauðsmála á árinu með áherslu á að styðja við stefnu skólans um öflugt, inngildandi og faglegt háskólasamfélag. Starfsemi gæða- og mannauðsteymis byggir á samþættingu þessara tveggja málaflokka, þar sem lögð er áhersla á að þróa ferla, efla þjónustu og styrkja starfsumhverfi með öflugum stuðningi við stjórnendur og starfsfólk.

Í gæðamálum var áfram unnið að þróun gæðakerfis skólans til samræmis við nýjan gæðaramma. Áhersla var lögð á lykiltölur, greiningar, mælaborð og áframhaldandi uppbyggingu gæðahandbókar, auk þess sem unnið var að undirbúningi og eftirfylgni innri og ytri úttekta. Gæðaráð gegnir lykilhlutverki í þessari vinnu og tryggir samræmi við ytri kröfur og innri markmið. Þá var unnið að því að bæta yfirsýn og aðgengi að gögnum til stuðnings ákvarðanatöku.

Í mannauðsmálum var starfsemi teymisins skipulögð í verk-efnastólpa sem ná yfir lykilþætti eins og ráðningar, fræðslu, starfsþróun, stjórnendabjálfun, samskipti og vellíðan starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að efla stuðning við stjórnendur, m.a. með stuttum reglulegum fundum og aukinni fræðslu. Einnig var unnið að áframhaldandi þróun móttöku nýs starfsfólks og stuðningi við erlent starfsfólk í samstarfi við jafnréttisráð.

Niðurstöður úr mælingum, meðal annars úr könnuninni Stofnun ársins, sýna að háskólinn stendur vel og er þriðja árið í röð hæstur af þeim háskólum sem eru með í könnuninni. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá niðurstöður þátta er varða stjórnun, starfsanda og jafnrétti. Hins vegar sýna niðurstöður að óánægja með laun er mikil og að starfsfólk upplifir mikið álag.

Mikil áhersla hefur verið lögð á verkefni til að styðja við heilsu og vellíðan síðustu ár. Fengnir hafa verið sérfræðingar til að útbúa æfingaáætlanir fyrir bæði lyftingar og líkamsrækt, farið var í samstarf við lðjubjálfunardeild til að útbúa fræðsluefni varðandi líkamsbeitingu. Einnig hefur verið boðið upp á fræðslu varðandi andlega líðan s.s. varðandi svefn, streitu og nú síðast var Edda Björgvinsdóttir með fyrirlestur um gleði á vinnustað. Einnig hafa öll sem starfa hjá háskólanum aðgang að velferðarþjónustu þar sem fjölbreyttur stuðningur er í boði. Verkefni næsta árs eru að skoða möguleika á því hvernig nýta má gervigreind til að minnka álag.

Samstarf við aðrar einingar innan háskólans var aukið, sérstaklega við fjármál og greiningu, með það að markmiði að bæta skráningu og nýtingu gagna. Þá var einnig leitað til alþjóðlegs samstarfs og þátttaka í ráðstefnum og verkefnum nýtt til að sækja innblástur og miðla þekkingu, meðal annars á sviði jafnréttis, inngildingar og ráðningaferla.

Áfram verður unnið að því að þróa gæðakerfi og mannauðsstjórnun með skýrum markmiðum, mælanlegum árangri og aukinni áherslu á gögn, gagnsæi og stuðning við starfsfólk og stjórnendur.

Gæðaráð var þannig skipað árið 2025:

Aðalbjörn Jóhannsson,
fulltrúi stúdenta

Andrea S. Hjálmsdóttir,
fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs

Garðar Ágúst Árnason,
fulltrúi Hug- og félagsvísindasviðs

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir,
fulltrúi Stjórnsýslu og stoðþjónustu

Heiða Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri,
fulltrúi Stjórnsýslu og stoðeininga

Kristinn Pétur Magnússon,
fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

Kristín Linda H. Hjartardóttir lektor,
fulltrúi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

Lilja Margrét Óskarsdóttir,
fulltrúi stúdenta

Lísbet Hannesdóttir verkefnastjóri gæða- og
mannauðsmála, ritari gæðaráðs

Rakel Rún Sigurðardóttir,
fulltrúi stúdenta

Stefán Jóhannsson sérfræðingur gagnagreiningar,
fulltrúi Stjórnsýslu og stoðþjónustu

Vaka Óttarsdóttir gæða- og mannauðsstjóri,
formaður gæðaráðs

GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Canva – [Skýrsla stjórnar aðalfundur 2025](#)

Góðvinir HA eru samtök nemenda sem brautskráðir eru frá HA og annarra velunnara háskólans.

- Góðvinir efna til endurfunda, fagna útskrift og safna fjármunum í stofnfjárskjóð
- Góðvinir heiðra afburðanemendur við brautskráningu
- Góðvinir standa fyrir verkefnum til að efla skólann
- Góðvinir bera hag Háskólans á Akureyri fyrir brjósti

Háskólahátíð

Háskólahátíð 2025 var haldin 13. og 14. júní og skiptist í fjórar brautskráningar. Fyrri daginn var brautskráning stúdenta úr framhaldsnámi og þann seinni var brautskráning stúdenta úr grunnnámi, skipt eftir sviðum, og kandiðata með diplómu af grunnstigi.

Góðvinir veittu viðurkenningar þeim kandiðötum sem unnið höfðu óeigingjarnt starf í þágu háskólans meðan á námstíma stóð. Þrjár hlutu heiðursviðurkenningar að þessu sinni:

- **Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:** Lilja Margrét Óskarsdóttir, kandiðat í iðjubjálfunarfræði og Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, kandiðat í viðskiptafræði.

- **Hug- og félagsvísindasvið:** Bryndís Eva Stefánsdóttir, kandiðat í kennarafræði.

Viðurkenningin er gullnæla úr smíði Kristínar Petru Guðmundsdóttur gullsmíðs og einnig sérprentað viðurkenningarskjal. Þetta var í 21. sinn sem viðurkenning Góðvina er veitt. Hér má sjá frétt um úthlutun viðurkenninga.

Góðvinir, í góðu samstarfi við stúdenta, stóðu vakt á brautskráningardögum, hvöttu kandiðata og aðra gesti til að skrá sig í félagið og höfðu til sölu barmmerki Góðvina. Þá var í fyrsta sinn sett kynningarblað með upplýsingum um Góðvina í brautskráningarumslag hvers kandiðats.

Aðalfundur

Aðalfundur Góðvina fyrir árið 2025 fór fram rafrænt 30. september.

Aðalstjórn skipa:

- Sigrún Stefánsdóttir, formaður
- Jonathan Wood, gjaldkeri
- Bragi Guðmundsson (tilnefndur af Háskólaráði)
- Gunnar Már Gunnarsson (tilnefndur af Háskólaráði)
- Silja Rún Friðriksdóttir, fulltrúi SHA



Heiðursviðurkenning Góðvina Háskólahátíð 2025
– Lilja Margrét Óskarsdóttir stúdent í iðjubjálfunarfræði.



Heiðursviðurkenning Góðvina Háskólahátíð 2025
– Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir kandiðat í viðskiptafræði.

GÓÐVINIR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Varastjórn skipa:

- Kristjana Hákonardóttir
- Þorsteinn Gunnarsson
- Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
- Sigurjón Þórsson
- Dagbjört Elva Kristjánsdóttir, fulltrúi SHA

Silja Jóhannesar Ástudóttir, samskiptastjóri HA, er starfskraftur Góðvina.

Verkefni Góðvina

Starfsár nýrrar stjórnar fór vel af stað með 1. fundi nýrrar stjórnar í október 2025. Á fundinum voru kynnt tvö ný verkefni, annars vegar Veganesti sem er mánaðarlegt viðtal við brautskráðan kandídat frá HA og hins vegar Opið hús sem er fyrirlestraröð

þar sem almenningi er boðið í húsnæði háskólans til að hlýða á sérfræðinga flytja áhugaverð erindi á sínu sviði. Opið hús verður í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands eystra, Sjúkrahúsið á Akureyri, Eldri borgara á Akureyri og Virk efri ár – Akureyrarbæ.

Fyrsta viðtal Veganestis var birt í nóvember og má finna á [Facebook síðu Góðvina](#) ásamt fleiri viðtölum í greinaflokknum.

Verkefni framundan

Áætlað er að Opið hús fari af stað á vormisseri 2026. Þá er einnig stefnt að fjölgun félaga í Góðvinum ásamt því að bjóða fyrirtækjum að gerast meðlimir. Í þessu skyni var settur á vinnudagur stjórnar í febrúar árið 2026.



Heiðursviðurkenning Góðvina Háskólahátíð 2025
– Bryndís Eva Stefánsdóttir.



Heiðursviðurkenning Góðvina Vetrarbrautskráningaráttíð 2025
– Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ



HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Meginmarkmið Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri (HVR) er að bjóða upp á öflugt háskólanám á grunn-, meistara- og doktorsstigi. Deildir sviðsins voru fimm til 1. júlí 2024 en þá sameinuðust tvær deildir vegna skipulagsbreytinga. Auk kennslu fer fram öflugt rannsóknastarf á sviðinu í heilbrigðisvísindum, viðskiptafræði og auðlindafræði. Allt nám við HVR er með sveigjanlegu námsformi sem skapar sérstöðu meðal íslenskra háskóla.

Á grunnstigi býður sviðið upp á nám til BS-gráðu í auðlindafræði, hjúkrunarfræði, iðjubjálfunarfræði og viðskiptafræði auk grunnnáms til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða á kjörsviðum öldrunar- og heimahjúkrunar og samfélagsgeðhjúkrunar. Háskólinn á Akureyri er eini íslenski háskólinn sem býður upp á nám í iðjubjálfunarfræði, fagnám fyrir sjúkraliða og sérhæft nám í líftækni og sjávarútvegsfræðum. Nám í tölvunarfræði hefur verið í boði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík auk náms í tæknifræði sem hófst haustið 2023.

Á framhaldsstigi er nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á fimm kjörsviðum auk meistaranáms í klínískri geðhjúkrunar-

Doktorsnám við HVR er í boði á sviði líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræða, viðskiptafræði og heilbrigðisvísinda. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfræðileg og unnin í nánu samstarfi deilda innan sviðsins sem og í samstarfi við önnur fræðasvið háskólans og innlenda jafnt sem erlenda háskóla, stofnanir og fyrirtæki. Erlendir sérfræðingar eru gjarnan ráðnir til kennslu og rannsókna við fræðasviðið, meðal annars í tengslum við Fulbright-samstarf. Gott samstarf vegna rannsókna og kennslu er við fyrirtæki í íslensku atvinnulífi og gefur það námi á sviðinu hagnýta vídd. Kennarar stunda öflugar rannsóknir í alþjóðlegu samhengi og í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki, meðal annars undir merkjum Erasmus, Nordplus (Nobanet, EkoTekNord), COST og ESPON. Það styrkir verulega grundvöll rannsóknartengds meistaranáms og doktorsnáms við fræðasviðið.

Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri og Sjúkrahússins á Akureyri (HNSA) er samstarfsvettvangur stofnananna tveggja og er starfsemin nátengd heilbrigðisdeildum sviðsins. Einnig er Rannsóknamiðstöð sjálfsvígsforvarna, þverfræðileg rannsóknamiðstöð, starfrækt á sviðinu.

Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri veitir stjórnvöldum ráðgjöf og vinnur að innlendum og alþjóðlegum rannsókna- og þróunarverkefnum. Miðstöðin starfar í nánum tengslum við Auðlinda-deild og einn þáttur í þeim tengslum er formlegt samstarf um Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna – GRÓ. Þekkingarmiðstöð þróunar-samvinnu (GRÓ – Fisheries Training Programme,

GRÓ-FTP) rekur Sjávarútvegsskólann undir merkjum UNESCO og utanríkisráðuneytisins og felst samstarfið í leiðbeiningu nemenda og námskeiðum sem haldin eru við HA. Einnig rekur Sjávarútvegsmiðstöðin Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Fiskeldisskóla unga fólksins á sumrin í samvinnu við fyrirtæki og sveitarfélög víða um land.

Annað

Stúdentum fjölgaði nokkuð við sviðið árið 2025. Námspláss á vormisseri fyrsta námsárs í hjúkrunarfræði eru 75 talsins og þreyttu 138 nemendur öll samkeppnispróf, alls voru nemendur deildarinnar 664. Nemar í iðjubjálfunarfræðideild á haustmisseri voru alls 105 talsins. Þar af hófu 36 BS-nám á haust-

Á framhaldsstigi er nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum á fimm kjörsviðum auk meistaranáms í klínískri geðhjúkrunarfræði í samstarfi við Háskóla Íslands.

fræði í samstarfi við Háskóla Íslands. Á árinu voru fyrstu nemarnir innritaðir í nýtt MS nám í hjúkrunarfræði, hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma og sykursýki auk klíníks heilsugæslunáms sem er í boði á tveimur kjörsviðum, heilsuvernd barna og unglínga og heilsugæsla fullorðinna. Einnig er boðið upp á nám til MS-gráðu í auðlindafræðum auk 90 ECTS-eininga MM og MS náms á sviði stjórnunar í Viðskiptadeild. Enn fremur er í boði nám til MRM-gráðu í haf- og strandsvæðastjórnun sem fer fram við Háskólasetur Vestfjarða á Ísafirði. Þá er boðið upp á starfsréttindánám á meistarastigi fyrir iðjubjálfa í framhaldi af BS-gráðu. Nám í heilabilunarráðgjöf til viðbótardiplómu á framhaldsstigi hófst árið 2024 og voru 19 nemendur innritaðir á haustmisseri 2025.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

misseri og 27 nemendur innrituðust í starfsréttindanam í iðjubjálfun. Í Viðskiptadeild voru alls 535 nemendur og við Auðlindadeild 179 nemendur, 76 nemendur í líftækni og 36 í sjávarútvegsfræði. Nemendur sem stunduðu nám á sameiginlegri námsleið deildanna í viðskipta- og sjávarútvegsfræði voru 30. Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík voru 37 nemendur í grunnnámi í tölvunarfræði og 12 nemendur í tæknifræði. Á framhaldsstigi voru um 370 stúdentar í námi í lok árs, þar af voru 141 í meistaranámi í heilbrigðisvísindum og hjúkrunarfræði og 168 í meistaranámi í stjórnun við Viðskiptadeild. Í samstarfi við Háskólann í Reykjavík voru 4 í framhaldsnámi starfrænni heilbrigðistækni. Í Nemendur í meistaranámi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða voru 68. Á árinu var áfram markvisst unnið að endurnýjun og uppfærslu tækja og búnaðar á rannsóknastofum sviðsins sem bæði þjóna verklegri kennslu og rannsóknnum starfsfólks.

Skipting í deildir

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Auðlindadeild, Hjúkrunarfræðideild, Iðjubjálfunarfræðideild og Viðskiptadeild.

Doktorsnám

Níu doktorsnemar stunduðu nám við fræðasviðið.

Auðlindavísindi:

Alexandra Georganti-Ntaliapè innritaðist í september 2024 og vinnur að rannsóknnum á beitingu líftækni til hömlunar á skaðlegum þörungablóma undir leiðsögn Odds Þórs Vilhelmssonar prófessors og Margrétar Auðar Sigurbjörnsdóttur dósents. Verkefnið er styrkt af Horizon Europe og er hluti af doktorsnemanetinu *PatHogens of Algae for Biocontrol and Biosecurity (PHABB)*. Það er unnið í samvinnu við rannsóknastofnanir víðs vegar um Evrópu og verkefnisstjórn er í höndum Náttúruminjafnsins í París.

Ashani Arulananthan innritaðist í september 2023 og vinnur að rannsóknnum á áhrifum perflúoróalkýlefna á kísilþörungum og samlífisörverur þeirra. Verkefnið er leitt af Bettinu Schloz hjá líftækniyrirtækinu BioPol og eru Oddur Þór Vilhelmsson prófessor og Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir dósent fyrir hönd HA. Verkefnið er styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs.

María Dís Ólafsdóttir innritaðist í ágúst 2023 og vinnur að rannsókn á íslensku laxaroði undir leiðsögn Rannveigar Björnsdóttur dósents. Auk hennar eiga sæti í doktorsnefnd Maríu vísindafólk frá Háskólanum á Hólum, Háskóla Íslands og Íslenska sjávarklasnum. Verkefnið hefur m.a. hlotið sprotastyrk frá Rannís.

Theodore Squires innritaðist í ágúst 2021 og vinnur hann að rannsóknnum á erfðamengi rjúpu undir leiðsögn Kristins P. Magnússonar prófessors, meðleiðbeinandi er Eva Charlotte Halapi, dósent við Hjúkrunarfræðideild. Doktorsverkefni hans heitir *Ecological Genomics of Rock Ptarmigan*. Samstarfsaðilar eru Háskólinn á Akureyri, Náttúrufræðistofnun Íslands, Uppsala Universitet og Boise State University.

Heilbrigðisvísindi:

Elín Arnardóttir innritaðist í febrúar 2020 og vann að rannsóknnum á sykursýki tegund 2. Doktorsverkefni hennar heitir *Mat á áhættu að fá sykursýki tegund 2: Áhrif af hjúkrunarstýrðri fræðslu innan heilsugæslu, slembuð rannsókn með íhlutun*. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið kynntar á ráðstefnum og þriðja vísindagrein verkefnisins fór í birtingu 2024. Aðalleiðbeinandi Elínar er Árún Kr. Sigurðardóttir prófessor. Doktorsvörn Elínar fór fram þann 14. nóvember 2025 og er hún fyrst til að ljúka doktorsprófi í hjúkrunarfræði við háskólann.

Kristrún María Björnsdóttir innritaðist í september 2024 og vinnur að rannsókninni *Heilsuferðalagið – langtímarannsókn á Íslendingum fæddum 1988*. Rannsóknin mun vera ein af fyrstu rannsóknnum á Íslandi sem skoðar ítarlega langtímaþróun á heilsufarstengdum þáttum á mótunarárunum frá unglingsaldri til fullorðinsára. Gagnasöfnun rannsóknarinnar hófst að hausti 2024 og lýkur í júní 2025. Aðalleiðbeinandi er Erlingur Sigurður Jóhannsson prófessor við HÍ og meðleiðbeinandi Nanna Ýr Arnardóttir lektor.

Lada Zelinski innritaðist í september 2022 og vinnur að rannsókn á skammdegisþunglyndi. Doktorsverkefni hennar heitir: *Áhrif umhverfistengdra, lífeðlisfræðilegra og hugrænna áhættuþátta á árstíðabundnar lyndissveiflur*. Aðalleiðbeinendur eru Ragnar Pétur Ólafsson prófessor við HÍ og Yvonne Höller prófessor við Hug- og félagsvísindasvið HA, meðleiðbeinandi er Gísli Kort Kristófersson prófessor við Hjúkrunarfræðideild HA. Lada er meðhöfundur að fjórum innsendum greinum og tvær af þremur greinum sem mynda ritgerð hennar eru að

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

nálgast skil. Hún hefur einnig kynnt verk sín á innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum. Í júní færðist doktorsverkefni hennar til Félagsvísindadeildar þegar samþykkt fékkst fyrir doktorsnámi í félagsvísindum á Hug- og félagsvísindasviði.

Maria Finster Úlfarsson innritaðist í október 2024 og vinnur að rannsókn um fullorðin börn aldraðra mæðra á hjúkrunarheimilum. Doktorsverkefni hennar heitir: *Samband mæðra á hjúkrunarheimilum og fullorðinna barna þeirra og þær upplýsingar og stuðningur sem fullorðnar dætur og synir þarfnast frá heilbrigðisstarfsfólki*. Gagnasöfnun í fyrstu rannsókn verkefnisins er langt komin. Aðalleiðbeinandi Mariu er Kristín Þórarinsdóttir dósent og meðleiðbeinandi Margrét Hrönn Svavarsdóttir prófessor.

Unnur Magnúsdóttir innritaðist í ágúst 2021 og vinnur að rannsókn þar sem markmiðið er að greina bindisækni og hugsanlega bindistaði kítínasa-líku próteinanna YKL-40, YKL-39 og SI-CLP við mögulega bindla þeirra, með sérstaka áherslu á virkni þeirra í bólguferlum. Doktorsverkefni hennar heitir *Ligand-binding of human chitinase-like proteins*. Aðalleiðbeinandi Unnar er Finnboji Rútur Þormóðsson, prófessor emeritus og meðleiðbeinandi Eva Charlotte Halapi dósent.

Skiptinám

Erlendir skiptinemar til sviðsins voru 16 talsins á árinu frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Fjórir hjúkrunarfræðinemar fóru erlendis í klínískt nám til Noregs og Svíþjóðar. Deildin tók á móti fimmtán erlendum skiptinimum í klínískt nám í hjúkrunarfræði. Einn erlendur nemi tók sitt vettvangstímabil í iðjuþjálfunarfræði á Íslandi og einn nemandi fór frá deildinni í skiptinám erlendis þetta árið. Fimm iðjuþjálfunarfræðinemar tóku þátt í fimm daga Nordplus námskeiði sem haldið var í Kauno kolegija í Litháen í nóvember 2025. Engir skiptinemar fóru frá Auðlindadeild en tekið var á móti átta nemendum. Viðskiptadeild fékk til sín 27 skiptinema en það fór enginn nemandi í skiptinám frá deildinni. Frá Háskólasetri Vestfjarða fóru sex stúdentar í skiptinám eða starfsþjálfun til Póllands, Danmerkur, Kanada og Hollands.

Starfsfólk

Fastir kennarar við sviðið voru 75 alls í 59,7 stöðugildum og meðal þeirra eru 18 prófessorar. Meðtaldir eru fjórir starfsmenn

Heilbrigðisvísindastofnunar HA og staða prófessors sem sviðið deilir með Náttúrufræðistofnun Íslands. Til viðbótar kemur staða forstöðumanns Sjávarútvegsmiðstöðvar HA og fjórir verkefnastjórar náms í tölvunar- og tæknifræði. Þar að auki starfar fjöldi stundakennara við sviðið og enn fremur þrír gestalektorar og gestadósentar. Á sviðsskrifstofu starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórar.

Stjórnsýsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs er lýst í reglum nr. 820/2022 með áorðnum breytingum.

AUÐLINDAEILD

Innan Auðlindadeildar eru tvær námsbrautir, líftækni og sjávarútvegsfræði. Lögð er áhersla á að auka þekkingu á auðlindum norðurslóða í víðum og þverfaglegum skilningi. Í starfi deildarinnar fara saman nám og rannsóknir í líftækni, sjávarútvegsfræði og öðrum náttúruvísindum samhliða áherslum á hagfræði, viðskiptafræði og stjórnun. Slik menntun er forsenda góðrar auðlindastjórnunar og styður sjálfbæra nýtingu auðlinda til verðmætasköpunar. Starfsemi deildarinnar var svipuð og undanfarin ár.

Í Auðlindadeild er boðið upp á þriggja ára 180 ECTS-eininga nám til BS-gráðu í sjávarútvegsfræði og líftækni. Einnig geta stúdentar lokið 240 eininga námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum og brautskráðst með tvöfalda BS-gráðu sem lengir námstíma um eitt ár að lágmarki.

Á framhaldsstigi er 120 ECTS-eininga einstaklingsmiðað, rannsóknatengt nám til MS-gráðu í auðlindafræðum með áherslu á annaðhvort líftækni eða sjávarútvegsfræði. Námið er skipulagt til tveggja ára og geta meistara-verkefni verið ýmist 60 eða 90 ECTS-einingar. Námskeið eru tekin að hluta til við HA og að hluta til við aðra háskóla hér á landi eða erlendis. Tíu einingar hið minnsta af námskeiðshluta meistaranáms skulu vera námskeið í rannsóknaraðferðum. Stúdentar geta valið að taka lesnámskeið í samræði við aðalleiðbeinanda sinn og að fengnu samþykki meistaranámsnefndar.

Líftækni

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í líftæknifyrirtækjum og tengdum greinum og breiðan grunn til frekara náms. Nám í líftækni er samsett af

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

námskeiðum á sviði náttúruvísinda og raunvísinda með áherslu á hagnýtingu lífrænna erfðaauðlinda í þágu heilbrigðis- og umhverfisvísinda. Lögð er rík áhersla á að kynna stúdentum líftæknilegar aðferðir til nýtingar auðlinda með nýstárlegum hætti og að koma afurðum slíkrar þróunar á markað. Meðal sérsviða líftækninnar sem nemendur kynnst í námi sínu má nefna:

- Erfðatækni og hagnýtingu hennar í heilbrigðisvísindum, landbúnaði og umhverfisvísindum
- Rannsóknir og framleiðslu á lífvirkum efnum, t.d. í lyfjaframleiðslu, sem aukaefni í matvælum, o.fl.
- Líftæknilega þætti fiskeldis hvað varðar heilbrigði og næringu/fóður
- Niðurbrot lífræns úrgangs og nýmyndun orkuríkra efna
- Lífhreinsun spilliefna í náttúrunni, líftæknilega förgun úrgangsefna og aðra umhverfislíftækni
- Grunnrannsóknir á erfðaauðlindum íslenskrar náttúru.

Af sérnámskeiðum á sviði líftækni má nefna erfðafræði og sameindaerfðafræði, líftækni, lífefnafræði, ónæmisfræði, líftæknilega örverufræði, matvælafræði og lífupplýsingatækni.

Sjávarútvegsfræði

Markmið námsins er að veita stúdentum góðan þekkingargrunn til að starfa í sjávarútvegi og tengdum greinum og grunn til frekara náms. Námið veitir þverfaglega þekkingu sem nýtist sérstaklega vel til stjórnunarstarfa í ýmsum greinum sjávarútvegs og annarra framleiðslugreina, svo sem við veiðar, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Kennend eru undirstöðunámskeið raun- og viðskiptagreina. Í sérnámskeiðum sjávarútvegsfræði er farið yfir alla virðisdeðju greinarinnar, allt frá vistkerfi sjávar til veiða, vinnslu sjávarafurða og markaða. Rík áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir sem vinna við sjávarútveg og stoðgreinar hans, ekki síst í tengslum við lokaverkefni stúdenta.

HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

Markmið náms við Hjúkrunarfræðideild er að búa stúdenta undir að gegna almennum hjúkrunarstörfum sem og stjórnunar- og fræðslustörfum á flestum sviðum heilbrigðisþjónustu. Námið hjúkrunarfræði tekur mið af þörfum íslenskra heilbrigðiskerfisins og mætir alþjóðlegum stöðlum.

Hjúkrunarfræði

Nám til BS-gráðu er skipulagt til fjögurra ára og er 240 ECTS-einingar. Á fjórða námsári er valnámskeið á meistarastigi tekið, alls 10 einingar. Auk námskeiða í hjúkrunarfræði samanstendur námið af námskeiðum í raunvísindum og hug- og félagsvísindum. Stúdentar stunda klínískt nám undir handleiðslu hjúkrunarfræðinga víða um land yfir námstímann. Hjúkrunarfræðinemar geta stundað nám sitt óháð staðsetningu en skyldumæting er í staðarlotur í tvær vikur á hverju misseri.

Þverfræðilegt framhaldsnám í heilbrigðisvísindum

Markmið námsins er að brautskráðir stúdentar verði gagnrýnir greinendur, ígrundandi fagmenn, breytingarliðar og vísðsýnir, skapandi leiðtogar. Það eru þeir námskrárþræðir sem áhersla er lögð á og sem eru rauði þráðurinn í uppbyggingu og innihaldi námskeiða og leiðarljós í kennslu og námsmati. Þá er í öllum námskeiðum lögð áhersla á mikilvægi vísindarannsóknna.

Nám til MS-gráðu í heilbrigðisvísindum er 120 ECTS-einingar. Það er að jafnaði byggt upp af 60–90 ECTS-einingum í námskeiðum og meistararitgerð sem vegur 30–60 ECTS-einingar.

Rannsóknarefni til meistaraverkefnis er valið með aðstoð frá umsjónarkennara. Reynt er að mæta þörfum stúdenta með tilliti til áherslusviðs. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið, alls 45-50 ECTS-einingar og 10–45 ECTS-einingar í valnámskeiðum eftir kjörsviðum.

Eftirtalin kjörsvið voru í boði árið 2025:

- Endurhæfing
- Geðheilbrigði og áföll
- Langvinn veikindi og lífsglíman
- Stjórnun í heilbrigðisþjónustu
- Öldrun og heilbrigði

Þá voru nemendur innritaðir í annað skipti í tveggja ára nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun, viðbótardiplóma á framhaldsstigi. Einnig voru níu nemendur á sameiginlegri námsleið með HÍ í klínískri geðhjúkrun. Kennsla hófst í nýju meistaranámi í hjúkrunarfræði, bæði í heilsugæsluhjúkrun á tveimur kjörsviðum þar sem 13 nemendur voru innritaðir og í hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma og sykursýki þar sem 20 nemendur voru innritaðir og fór kennsla fram bæði í HA og í HÍ á þessum námsleiðum.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

IÐJUPJÁLFUNARFRÆÐIDEILD

Nám í iðjupjálfunarfræði byggir á heilbrigðis- og félagsvísindum og snýst um iðju, heilsu og lífsgæði fólks. Stúdentar tileinka sér þekkingu, viðhorf og leikni sem endurspeglar nýjustu þekkingu og þróun iðjupjálfunarfræði á hverjum tíma. Skoðað er hvernig umhverfi í viðum skilningi og einstaklingsþættir hafa áhrif á færni og þátttöku fólks í samfélaginu og fjallað er um ólíkar leiðir til úrlausna. Lögð er áhersla á að stúdentar séu virkir þátttakendur í faglegri þróun og samstarfi, bæði hér á landi og á alþjóðlegum vettvangi.

Iðjupjálfunarfræði

Nám í iðjupjálfunarfræði er 180 ECTS-einingar, tekur þrjú ár og lýkur með BS-gráðu. BS-gráða opnar möguleika til ýmissa starfa í velferðarþjónustu ásamt því að veita einnig aðgang að viðbótardiplómu á meistarastigi til starfsréttinda sem iðjupjálfi. Þá gefur hún líka möguleika á frekara námi svo sem í lýðheilsufræði, fötlunarfræði, heilbrigðisvísindum og stjórnun.

Iðjupjálfun

Starfsréttindanám í iðjupjálfun á meistarastigi er eins árs 60 ECTS-eininga nám í framhaldi af BS-námi í iðjupjálfunarfræði. Gráðan tryggir leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjupjálfi á Íslandi. Stór hluti námsins fer fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjupjálfa.

Meistaránám í iðjupjálfun

Nemendum sem lokið hafa BS gráðu í iðjupjálfunarfræði stendur til boða tvær námsleiðir sem báðar hafa í för með sér að hægt er að sækja um leyfisveitingu frá Embætti landlæknis til að starfa sem iðjupjálfi á Íslandi. Í fyrsta lagi starfstengt meistaránám í iðjupjálfun sem er þriggja missera 90 ECTS-eininga nám. Í náminu öðlast nemendur viðtæka þekkingu sem nýtist í starfi iðjupjálfa. Í öðru lagi er rannsóknartengt meistaránám í iðjupjálfun tveggja ára eða 120 ECTS-eininga nám. Ásamt því að öðlast viðtæka þekkingu sem nýtist í starfi iðjupjálfa fá nemendur þjálfun í aðferðafræðilegri þekkingu við gerð meistararannsóknar. Í báðum námsleiðunum fer stór hluti námsins fram á vettvangi í fjölbreytilegu starfsumhverfi þar sem nemendur fá þjálfun og undirbúning fyrir störf iðjupjálfa.

VIÐSKIPTAEILD

Viðskiptafræði er fræðilegt og hagnýtt nám þar sem stúdentar öðlast þekkingu á grunnatriðum viðskiptafræða og eru þjálfðir í faglegum vinnubrögðum og gagnrýnni hugsun, sem gerir þá hæfa til að beita viðurkenndum aðferðum við ákvarðanatöku, stjórnun og stefnumótun. Samhliða því eru stúdentar æfðir í fræðilegum vinnubrögðum sem nýtast í framhaldsnámi og starfi. Í grunnnámi öðlast stúdentar góða grunnþekkingu á viðskiptafræði.

Viðskiptafræði

Nám til BS-gráðu í viðskiptafræði er 180 ECTS-einingar, skipulagt til þriggja ára. Þrjár námsleiðir voru í boði:

- Stjórnun og markaðsfræði
- Stjórnun og fjármál
- Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði í samstarfi við Auðlindadeild
- Stúdentar gátu einnig lokið tvöfaldri námsgráðu í sjávarútvegs- og viðskiptafræðum til BS-gráðu, eins og áður hefur komið fram.

Stjórnun og markaðsfræði

Lögð er áhersla á að mennta fólk til stjórnunar- og markaðsstarfa. Fjallað er um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun og stefnumótun. Einnig um auglýsinga- og kynningarmál, þjónustumarkaðsfræði, neytendahegðun, almannatengsl og markaðsrannsóknir. Farið er yfir aðferðir til markaðsgreiningar sem og gerð markaðs- og kynningaráætlana, þjónustumælinga og almannatengslaherferða. Að auki eru kennd námskeið í vörubrúun og áætlanagerð.

Stjórnun og fjármál

Lögð er áhersla á að mennta fólk til almennra stjórnunarstarfa í fyrirtækjum og til að gegna ábyrgðarstöðum í fjármálafyrirtækjum. Meðal annars er fjallað um stjórnun skipulagsheilda, mannauðsstjórnun, stefnumótun, hagnýta stærðfræði, hagrannsóknir og þjóðhagfræði. Einnig er fjallað ítarlega um fjármálastjórnun og áhættustýringu.

Viðskiptafræði með áherslu á sjávarútvegsfræði

Námið samanstendur af þverfaglegum grunni viðskiptagreina og sérnámskeiða í sjávarútvegsfræði. Áhersla er lögð á samstarf við fyrirtæki og stofnanir í sjávarútvegi og stoðgreinum hans.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Viðskiptafræðingar með sjávarútvegsfræði sem aukagrein hljóta menntun sem meðal annars nýtist vel til starfa í sjávarútvegsgreinum.

Meistaránám

Tvær námsleiðir eru í boði sem 90 ECTS-eininga meistaránám, Stjórnun MS og Stjórnun MM. Stjórnun MS hefur það að markmiði að nemendur öðlist sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í þeirra störfum úti í atvinnulífinu. Námið býður upp á breiðan grunn í stjórnun skipulagsheilda með það að markmiði að nemendur öðlist þekkingu og hæfni til stjórnunar fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Nemendur geta tekið valnámskeið við aðra innlenda og erlenda háskóla sem HA hefur samstarfssamninga við.

Stjórnun MM er meistarapróf án lokaritgerðar. Í náminu öðlast nemendur sérhæfða þekkingu á stjórnun sem nýtist í störfum þeirra úti í atvinnulífinu.

Báðar námsleiðir stjórnunar eru skilgreindar sem fullt nám í eitt og hálf ár og boðið er upp á þann sveigjanleika að nemendur geti tekið námið á lengri tíma. Kennsla fer fram með upptökum auk þess sem boðið er upp á netfundi á Teams eða Zoom. Flest námskeiðin eru kennd á íslensku en nokkur námskeið eru kennd á ensku. Námið er sett upp sem sveigjanlegt nám í samræmi við kennslustefnu Viðskiptadeildar. Fjölbreytt námsmat miðar m.a. að hagnýtingu þekkingar á fræðasviðinu og í því felast meðal annars hópverkefni, einstaklingsverkefni og próf.

Samstarf við Háskólann í Reykjavík

Við Háskólann á Akureyri er boðið nám í tölvunarfræði og tæknifræði í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Háskólinn í Reykjavík ber ábyrgð á náminu og brautskrást stúdentar þaðan. Háskólinn á Akureyri leggur til vinnuaðstöðu, leiðsögn með náminu og kennslu í verkefnatímum.

Verkefnastjóri tölvunar- og tæknifræði hjá Háskólanum á Akureyri er Ólafur Jónsson.

Tölvunarfræði við Háskólann á Akureyri

Um er að ræða nám í tölvunarfræði til BSc-gráðu og eru þrjár námslínur í boði:

- Tölvunarfræði – almenn, 180 ECTS-einingar.
- Tölvunarfræði með viðskiptafræði sem aukagrein, 180 ECTS-einingar

- Tölvunarfræði – almenn, 120 ECTS-einingar, en þá þarf HR að hafa metið 60 einingar úr fyrra heildstæðu háskólanámi.

Einnig er í boði 120 ECTS-eininga diplómanám í tölvunarfræði. Á framhaldsstigi er boðið upp á nýtt M.Sc-nám í stafrænni heilbrigðistækni. Gott samstarf hefur verið með þessari nýju línu og heilbrigðisgeiranum á Norðurlandi.

Nám og námsmat fer fram í Háskólanum á Akureyri. Námið er með sveigjanlegu formi og stúdentar mæta vikulega í verkefnatíma í HA. Dæmatímar fara alla jafna fram á staðnum.

Á vormisseri 2025 brautskráðust átta stúdentar með BSc-gráðu í tölvunarfræði og þar af þrír með viðskiptafræði sem aukagrein. Þar að auki brautskráðist einn nemandi frá Akureyri úr M.Sc-línunni í stafrænni heilbrigðistækni í fyrsta sinn.

Forritunarkeppni framhaldsskóla hefur verið haldin á Akureyri og í HR frá því að samstarf um tölvunarfræði hófst. Vorið 2025 var metþátttaka en um 15 lið og 37 þátttakendur voru skráð til leiks á Akureyri. Keppt er í þremur deildum með mismunandi erfiðleikastigum og komust tvö lið frá HA - Akureyri á verðlaunapall. Keppnin var einnig haldin á Austurlandi og sömuleiðis var metþátttaka þar, eða tæplega 10 keppendur og nokkur lið. Sömuleiðis var lið fyrir austan sem komst á verðlaunapall. Á Austurlandi stunda 4 nemendur nám í tölvunarfræði. Þetta er verkefni sem HA stýrir og er með svipuðu sniði og tölvunarfræðinámið á Akureyri, en námið fyrir austan hefur aðsetur hjá Austurbrú á Reyðarfirði.

Tæknifræði við Háskólann á Akureyri

Um er að ræða nám í tæknifræði til BSc-gráðu og er ein námslína:

- Iðnaðar- og orkutæknifræði, 210 ECTS-einingar.

Námið er með dagskólaformi og stúdentar mæta daglega í tíma í HA. Tímarnir eru blanda af fyrirlestrum og verkefnatímum. Fyrstu þrjú árin fara vel af stað og framhaldið lofar góðu. Uppbygging á verklegri aðstöðu er komin á ágætis stað og munar miklu um það. Búið er að fjárfesta í tölverðum tækjabúnaði og enn er verið að bæta við. Stefnt er að innritun fjórða árgangsins haustið 2026, en mikill áhugi er á náminu bæði hjá atvinnulífinu sem og samfélaginu öllu.

Nemendur taka starfsnám og gera lokaverkefni í samstarfi við atvinnulífið á Norðurlandi.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

En nemendur á þriðja ári eru nú í starfsnámi í fyrsta sinn hjá fyrirtækjum hér á Akureyri, en mikill áhugi er hjá atvinnulífinu á að taka þátt í því. Töluvert hefur verið farið í heimsóknir og vísindaferðir í atvinnulífið og alls staðar tekið vel á móti hópnum. Einnig er töluverður áhugi á þessu námi frá Austurlandi, enda í fyrsta sinn sem það hefur verið í boði að stunda svona tækninám í dagsskóla úti á landi.

RANNSÓKNIR

Rannsóknarstarfsemi er öflug á fræðasviðinu og starfsfólk er í samstarfi við erlenda og íslenska fræðimenn og stofnanir auk þess sem HA hefur gert ramma- og samninga við helstu heilbrigðisstofnanir landsins sem ná meðal annars til klínískrar kennslu stúdenta á heilbrigðisviði.

Heilbrigðisvísindastofnun HA og SAK (HNSA) er sameiginlegur vettvangur akademískra starfsmanna Sjúkrahúsins á Akureyri (SAK) og HA til eflingar kennslu, þjálfunar og rannsókna í hjúkrunarfræði og heilbrigðisvísindum, til þekkingarmiðlunar og til kynningar á rannsóknum starfsfólks. Fjórir starfsmenn eru í hlutastörfum við HHA í 20% starfshlutfalli hver og koma þau að kennslu, leiðbeiningu meistaránema og rannsóknum við heilbrigðisdeildir sviðsins. Yfirstjórn samstarfsins er í höndum stefnunefndar og hefur hún það hlutverk að vera stefnumótandi vegna sameiginlegra málefna og vettvangur fyrir undirbúning að því að SAK verði háskólasjúkrahús á Norðurlandi. Megináhersla er lögð á að gera rannsóknir starfsfólks sýnilegar og aðgengilegar auk þess að efla rannsóknarvirgni starfsmanna SAK og tengja verkefni stúdenta HA við þarfir sjúkrahúsins. Stefnt er að því að auka vægi HNSA í rannsóknar- og þróunarsamstarfi milli samningsaðila. Samkvæmt ramma- og samningi milli stofnananna getur starfsfólk SAK, sem sinnir kennslu og rannsóknum, sótt um akademíska nafnbót við HNSA í samræmi við gildandi reglur háskólans. Tveir starfsmenn SAK hafa fengið slíkar nafnbætur.

Allt frá árinu 2000 hafa rannsóknaráherslur heilbrigðisdeilda sviðsins verið þverfaglegar og hefur starfsfólk deildanna hist

mánaðarlega í rannsóknarsmiðjum þar sem ný verkefni og lengra komin hafa verið kynnt. Sú vinna hefur skilað sér í fjölbreyttum rannsóknum og endurspeglast í nýjum rannsóknaverkefnum á árinu.

Unnið er að mörgum rannsóknarverkefnum tengdum sjávarútvegi innan Auðlindadeildar. Sérfræðingar deildarinnar stunduðu rannsóknir á hafstraumum á norðurslóðum, á áhrifum plastmengunar í hafinu, á áhrifum fiskveiðistjórnunar og umhverfis á fiskistofna, á þróun auðlindarentu og þróun uppsjávarfiskiðnaðarinnar. Einnig voru stundaðar rannsóknir í sjávarlíftækni sem tengja saman námsbrautirnar tvær, líftækni og sjávarútvegsfræði. Rannsóknir fóru líka fram í öðrum geirum líftækni, svo sem umhverfislíftækni, visterfðafræði, efnasmíðalíftækni og heilbrigðislíftækni. Rannsóknarverkefni í Viðskiptadeild eru mörg og fjölbreytt. Kennarar deildarinnar stunda til að mynda rannsóknir á alþjóðaviðskiptum, fjölskyldufyrirtækjum, fasteignamarkaði, byggðamálum, sjálfbærni og á sveitarstjórnarmálum, sem og á heilsu, líðan og starfstengdum viðhorfum á vinnustað. Að auki má nefna stjórnun, forystu og leiðtogafærni. Samstarf er á milli Auðlindadeildar og Viðskiptadeildar, til dæmis varðandi rannsóknir á auðlindarentu. Samstarf var um nám og rannsóknir við fjölda fyrirtækja og rannsóknastofnana hérlendis. Má þar telja Náttúrufræðistofnun Íslands, Haf- og rannsóknastofnun, Bygðastofnun og Fiskistofnu. Enn fremur er virkt samstarf við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskóla- setur Vestfjarða. Þá var samstarf við ýmsa erlenda skóla, til dæmis Universitetet i Bergen, University of Birmingham, Woods Hole Oceanographic Institution, Oslo Metropolitan University, University of Greenland, Roskilde University og norrænu rannsóknastofnunina NORDREGIO. Einnig við fjölda fyrirtækja, til dæmis Samherja hf., Norðurorku hf., Landsvirkjun, MýSköpun ehf., BioPol ehf., Matis ohf., HempPack ehf., Marea ehf. og Arctic Therapeutics.

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

NÝ RANNSÓKNARVERKEFNI 2025

| Rannsóknaráhersla/rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan sviðs |
|------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|
| Sjóveiki, hreyfingarmælingar | <i>Relating Motion Sickness with Measured Multi-Axial Motion: A Case Study of a Whale-Watching Vessel</i> | Nanna Ýr Arnardóttir (samstarf við Syddansk Universitet) |
| Hjúkrunarfræði | <i>Nursing Student's Opinions and Experiences of a Three-Step Stoma Education: A Mixed-Methods Study</i> | Deniz Harputlu Hafðís Skúladóttir |
| Hjúkrunarfræði, heilbrigði kvenna | <i>Áhrif krónískra verkja hjá konum á barneignaraldri á svefn- og lífsgæði þeirra</i> | Sigríður Inga Karlsdóttir |
| Hjúkrunarfræði, heilbrigði kvenna | <i>Mental health during the childbearing period (pregnancy and postpartum)</i> | Sigríður Sía Jónsdóttir |
| Iðjuþjálfunarfræði, þróun kennslu | <i>Blended learning community in higher education</i> | Hólmdís Freyja Methúsalemsdóttir |
| Iðjuþjálfunarfræði, þátttaka í iðju | <i>Geita studd íhlutun til að auka þátttöku í iðju</i> | Sonja Stelly Gústafsdóttir |
| Sjálfsvígsforvarnir | <i>Rannsóknarmiðstöð sjálfsvígsforvarna</i> | Sigrún Sigurðardóttir |
| Particulates | <i>Particulate Contributions to Air Quality in Akureyri</i> | Audrey Louise Matthews, Ásta Margrét Ásmundsdóttir |
| Particulates | <i>Holistic evaluation of sewage pollution at Akureyri, Iceland</i> | Audrey Louise Matthews, Ásta Margrét Ásmundsdóttir |
| Umhverfisörverufræði | <i>Lagslíköt og lífvænleiki á Íslandi og Mars</i> | Oddur Vilhelmsson |
| Líftækni | <i>Græn líftækni baktería úr engjaskófum</i> | Oddur Vilhelmsson |
| Samgöngur, vegakerfi, jarðgöng | <i>Samanburður jarðganga á Mið-Austurlandi – Mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaðþróun</i> | Jón Þorvaldur Heiðarsson |
| Viðskiptafræði – Nýsköpun | <i>Micro courses for arctic art business</i> | Kjartan Sigurðsson |
| Frumkvöðlafræði, nýsköpun og áhættutaka | <i>Grit's influence on innovation and risk-taking</i> | Verena Karlsdóttir |
| Menntun, þróunarsamvinna og mat á samfélagslegum áhrifum menntunarverkefna | <i>Menntun sem Þróunarstyrkur: Reynslan af GRÓ FTP</i> | Verena Karlsdóttir |
| Starfsmenntun, ferðaþjónusta, nýsköpun í námi og stuðningur við kynslóðaskipti í ferðaþjónustu | <i>Enabling VET Education to Support Succession Readiness in Tourism</i> | Verena Karlsdóttir |

Ráðstefnur

Sjónaukinn, árleg rannsóknaráðstefna í heilbrigðisvísindum, hefur verið haldin árlega frá árinu 2018. Yfirskriftn 2025 var farsæld í íslensku samfélagi. Aðalfyrirlesarar voru Anna Hildur Guðmundsdóttir formaður SÁÁ, Hildur Eir Bolladóttir sóknarprestur við Akureyrarkirkju, Margrét Guðnadóttir lektor við HÍ, Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, sérfræðingur hjá Rannís, Sigurður Ýmir Sigurjónsson, teymisstjóri í Geðheilsu-

teymi ADHD fullorðinna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, dr. Shannon Freeman, dósent við hjúkrunarfræðideild University of Northern British Columbia í Kanada og Valdís Rut Jósavinsdóttir, umsjónarmaður Birtu og Sölu. Á *Sjónaukanum* kynna meistaranemendur í heilbrigðisvísindum lokaritgerðir sínar og einnig kynna fræðimenn sviðsins vísindastarf sitt. Þátttaka á ráðstefnunni var góð en hún var haldin bæði á staðnum og rafrænt.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Hlutverk Hug- og félagsvísindasviðs er að bjóða upp á háskólanám og standa fyrir rannsóknum í hug- og félagsvísindum, þar með talið félagsvísindum, lögfræði, menntavísindum og sálfræði.

Á Hug- og félagsvísindasviði má einnig finna námsframboð sem ekki er við aðra háskóla hérlandis, eða BA-nám í almennum félagsvísindum, fjölmiðlafræði og nútímafræði. Þá er Háskólinn á Akureyri einn íslenskra háskóla með nám í heimskautarétti á framhaldsstigi. Loks ber að nefna BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði og enn fremur diplómanám fyrir verðandi og starfandi lögglumenn, sem er eingöngu í boði við HA.

Hægt er að stunda doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið á sviðum félagsfræði, menntavísinda og lögfræði. Gert er ráð fyrir að doktorsverkefni verði að jafnaði þverfagleg í eðli sínu og framkvæmd, þrátt fyrir formlega staðsetningu á sviðinu.

Stúdentar frá HA sem vilja öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar hafa einkum sótt sér framhalds-menntun hér á landi og á hinum Norðurlöndunum, en hafa þó einnig komist inn í framhaldsnám í öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri – MSHA er starfrækt innan Hug- og félagsvísindasviðs í gagnvirkum tengslum við Kennaradeild.

Rannsóknasetur í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri – RLHA er starfrækt innan Félagsvísindadeildar Hug- og félagsvísindasviðs. Það starfar eftir reglum nr. 1630/2022. Stjórn Rannsóknaseturs í lögreglufræði er skipuð fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri og Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu.

Einnig er Stofnun Vilhjálms Stefánssonar rannsóknarstofnun sem starfar undir Hug- og félagsvísindasviði og sérhæfir sig í rannsóknum á norðurslóðum.

Skipting í deildir

Hug- og félagsvísindasvið skiptist í fjórar deildir: Félagsvísinda-deild, Kennaradeild, Lagadeild og Sálfræðideild.

Doktorsnám við Hug- og félagsvísindasvið

Boðið er upp á doktorsnám í lögfræði, menntavísindum, félagsfræði og sálfræði. Tveir doktorsnemar hafa brautskráðst við Hug- og félagsvísindasvið frá upphafi.

Nánar er hægt að lesa doktorsvarnir í kaflanum Miðstöð doktorsnáms og stjórnáms og stjórnáms.

Skiptinám

Hug- og félagsvísindasvið tók sem fyrr á móti stórum hluta þeirra erlendu skiptinema sem stunduðu nám við HA. Alls komu 36 skiptinemar til sviðsins og 7 stúdentar fóru til skiptináms erlendis. Stúdentar frá öllum deildum sviðsins fóru í skiptinám við erlenda háskóla í gegnum Erasmus+ en einnig Nordplus. Fjöldmörg námskeið innan sviðsins voru kennd á ensku auk þess sem námsbraut í heimskautarétti er í boði á ensku. Þá voru sérnámskeið fyrir erlenda skiptinema vistuð á sviðinu en þau eru: *Íslenska sem annað mál og Íslenskt samfélag, saga og menning*.

Starfsfólk

Fastráðið starfsfólk Hug- og félagsvísindasviðs voru samtals 85, auk þess sem við sviðið starfaði fjöldi stundakennara, að viðbættum kennurum á öllum skólastigum víðs vegar um land sem tóku að sér að veita stúdentum leiðsögn í vettvangsnámi og æfingakennslu.

Á skrifstofu fræðasviðs starfa skrifstofustjóri og verkefnastjórnar.

Stjórnámsla fræðasviðs

Stjórnskipulagi Hug- og félagsvísindasviðs er lýst í reglum nr. 821/2022.

FÉLAGSVÍSINDAEILD

Félagsvísindadeild er meðal fjölmennustu deilda háskólans hvað stúdenta varðar. Í náminu er áhersla á verkefnavinnu stúdenta og námið felur í sér fjölbjóðlegar tengingar.

Við Félagsvísindadeild eru fjórar námsleiðir til BA-gráðu, félagsvísindi, fjölmiðlafræði, lögreglu- og löggæslufræði og nútímafræði. Að loknu 120 eininga diplómanámi í lögreglufræði fyrir verðandi eða starfandi lögglumenn er hægt að bæta við 60 eininga námi til BA-gráðu.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Meistaránám til MA-gráðu í félagsvísindum við Félagsvísinda-deild er rannsóknartengt

Fjölmíðlafræði

Fjölmíðlafræði skoðar gangvirki fjölmíðlanna og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu. Námið tekur mið af þróun sem orðið hefur á þessu sviði í helstu háskólum á Vesturlöndum. Leitast er við að samþætta faglega þekkingu sem kennd er í svonefndum blaðamannaskólum og fræðilega þekkingu og aðferðafræði sem kennd er í hefðbundnu háskólanámi. Slík samtvinnun er eftirsóknarverð í námi af þessu tagi og til þess ætluð að gera stúdenta hæfari til að takast á við samfélagsbreytingar sem fylgja upplýsingatæknibyltingu og síhækkandi almennu menntunarstigi. Stúdentar taka þátt í gerð ýmiss konar fjölmíðlaefnis á prent- og ljósvakamiðlum. Áberandi er hve margir brautskráðir hafa fengið störf í fjölmíðlum eða sinna fjölmíðlatengdum störfum.

Nútímafræði

Nútímafræði er þverfaglegt nám á sviði félags- og hugvísinda. Það er blanda af heimspeki, siðfræði, sagnfræði, íslensku og samfélagsgreinum. Mörg valnámskeið eru í boði og góðir möguleikar á skiptinámi, bæði á Íslandi og erlendis. Námið er heppilegur kostur fyrir þá sem vilja afla sér víðtækra menntunar og öðlast traustan grunn fyrir framhaldsnám í ýmsum greinum hug- og félagsvísinda.

Stúdentar ljúka 120 einingum í kjarnanámskeiðum og 60 einingum í valnámskeiðum innan Hug- og félagsvísindasviðs, við önnur svið Háskólans á Akureyri eða aðra íslenska eða erlenda háskóla.

Almenn félagsvísindi

BA-námið byggir á kenningalegum og aðferðafræðilegum grunni félagsvísinda. Það byggir einkum á félagsfræði, mannfræði og stjórnmálafræði. Stúdentar öðlast innsýn í eðli mannlægs samfélags og hreyfingarmál félagsgerðar, menningar, stjórnmála og efnahagslífs. Námið veitir umtalsverða þjálfun í aðferðafræði félagsvísinda, skipulagningu rannsóknarverkefna og framsetningu á niðurstöðum fyrir almenning og fræðimenn. Það er sambærilegt við BA-nám í einstökum undirgreinum félagsvísinda við aðra innlenda og erlenda háskóla.

Að námi loknu hafa brautskráðir traustan grunn til framhaldsnáms og margvíslegra starfa á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

BA-nám í félagsvísindum var hægt að stunda með eftirtöldum áherslugreinum:

- Almenn félagsvísindi með valnámskeiðum að eigin vali
- Afbrotufræði, áhersla á eðli og skilgreiningu afbrota og annarra frávika, félagslegar, efnahagslegar, menningarlegar og sálfræðilegar orsakir þeirra og afleiðingar fyrir einstaklinga og samfélög
- Byggðafræði, áhersla á byggðaþróun á Íslandi, fólksflutninga innanlands og utan, áhrif samgöngubóta á afskekkt samfélög, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðunum, stjórnsmál, stjórnsýslu og stefnumótun í byggðamálum
- Kynjafræði, áhersla á kynjun og kyngervi, stöðu kynjanna í dreifbýli og þéttbýli, breytingar á jafnréttisviðhorfum og verkaskiptingu á heimilum, fjölskyldugerðir og líðan barna, kynhegðun unglinga og stöðu samkynhneigðra í samfélaginu
- Norðurslóðafræði, áhersla á félagslega, hagræna, menningarlega og pólitíska þætti þróunar á norðurslóðum, í samhengi við hnattvæðingu, umhverfisbreytingar, auðlindanýtingu, atvinnu- og byggðamál, mannauð og sjálfbærni

Lögreglufræði

Lögreglufræði fjallar um viðfangsefni löggæslu í víðu samhengi. Námið miðar að því að veita stúdentum haldgóða undirstöðufærni í að fyrirbyggja og upplýsa um brot á lögum og að tryggja almannaöryggi. Það er fjölbreytt og veitir grunnþekkingu á lögreglufræði sem fræðigrein, en er jafnframt tengt starfi lögreglu á grundvelli laga, reglna, þjálfunar og alls verklags sem er mikilvægt í starfi lögreglunnar.

BA-nám í lögreglu- og löggæslufræði leggur grunn að ólíkum leiðum í námi og starfi. Það er góður kostur fyrir stúdenta sem vilja afla sér víðtækra menntunar á sviði lögreglu- og löggæslufræði.

Diplómanám í lögreglufræði er skipulagt til tveggja ára. Diplómanám fyrir verðandi lögreglumenn undirbýr stúdenta fyrir störf í þéttbýli, á fámennum og víðfeðmum svæðum þar

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

sem lögreglumaður þarf að geta gengið í nánast öll störf. Hluti af náminu er starfsnám sem veitir starfsréttindi til að hljóta skipun hjá lögregluembættum landsins.

Diplómanám fyrir starfandi lögreglumenn er ætlað þeim sem vilja kynnast fræðigreininni betur og dýpka þekkingu sína á löggæslu og rannsóknum afbrota eða vilja prófa nýja nálgun á fagið. Þessi námslína felur ekki í sér starfsþjálfun.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu – MSL annast starfsnám í lögreglufræði í samstarfi við Háskólann á Akureyri. Stúdentar sem sækja um starfsnám í lögreglufræði þurfa að fullnægja almennum skilyrðum sem kveðið er á um í 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og standast inntökupróf, læknis-skóðun, fræðileg námskeið og fleira. Meginmarkmið námsins er að mennta stúdenta sem stefna á störf í lögreglu.

KENNADEILD

Kennaradeild skiptist í *Kennarabraut* og *Menntavísindabraut*.

Á *Kennarabraut* er boðið upp á heildstætt fimm ára kennaranám, sem skiptist í þriggja ára 180 ECTS-eininga kennaranám til B.Ed-gráðu og tveggja ára 120 eininga nám í menntunarfræðum til M.Ed-gráðu og MT-gráðu.

Í B.Ed-náminu eru tvö kjörsvið: Leikskólakjörsvið og grunn-skólakjörsvið.

Í M.Ed- og MT-námi sérhæfa stúdentar sig til kennslu á mismunandi skólastigum, í MT-náminu á leikskólastigi og grunn-skólastigi en í M.Ed-náminu einnig á framhaldsskólastigi og val er um þrjú kjörsvið. M.Ed- og MT-námið er einnig opið þeim sem lokið hafa BA- eða BS-gráðu á öðrum námssviðum. M.Ed-námið flokkast undir menntunarfræði og lýkur með M.Ed.-ritgerð en MT-námið er kennarafræði án ritgerðar. Báðar leiðirnar veita kennsluréttindi. Að náminu loknu geta stúdentar sótt um leyfisbréf til kennslu.

Á grunnstigi er einnig boðið upp á tveggja ára, 120 eininga diplómanám í leikskólafræði.

Haustið 2023 var í fyrsta skipti boðið upp á fagháskólanám í leikskólafræðum fyrir þau sem hafa lokið undirbúningsnámi (leikskólabrú), hafa þriggja ára starfsreynslu í leikskóla og hafa samþykki sveitarfélags til að stunda nám með starfi. Um er að ræða hálf háskólanám í tvö ár sem veitir aðgang að öðru námsári í leikskólafræði á háskólastigi.

Á *Menntavísindabraut* fer fram nám sem ætlað er kennurum og öðrum þeim sem vilja efla starfsþæfni sína og sérþekkingu á sviði menntavísinda. Námið er sniðið að þeim sem þegar hafa öðlast leyfisbréf til kennslu og vilja annaðhvort dýpka þekkingu sína og efla sig sem kennara eða stunda rannsóknir og fræði á þekkingarsviðinu.

Tvær mislangar námsleiðir eru innan brautarinnar. Annars vegar er 120 eininga rannsóknartengt meistaranám til MA-gráðu fyrir þá sem vilja sérhæfa sig á tilteknu sviði til ýmissa starfa í menntakerfinu og/eða stunda rannsóknir og fræðistörf. Hins vegar er 60 eininga viðbótarnám (Dipl.Ed) sem er ætlað þeim sem vilja sérhæfa sig á tilteknu áherslusviði og auka þæfni sína til starfa.

Kennaradeild tók þátt bæði í innlendu og alþjóðlegu samstarfi af ýmsum toga árið 2025, meðal annars í rannsóknum og stefnumótun sem lýtur að leikskólafræðum, gæðum kennslu, menntun fyrir alla, málvísindum og kennaramenntun. Einnig var hugað að því að efla tengsl fræða og starfs, bæði í náms-skeiðum HA og í starfsnámi á vettvangi, í samræmi við kennslu-stefnu Kennaradeildar. Jafnframt var markvisst hugað að þróun fjölbreytilegs mats og notkun gervigreindar í námi og kennslu með reglulegum vinnusmiðjum kennara.

Kennaradeild er samstarfsaðili að *Menntafléttunni – náms-samfélögum í skóla- og frístundastarfi* ásamt Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Kennarasambandi Íslands.

Kennaradeild átti að venju fulltrúa í ýmsum ráðum, nefndum og starfshópum á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis, s.s.:

- Ráðgjafarnefnd vegna innleiðingar og eftirfylgni aðgerða til að auka nýliðun kennara
- Endurskoðun aðalnámskrár
- Kennararáði sem hefur það hlutverk að veita ráðherra menntamála ráðgjöf og leiðbeiningar um kennaramenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Fulltrúar Kennaradeildar tóku þátt í að undirbúa ný lög um skólaþjónustu, en rannsóknir á því sviði hafa verið gerðar við deildina.

Á árinu kom út bókinn *Gæði kennslu: Námsþækilfæri fyrir alla nemendur* í ritstjórn Önnu Kristínar Sigurðardóttur, Herminu Gunnþórsdóttur og Rúnars Sigþórssonar. Háskólaútgáfan gaf út. Í bókinni eiga margir kennarar deildar bókarkafla á sínu sérsviði.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAEILD

Lagaeild HA býður upp á nám í íslenski lögfræði á 180 ECTS BA-nám í lögfræði, 120 ECTS ML-nám í lögfræði, ásamt 60-120 ECTS meistaranámi í heimskautarétti. Meginmarkmið náms í íslenski lögfræði er að nemendur öðlist þekkingu á undirstöðuatriðum lögfræðinnar með áherslu á lagaframkvæmd á Íslandi, annars staðar í Evrópu og í alþjóðlegu samhengi. Nemendur takast á við grunngreinar íslenskrar lögfræði og kynnast lögum og rétti í sögulegu, alþjóðlegu og heimspekilegu samhengi. Lögð er sérstök áhersla á gagnrýna hugsun og fræðilega greiningu, skýra og rökstudda framsetningu og faglega tjáningu í ræðu og riti, á íslensku og ensku.

Um leið og námið er hagnýtt og góður undirbúningur fyrir lögfræðistörf felst sérstaða þess meðal annars í alþjóðlegri, sögulegri og fræðilegri nálgun. Námið veitir færni sem nýtist bæði innan réttarkerfisins og á öðrum vettvangi þar sem lagalegur skilningur og greining eru mikilvæg. Námið opnar dyr að fjölbreyttum starfstækifærum að loknu námi. Það veitir traustan grunn fyrir hefðbundin störf lögfræðinga, en meistaraþráða í lögfræði er jafnframt nauðsynleg til að stunda starf dómara eða málflytjanda.

Lögfræðingar sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri með BA og ML starfa meðal annars sem lögmenn, fulltrúar hjá sýslumönnum, í stjórnarsýslunni, hjá fyrirtækjum, í stjórnámálum og sem sérfræðingar hjá alþjóðastofnunum svo eitthvað sé nefnt. Þá veitir námið einnig aðgang að frekara [framhaldsnámi á háskólastigi](#).

Annað hvert ár er hægt að innritast í nám í heimskautarétti sem tekur á fjölmörgum lögfræðilegum álitaeftum tengdum Norður- og Suðurskautinu.

Áherslur í náminu eru meðal annars á þjóðarétt, þar á meðal hafrétt og umhverfisrétt, frumbyggjarétt og réttindi annarra íbúa á svæðunum, og stjórn mála- og þróunarfræði á heimskautasvæðunum. Einnig er fjallað um hinar ýmsu atvinnugreinar og hag- og viðskiptafræði bæði á Norður- og Suðurheimskautunum. Námið fer alfarið fram á ensku. Boðið er upp á 120 eininga nám til MA-gráðu í heimskautarétti, 90-120 eininga nám til LL.M-gráðu og 60 eininga diplómanám.

Útskrifaðir nemendur í heimskautarétti stunda til dæmis störf

hjá alþjóðlegum rannsóknarstofnunum, alþjóðastofnunum, frjálsum félagasamtökum og viðskipti um allan heim. Margir halda áfram í doktorsnám og fræðileg störf.

SÁLFRÆÐIDEILD

Sálfræði fjallar um mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Sálfræðinám á bakkalárstigi við Háskólann á Akureyri veitir grunnþekkingu á sálfræði sem vísindagrein og undirbýr nemendur fyrir framhaldsnám og störf á margvíslegum vettvangi. Áhersla er lögð á kenningar, aðferðafræði og rannsóknaraðferðir.

BS-próf í sálfræði veitir ekki sérhæfingu á ákveðnu sviði, heldur gefur nemendum tækifæri til að kynna sér hin margvíslegu svið sálfræðinnar. Stúdentar sem vilja verða sálfræðingar sækja framhaldsmenntun hér á landi, á Norðurlöndunum, í Evrópu og Bandaríkjunum.

Námið er með áherslu á rannsóknaraðferðir, tölfræði og mælifræði. Nemendur taka þátt í rannsóknum og kynnast fjölmörgum sviðum sálfræðinnar, frá virkni taugafruma til hegðunar fólks í hópum. Viðfangsefni námsins eru meðal annars skynjun, persónuleiki, minni, geðraskanir, atferlisgreining og þroski.

Námið opnar margar dyr og brautskráðir stúdentar vinna fjölbreytt störf á sviði rannsókna, menntunar, ráðgjafar, umönnunar, forvarna og í viðskiptalífínu. Námið veitir einnig leið að framhaldsnámi í tengdum greinum eins og mannauðsstjórnun, fjölskylduráðgjöf og lýðheilsuvísindum. Með klínísku framhaldsnámi geta stúdentar öðlast starfsréttindi sem sálfræðingar.

Á framhaldsstigi er boðið upp á rannsóknartengt meistaranám í sálfræði. Áhersla er lögð á einstaklingsbundið, hagnýtt nám í rannsóknaraðferðum og þekkingaröflun sem býr stúdentu vel undir frekara framhaldsnám í sálfræði en gerir þá einnig eftirsóttu í sérfræðistörf sem krefjast gagnrýnnar hugsunar, vandaðrar meðferðar gagna, frumkvæðis og þekkingar á mannlegu eðli.

Námið veitir góðan undirbúning fyrir doktorsnám í sálfræði, félagsvísindum og heilbrigðisvísindum.

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

RANNSÓKNIR

Ný rannsóknarverkefni á árinu 2025

FÉLAGSVÍSINDAEILD

| Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------|
| Húmorfræði (málvísindi og heimspeki) | <i>Who is Faster, Who is Smarter, And Whose Mother Cooks Better: Contrasting Cultures through Humor and Humoring Contrasts through Cultures</i> | Giorgio Baruchello |
| Húmor í kennslu íslensku sem annars máls | <i>Hönd í hönd - tungumál og húmor</i> | Ingibjörg Sigurðardóttir |
| Akademískt læsi | <i>Akademískt læsi og farsæld í háskólanámi</i> | Ingibjörg Sigurðardóttir og Sigurður Kristinsson |
| Blaðamennska | <i>Worlds of Journalism Study</i> | Birgir Guðmundsson og Guðbjörg Hildur Kolbeins |
| Blaðamennska | <i>Hvernig norrænir blaðamenn sjá hlutverk sitt</i> | Birgir Guðmundsson |
| Pólítísk boðmiðlun | <i>Councillors survey in Europe</i> | Birgir Guðmundsson |
| Heimspeki háskólamenntunar | <i>Community and Purpose in the Academy</i> | Sigurður Kristinsson |
| Sustainable Use of Arctic Marine Resources: a study on food security in the Arctic (Greenland, Canada) | <i>SustainME</i> | Joan Nymand Larsen |
| Study of oral histories and the mapping of climate impacts on eco-system services (Greenland, Svalbard) in co-creation with local stakeholders | <i>Mapping Memories</i> | Joan Nymand Larsen |
| An assessment of the state of human development in the Arctic | <i>Arctic Human Development Report III</i> | Joan Nymand Larsen |
| Study of wealth in the Arctic | <i>“On the nature and causes of Arctic wealth and its distribution”</i> | Joan Nymand Larsen |
| The Economy of the Arctic | <i>The Economy of the Arctic (Palgrave)</i> | Joan Nymand Larsen |
| Sustainable Use of Arctic Marine Resources: a study on food security in the Arctic (Greenland, Canada) | <i>SustainME</i> | Jón Haukur Ingimundarson og Joan Nymand Larsen |
| Socio-Economic Transformations and Environmental Change in Medieval Iceland | <i>The impacts of and adaptation to particularly unfavorable weather during an extended period at the end of the thirteenth and beginning of the fourteenth centuries in the Strandir region of Northwest Iceland.</i> | Jón Haukur Ingimundarson |
| Arctic Conservation | <i>Arctic Biodiversity Summit 2027</i> | Tom Barry |
| Arctic Risk and resilience | <i>Risk to Resilience: How Dual-Use Technologies Shape Arctic Communities</i> | Adam Daniel Fishwick og Tom Barry |

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

KENNARAEILD

| Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs |
|------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|
| Menntun á norðurljóðum (grunn-, framhaldsskólar) | <i>Exploring Fluid Identities in Arctic Educational Contexts</i> | Hermína Gunnþórsdóttir |
| Starfstengd leiðsögn á Norðurlöndunum og í Eistlandi | <i>NTI-FAB Nordic Teacher Induction- Flourishing and becoming. Voices from the early years.</i> | Birna Svanbjörnsdóttir |

LAGAEILD

| Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs |
|----------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|
| Flóttamannaréttur, jafnréttislöggjöf, feminískar lagakenningar | <i>'Gender Equality and Asylum Law: Feminist Theory and the Refugee Decision-making Process in the Nordics'</i> | Valgerður Guðmundsdóttir |
| Heimskautaréttur | <i>IASC 2025 Cross-Cutting/Working Group workshop (2025). Competitive research grant awarded for "New Insights in Polar Law"</i> | Rachael Lorna Johnstone |
| Fjölskylduréttur og kynbundið ofbeldi | <i>Kynferðislegur sjálfsákvörðunarrettur</i> | Júlí Ósk Antonsdóttir |
| Umhverfisréttur Stjórnskipunarréttur Mannréttindi | <i>Environmental restorative justice and the green transition: Examining intergenerational equity for Sámi rights under the Norwegian constitution, 27 Nov 2025, In: Arctic Yearbook. p. 310-331</i> <i>Restorative justice in Finnish constitutional law: Reconciling Sámi rights and ecology, 26 Dec 2025, In: The Polar Journal.</i> | Sara Fuscoo |
| Rómaréttur | <i>Special Issue: Pax Boreo-Romana: Reflections on Roman Law with Icelandic and Global Legal Traditions, Nordicum – Mediterraneum, Volume 20, no.2 (2025)</i> | Sara Fusco |
| Heimskautaréttur | <i>Fusco, S. (2025). The Significance of Sámi Rights Law, Justice, and Sustainability for the Indigenous Sámi in the Nordic Countries, edited by Dorothee Cambou, Øyvind Ravna. The Yearbook of Polar Law Online, 16(1), 246-251</i> | Sara Fusco |
| Arctic governance | <i>Developing a legal assessment of Arctic geoengineering to support the Arctic Monitoring and Assessment Programme (AMAP) scoping exercise</i> | Romain Chuffart |
| Arctic governance | <i>Arctic Research and Studies Preparatory Support Grant</i> | Romain Chuffart |

SÁLFRÆÐIDEILD

| Rannsóknaráhersla, rannsóknarsvið | Heiti verkefnis | Tengiliður innan fræðasviðs |
|-----------------------------------|---------------------------------------------------------------------------|-----------------------------|
| Hugfræði | <i>Assessing the symmetry of feature binding in visual working memory</i> | Peter Shepherdson |

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

RÁÐSTEFNUR

Ráðstefnur / viðburðir Hug- og félagsvísindasviðs 2025

Heimskautaréttur opin kynning á náminu:

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/heimskautarettur-opin-kynning-a-naminu>

Farsæl saman í yfir 15 ár – Kynningarfundur um samstarf Háskólans á Akureyri og Háskólaseturs Vestfjarða

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/ha-hsvest>

Lögfræðitorg: Norrænt kynjajafnrétti og öðrun kvenna á flóttu

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/norraent-kynjajafnrretti>

Í grænni lautu – Árlegt málþing Kennaradeildar í tilefni af Degi Leikskólans

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/i-graenni-lautu>

Jafnréttisdagar 2025 – Málþing: Hatursorðræða; Þróun og áskoranir á tímum gervigreindar, samfélagsmiðla og upplýsingaóreiðu, Eyrún Eyþórsdóttir flutti erindi

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/malthing-hatursordraeda>

Vetrarbrautskráning 2025

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/vetrarbrautskraning-2025>

Orkuöryggi – Hvernig tryggjum við orkuöryggi til framtíðar:

Raforkuráðstefna Lagadeildar

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/orkuoryggi>

Lögfræðitorg: Hernaðarhlíðar hafréttarins í íslensku samhengi

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/hernadarhlidar-hafrettarins>

Lögfræðitorg: Ákærvaldið og lögreglan

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/akaerualdid-og-logreglan>

Fjölbreytt og skapandi samfélag – Kynningarfundur um starfsemi AkureyrarAkademíunnar í samstarfi við HA

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/fjolebreytt-og-skapandi-samfelag>

Ráðstefna um gæði kennslu

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/radstefna-gaedi-kennslu>

Velferð – nám og líðan nemenda og kennara. Málþing um

fyrstu niðurstöður norræna rannsóknarverkefnisins INSPECT

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/velferd>

Lögfræðitorg: Hundrað dagar Bandaríkjaforseta í forsetastóli

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/hundra-dagar-bandarikjaforseta-a-forsetastoli>

Norðurslóðir í breyttum heimi – Málstofa um öryggismál í nýju alþjóðasamhengi

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/nordurslodir-i-breyttum-heimi>

Íslenska sem annað mál, inngilding og framhaldsskólinn

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/memm-malthing>

Síle og Argentína – Sjónarhorn frá Íslandi

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/sile-og-argentina>

Handbook of Research on the Global Political Economy of Work

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/handbook-of-research-on-the-global-political-economy-of-work>

CR-lausnaleit: Samtal, stuðningur og framfarir. Vinnustofa Kennaradeildar.

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/cr-lausnaleit>

Austur, vestur og aftur heim: Söguleg félagsfræði Jóhanns Páls Árnasonar

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/austur-vestur-og-aftur-heim>

Hug- og félagsvísindasvið veitir Jóhanni Páli Árnasyni heiðursdoktorsnafnbót á sviði félagsvísinda

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/veiting-heidursdoktorsnafnbotar-jpa>

Ísland í burtu – en samt í blóði. Nýja Ísland við 150: Ísland – Kanadaráðstefna

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/island-burtu-en-samt-i-blodi>

Félagsvísindatorg: „Ég er bara svo mikill doer“. Þriðja vaktin og kynjuð verkaskipting á heimilum

<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/eg-er-bara-svo-mikill-doer>

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Félagsvísindatorg: Ópólítísk stjórnmalabaráttá - Samfélagsmiðlar og persónubinding í kosningunum 2024
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/opolitisk-stjornmalabaratta>

Sálfræðisþjallið: Personnel care after critical incidents - as practiced in the Norwegian Navy
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/personnel-care-after-critical-incident>

Félagsvísindatorg: Mourning as Meaning: Victimhood and the Transformation of Public Memory
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/mourning-as-meaning>

Samfélagið er lykill að íslensku – Ráðstefna um kennslu íslensku sem annars máls
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/samfelagid-lykill-ad-islensku>

Félagsvísindatorg: Ójöfnuður meðal kvenna á Íslandi: fjárhagsstaða, félagsleg tengsl og líðan
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/ojofnudur-medal-kvenna-a-islandi>

Norðurslóðatorg
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/nordurslodatorg>

HA á Vísindavöku Rannís 2025
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/ha-a-visindavoku-rannis-2025>

Löggæsla og samfélagið
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/loggaesla-og-samfelagid-2025>

Lífsferill íþróttamannsins: Sálin í íþróttum
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/lifsferill-ithrottamannsins>

Félagsvísindatorg: Huglægur aðgerðarsinni eða hlutlægur áhorfandi?: Hlutverk blaðamanna í umhverfismálum
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/hlutverk-bladamanna-i-umhverfismalum>

Opin málstofa um samstarf á Norðurslóðum
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/opinn-malstofa-um-samstarf-a-nordurslodum>

HA á Arctic Circle 2025
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/ha-a-arctic-circle-2025>

Félagsvísindatorg: Hverjir eignast börn? Félagslegar víddir fæðingartíðni og barnleysis
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/hverjir-ignast-born>

18th Polar Law Symposium
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/18th-polar-law-symposium>

Öryggi og réttarrannsóknir hlutanetsins: Áskoranir og tækifæri. Opinn fyrirlestur á vegum námsbrautar í lögreglufræði
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/oryggi-og-rettarrannsoknir-hlutanetsins>

Félagsvísindatorg: Er öryggi nemenda í efsta bekk grunnskóla ógnað?
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/er-oryggi-nemenda-i-efsta-bekk-grunnskola-ognad>

Félagsvísindatorg: Húmor og fræðimennska: Kynning í þremur hlutum – og einstök auglýsing
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/humor-og-fraedimennska>

Lögræðiortog: Af hverju er ekki lengur hægt að breyta stjórnarskrá lýðveldisins?
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/logfraeditorg-af-hverju-er-ekki-lengur-haegt-ad-breyta-stjornarskra-lydveldisins>

Félagsvísindatorg: Máttur félagsfræðinnar
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/mattur-felagsfraedinnar>

Starfshættir við lagagerð á Alþingi – ímyndir og raunmyndir
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/starfshaettir-vid-lagagerd-a-althingi-imyndir-og-raunmyndir>

Félagsvísindatorg: Environmental threats and security
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/environmental-threats-and-security>

Sálfræðisþjallið: Árstíðabundið þunglyndi á Íslandi
<https://www.unak.is/is/samfelagid/vidburdir/arstidabundid-thunglyndi>

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



Miðstöð skólaþróunar er starfrækt innan hug- og félagsvísinda- sviðs Háskólans á Akureyri. Hlutverk hennar er að efla leik-, grunn- og framhaldsskóla sem faglegar stofnanir og vera far- vegur þekkingar til starfandi kennara á öllum skólastigum og frá þeim til háskóla.

Meginviðfangsefni sérfræðinga MSHA lúta að þróunar- og umbótastarfi á vettvangi skólastarfs og annast þeir ráðgjöf og fræðslu til starfandi kennara og skólastjórnenda. Í samstarfi við fræðafólk innan kennaradeildar Háskólans á Akureyri hefur miðstöðin forgöngu um að kynna kennurum nýjungar á sviði skólaþróunar. MSHA stendur auk þess fyrir rannsóknum á starfsháttum í skólum og heldur ráðstefnur, námskeið og fræðslufundi. Þá sinna sérfræðingar MSHA kennslu í kennara- deild ef óskað er eftir því.

Árið 2025 störfuðu í lok árs 6 sérfræðingar hjá MSHA í 5 stöðugildum.

Sérfræðipjónusta við skóla og sveitarfélög

MSHA hefur gert samninga um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Hörgársveit og Hvalfjarðarsveit. Sveitarfélög og skólar víðsvegar um landið hafa að auki gert tímabundna samninga við MSHA um ýmis áhugaverð skólaþróunarverkefni, ráðgjöf, stefnumótunarvinnu og úttektir.

Kennsla við HA

Sérfræðingar miðstöðvarinnar hafa í gegnum árin sinnt kennslu á ýmsum námskeiðum við kennaradeild HA. Á árinu komu þeir að kennslu í 10 áföngum í grunn- og framhaldsnámi.

ECTS nám MSHA

Miðstöð skólaþróunar býður upp á starfstengt ECTS-einingabært nám á framhaldsstigi

- Leiðtogi í læsi – 15 ECTS einingar – þrjú misseri
- Forysta um menntun fyrir alla í lærdómssamfélagi – 15 ECTS einingar – sex misseri
- Mannkostamenntun – 10 ECTS einingar – Tvö misseri

Viðburðir á vegum MSHA

Haustdagar grunnskóla við Eyjafjörð 14. ágúst

Haustdagurinn var fjölmennur að vanda en um 300 kennarar, stjórnendur og starfsfólk 16 grunnskóla tóku þátt. Haustdagarnir eru vettvangur fyrir starfsfólk skólanna til að dýpka faglega þekkingu, efla samheldni og auka samstarf innan

skólasamfélagsins við Eyjafjörð. Boðið var upp á áhugaverða fyrirlestra og námskeið um ýmis efni sem tengjast námi og kennslu, farsæld og velferð nemenda og starfsfólks í grunnskólum.

Menntafléttan

Menntafléttan er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Starfsfólk MSHA hefur tekið þátt í starfi Menntafléttunnar af krafti og komið að ýmsum verkefnum ásamt því að hafa setið í stýrihópi og matshópi Menntafléttunnar.

Starfsþróunarverkefni

Teymivinna

Árangursrík og fagleg starfsþróun byggist á styðjandi, gagnrýnu og uppbyggjandi hugarfari og vinnubrögðum í starfinu sjálfu. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdóms- samfélagsins í skólastarfið, m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í teyimum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Á árinu tóku 10 leikskólar þátt í verkefninu.

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er byggt á samvirku læsislíkani. Samkvæmt því er gengið út frá því að lestur byggist jöfnum höndum á færni í að umskrá bókstafi og orð og sjálfstæðri merkingarleit þar sem lesandi nýtir meðal annars mál- og bakgrunnsþekkingu sína til að öðlast skilning á texta. Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á að unnið sé jöfnum höndum með alla þætti máls: Lestur, hlustun, tal og ritun, í gegnum heildstæð og áhugaverð viðfangsefni. 65 skólar eru nú með samning. 109 kennarar mættu á grunn- námskeið í Byrjendalæsi og 73 kennarar á framhaldsnámskeið. Þrír leiðtogafundir voru haldnir yfir árið. Einnig var boðið upp á þrjá fræðslufundi á netinu fyrir alla skóla sem eru á samningi.

Byrjendalæsissemiðjur

Gert er ráð fyrir að kennarar sem fara á grunnnámskeið að hausti sækja fimm smiðjur yfir skólaárið og þeir sem sækja framhaldsnámskeið sækja fimm smiðjur til viðbótar. Alls eru því 10 smiðjur í boði fyrir kennara yfir skólaárið. Unnið með ákveðin viðfangsefni/þemu með umræðum og verkefnavinnu. Smiðjurnar eru opnar fyrir alla byrjendalæsis kennara sem vilja sækja sér endurmenntun. Smiðjurnar eru á vef og hafa verið mjög vel sóttar en um 500 þátttakendur tóku þátt á árinu.

Læsi fyrir lífið

Þróunarverkefnið Læsi fyrir lífið miðar að því að efla læsis-

MIÐSTÖÐ SKÓLAÞRÓUNAR HA – MSHA



kennslu á mið- og unglíngastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. 8 grunnskólar sem eru staðsettir vítt og breitt um landið tóku þátt í þróunarstarfi í Læsi fyrir lífið.

Leiðsagnarnám

Miðstöð skólaþróunar býður upp á þróunarstarf þar sem kennarahópum gefst kostur á að innleiða leiðsagnarnám. Námsmenning sem einkennist af leiðsagnarnámi eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri. Í leiðsagnarnámi felst sjálfskoðun bæði kennara og nemenda og hvatning til að velta fyrir sér náms- og kennsluháttum með gagnkvæmri endurgjöf. 17 grunnskólar og tónlistarskóli tóku þátt í þróunarstarfi í anda leiðsagnarnáms á árinu.

Samræðufélagar (e. Talking Partners)

Samræðufélagar er kennsluskipulag ætlað kennurum til að vinna á markvissan hátt með samræðu og tjáningu nemenda sem eru með íslensku sem annað móðurmál. Miðstöð skólaþróunar hefur í samstarfi við Kennaradeild HA haldið utan um eftirfylgni eftir námskeið. Eftirfylgnin snýr að fundum á neti og vettvangsheimsóknum í skólana þar sem fylgst er með kennslustundum og fundir haldnir í kjölfarið.

Snjallvagninn

Snjallvagninn miðar að því að efla kennara í að nýta tækni í skólastarfi. Á Snjallvagninum eru ýmis nýstárleg og spennandi kennslutæki á borð við rótbóta, tæknilegó og þrívíddargleraugu. Tæknin er þverfaglegt kennslutæki þar sem lært er í gegnum leik og lausnaleit. Lagt er upp með að tækin á Snjallvagninum henti öllum aldurshópum frá leikskóla og upp í framhaldsskóla. Sérfræðingar MSHA voru með kynningar og vinnustofur tengdar Snjallvagninum í námskeiðum í kennarnámi. Tækin voru auk þess lánuð til kennaradeildar og nýtt við ýmis tækifæri, t.d. til að kynna starfsemi kennaradeildar á Háskóladeginum.

Samskiptanámskeið

Samskipta- og samræðunámskeið MSHA eru tilvalin fyrir kennara og aðra sem starfa með nemendum og vilja efla samræðu- og samskiptafærni þeirra. Markmiðið með námskeiðunum er að færa starfsfólki grunnskóla góð verkfæri til þess að vinna með nemendahópum með það að markmiði að efla samskipta- og samræðuhæfni nemenda. Námskeiðin eru Bekkjargundir, Krakkaspjall, Félagaspjall, Unglingaspjall og Samskipti stúlkna. Nokkur námskeið voru haldin á árinu í grunnskólum og á vef.

Þróunarverkefni

Siðferðisglímur

Styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna fékkst fyrir námsefninu Siðferðisglímur: Klípusögur fyrir ungt fólk. Námsefnið miðar að því að efla hæfni unglínga til að ræða saman um viðkvæm og flókin málefni þar sem mörg sjónarhorn koma við sögu. Námsefnið byggir á hugmyndafræði ábyrgrar samræðu og flokkunarkerfi Bloom og verður aðgengilegt á rafrænu formi með leiðbeiningum fyrir kennara.

Samræðustundir í Orðaleik II

Styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna fékkst fyrir námsefninu Samræðustundir í Orðaleik II. Námsefnið miðar að því að efla málproska, orðaforða og tjáningarhæfni barna í leikskóla og á yngsta stigi grunnskóla. Námsefnið verður aðgengilegt á opnum vef og hannað til notkunar bæði í skólastarfi og heima.

Að undrast – samræður í leikskólastarfi

Á árinu lauk vinnu við námsefnið *Að undrast – samræður í leikskólastarfi* sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna. Markmið verkefnisins var að efla samræður, tjáningu og gagnrýna hugsun leikskólabarna með aðgengilegu og hagnýtu námsefni fyrir kennara og starfsfólk. Verkefninu er lokið og hefur verið settur upp opinn vefur þar sem efnið er aðgengilegt notendum án endurgjalds.

Starfsþróun sérfræðinga MSHA

Sérfræðingar MSHA sóttu ráðstefnuna Utís 2025 sem haldin var í Hveragerði í nóvember. Utís er menntaráðstefna þar sem kennarar og skólafólk koma saman til að vinna með nýsköpun, upplýsingatækni og skólaþróun.

Þrjú fulltrúar MSHA sóttu alþjóðlega læsiráðstefnu UCLA í júní 2025, sem haldin var í 60. sinn. Þema ráðstefnunnar var fjölbreytileiki og félagslegt réttlæti og var sjónum beint að því hvernig læsi getur eft samfélög og bætt lífsgæði.

Sérfræðingar Miðstöðvar skólaþróunar fóru í starfsþróunarferð til Póllands og Tékklands þar sem þeir heimsóttu skóla og kynntu sér starfsemi þeirra. Í ferðinni var sérstök áhersla lögð á Evrópusamstarf innan Erasmus+, sem er samstarfsáætlun Evrópu sem styður við þróunarverkefni, þekkingarmiðlun og samstarf skóla og stofnana milli landa.

Önnur verkefni á árinu

Að venju komu sérfræðingar MSHA að ýmsum öðrum verkefnum á árinu. Þar má nefna setu í samhæfingarteymi MEMM og setu í stjórn Íslensku menntaverðlaunanna.



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Inngangur

Meginhlutverk Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna (hér eftir Miðstöðin) er að fara með málefni doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna við háskólann ásamt því að efla rannsóknir og nýsköpun.

Verkefni Miðstöðvarinnar er fjórþætt:

- Vinna að málefnum doktorsnáms og starfa náið með doktorsnámsráði að þróun og mótun doktorsnáms. Hafa gott samstarf um málefni doktorsnáms við fræðasvið og stjórnsýslu háskólans.
- Veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun með það að markmiði að efla rannsóknir við HA.
- Fara með stjórnsýslu rannsókna. Helstu verkefni á því sviði snúa að vinnumati akademískra starfsmanna, utanumhaldi um framkvæmd grunnmats vegna framgangs í starfi, vinnu með dómnefnd að gerð dómnefndarálita, umsjón með rannsóknamissurum ásamt fleiru.
- Hafa umsjón með innleiðingu og utanumhaldi á miðlægu upplýsingakerfi fyrir rannsóknir.

Heimild til doktorsnáms á tveimur fræðasviðum til viðbótar

Háskólinn fékk heimild til doktorsnáms í sálfræði og menntavísindum á árinu. Með tilkomu þess að heimildin fékkst var fyrirkomulagi námsleiða breytt. Nú býður Háskólinn á Akureyri upp á fjórar námslínur í doktorsnámi. Þær eru:

- Félagsvísindi. Sérstakir undirflokkar eru félagsfræði, lögfræði og sálfræði.
- Heilbrigðisvísindi: Sérstakur undirflokkur er hjúkrunarfræði.
- Menntavísindi. Sérstakur undirflokkur er menntunarfræði.
- Viðskipta- og raunvísindi. Sérstakir undirflokkar eru auðlindafræði, líftækni, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði.

Doktorsnemar

Einn doktorsnemi, Elín Arnardóttir, varði doktorsritgerð sína á árinu, eða þann 14. nóvember. Doktorsritgerðin ber heitið: *Tíðni forstigeinkenna sykursýki af tegund 2 og notkun fyrirbyggjandi nálgana í heilsugæslu*. Elín var fyrst til að verja doktorsritgerð í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri.



MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Við lok árs 2025 voru átta doktorsnemar skráðir við Háskólann á Akureyri, fimm voru skráðir á námslínu í viðskipta- og raunvísindum, þrír í heilbrigðisvísindum og einn í félagsvísindum.

Handbók um doktorsnám

Miðstöð doktorsnáms hélt áfram að vinna leiðbeiningar, sniðmát og upplýsingar fyrir doktorsnámið. Handbók um doktorsnám er reglulega uppfærð með nýjustu upplýsingum bæði á íslensku og ensku. [Handbókina má finna hér.](#)

Námskeið

Sá áfangi náðist á árinu að birta námskrá fyrir doktorsnámið á Uglunni. Þá bauð HA í fyrsta sinn upp á námskeið á doktorsstigi og voru fjögur slík námskeið samþykkt á árinu, öll í boði við sálfræðideild. Eins og áður bauð Miðstöðin upp á röð námskeiða ætluð leiðbeinendum og tilvonandi leiðbeinendum doktorsnema. Um var að ræða samstarfsverkefni HA, HÍ, HR og Landbúnaðarháskólans.

Málþing doktorsnema

Doktorsnemar með stuðningi Miðstöðvar doktorsnáms stóðu fyrir árlegu málþingi þann 27. janúar. Doktorsnemar HA kynntu rannsóknir sínar sem voru afar fjölbreyttar og þvert á fræðasvið skólans. Málþingið er liður í því að gera doktorsnema og rannsóknir þeirra sýnilegar og efla vísindalegt samfélag við HA.

Rannsóknþing Miðstöðvar doktorsnáms

Miðstöð doktorsnáms hefur staðið fyrir árlegu rannsóknþingi sem að þessu sinni var haldið þann 19. nóvember. Að venju var boðið upp á fjölbreytta dagskrá. Yfirskrift þingsins var „Úr vísindum vaxa tækifæri.“ Á þinginu var kynnti forstöðumaður Miðstöðvarinnar sýn til framtíðar er varðar doktorsnám. Nýsköpun, vísindamiðlun og stuðningur við rannsóknir voru á dagskránni ásamt örfyrirlesturum frá bæði doktorsnemum og öðru fræðafólki við skólann.

Stuðningur við rannsóknir

Miðstöðin hélt áfram að styðja við umsóknir í samkeppnisjóði á Íslandi, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Stuðningnum við rannsóknir má skipta upp í þrjá flokka: (1) þróun verkefna, þar með talda ráðgjöf um styrkjámöguleika, (2) styrkjasamningar, þar með talin yfirferð umsóknargagna og aðstoð við gerð

fjárhagsáætlana, (3) umsýsla styrkja, yfirlestur á áfanga- og lokaskýrslum, gerð samninga og samstarfssamninga svo dæmi séu tekin.

Miðstöð doktorsnáms fór af stað með nýtt fræðsluprógramm í formi vinnustofa á árinu og var markmiðið að styðja enn betur við fræðafólk við gerð styrkumsókna. Áhersla var lögð á mikilvæg atriði á borð við: hvernig sækja á um fyrsta rannsóknarstyrkinn, kynningu á helstu styrkveitendum, gerð fjárhagsáætlana og hvernig skrifa má um samfélagsleg áhrif.

Einnig var unnið að því að bæta upplýsingaflæði í samstarfi við markaðs- og kynningarmál skólans, meðal annars með nýju „styrkjahorni“ í fréttum HA. Miðstöðin hefur jafnframt átt náið samstarf við fræðasvið skólans og stutt við þróun nýrra undirbúningsstyrkja til fræða og nýsköpunarverkefna sem miða að því að hvetja til frekari styrkumsókna.

Árið 2025 var metár í fjölda umsókna í samkeppnisjóði undir forystu vísindafólks við HA. Aldrei áður hafa verið sendar jafn margar umsóknir til Horizon Europe og Nordforsk þar sem HA er í leiðandi hlutverki. Þá hafa einungis einu sinni áður farið jafnmargar umsóknir til Rannís.

IRIS rannsóknargátt

Innleiðing og aðlögun að nýju umhverfi IRIS rannsóknargáttar (og hugbúnaðarins PURE) stóð yfir allt árið 2025. Með stefnubreytingunni sem gerð var haustið 2024, þegar samlagið var lagt niður sem háskólar og stofnanir voru í áður, er Háskólinn á Akureyri nú kominn í eigin einingu („síló“). Innleiðingin á þessari breytingu er á lokastigi og mun gera það að verkum að HA hefur betri stjórn á birtingu upplýsinga og lýsigagna.

Til lengri tíma litið mun þessi breyting veita enn betri yfirsýn sem og stýringu og/eða þróun á birtingu gagna. Gert er ráð fyrir aukinni skilvirknir fyrir starfsfólk HA sem og möguleika á að aðlaga kerfið algjörlega að þörfum skólans. Aðgengi að starfsfólki Elsevier, sem á og þróar hugbúnaðinn PURE, er jafnframt nærtækara og auðveldar samskipti þegar kemur að frekari þróun og lausnum varðandi hugbúnaðinn.

Rannsakendur sem skrá sig í og nota IRIS reglulega eiga auðvelt með að hafa yfirsýn yfir rannsóknarufurðir og rannsóknarverkefni sem og yfirlit yfir tengsl, samstarf og rannsóknarvirknir annarra fræðimanna og stofnana. Þegar innleiðingu og frekara samtali við Elsevier um ákveðna þætti kerfisins er lokið ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að nota IRIS til að draga út nákvæma tölfræði rannsókna á svið og deildir.

MIÐSTÖÐ DOKTORSNÁMS OG STJÓRNSÝSLU RANNSÓKNA

Nýsköpun

Á vettvangi nýsköpunar hjá Háskólanum á Akureyri var árið 2025 viðburðaríkt og einkenndist af öfluglu samstarfi, uppbyggingu innviða og markvissum stuðningi við hugmyndir, frumkvæði og sprota.

Svava Björk Ólafsdóttir, sérfræðingur í nýsköpun, hóf störf hjá Háskólanum á Akureyri 1. janúar 2025 með það að meginmarmiði að efla nýsköpunarstarf háskólans og svæðisins í heild. Sem verkefnastjóri nýsköpunar kom hún með virkum hætti að uppbyggingu samstarfs við Drift EA, þar sem unnið var að þróun starfseminnar, ráðgjöf og stuðningi við einstaklinga og teymi sem leituðu með hugmyndir sínar til Driftar. Meðal verkefna má nefna þróun og framkvæmd nýsköpunarsmiðjunnar Heilabrots í samstarfi við Drift EA, sem og framkvæmd Norðansprota, nýsköpunarkeppni Norðurlands, sem var endurvakin á árinu og er haldin í samstarfi stuðningsaðila á Norðurlandi.

Samstarf við Hraðið á Húsavík var jafnframt áberandi, meðal annars í gegnum Krubb – hugmyndahraðhlaup. Þá tók háskólinn þátt í þróun, framkvæmd og þjálfun í Snjallræði, fyrsta háskólahraðli Íslands, sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.

Innan Háskólans var einnig unnið að því að efla sýnileika og aðgengi að nýsköpunarstuðningi með uppsetningu leiðarvísis

um nýsköpun á innri og ytri vefsíðum skólans. Auk þess tók verkefnastjóri nýsköpunar virkan þátt í áttavitasamtölum bæði innan HA og hjá Drift EA, þar sem einstaklingum og teyimum var veitt ráðgjöf við þróun hugmynda, næstu skref og möguleg tækifæri. Verkefnið endurspeglar mikilvægt hlutverk nýsköpunar í starfsemi Háskólans á Akureyri og framlag hans til eflingar frumkvæðis, tengslamyndunar og verðmætasköpunar.

Mannauður

Í lok árs voru rúmlega fimm stöðugildi við Miðstöðina. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir er forstöðumaður. Adam Fishwick er rannsóknastjóri, Sif Jónsdóttir er verkefnastjóri doktorsnáms og stjórnsýslu rannsókna og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir er verkefnastjóri IRIS – upplýsingakerfis um rannsóknir. Svava Björk Ólafsdóttir tók við stöðu verkefnastjóra nýsköpunar sem er nýtt starf við Miðstöðina. Einnig var Iwona Szelewa í tímabundnu hlutastarfi við að aðstoða rannsóknastjóra við ráðgjöf og aðstoð við umsóknir. Stefán B. Sigurðsson, prófessor emeritus, var formaður doktorsnámsráðs og starfaði hann einnig sem ráðgjafi á Miðstöðinni fyrri hluta ársins. Í ágúst lét Stefán af störfum og Luca Aceto, prófessor við Háskólann í Reykjavík tók við sem formaður doktorsnámsráðs.




FJÁRMÁL OG GREINING

Fjármál og greining annast helstu sameiginleg verkefni háskólans á sviði fjármála. Má þar nefna gerð fjárhagsáætlana til lengri og skemmri tíma, vinnslu bókhalds og launa, greiningu og vinnslu lykiltalna, miðlun fjárhagslegra og tölulegra upplýsinga og eftirlit, þ.m.t. vegna rannsóknarverkefna. Einnig ráðgjöf um fjárhagsleg málefni skólans.


Á árinu 2025 var starfsemi Fjármála og greiningar með hefðbundnu sniði. Forstöðumaður Fjármála og greiningar er Helga María Pétursdóttir.

Fleiri lykiltölur eru aðgengilegar á [vef háskólans](#)


Eftirfarandi eru lykiltölur sem lúta að starfsfólki Háskólans á Akureyri



Fjöldi akademískra starfsmanna og aðjúnkta 2025.



Menntun akademískra starfsfólks.



Fjöldi starfsmanna eftir kyni.

MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Árið 2025 var viðburðaríkt hjá Markaðs- og kynningarmálum HA og einkenndist af kraftmiklu og fjölbreyttu starfi. Lögð var rík áhersla á að efla sýnileika háskólans og miðla því öfluga starfi sem hér fer fram, bæði til núverandi og framtíðar stúdenta sem og samfélagsins alls.

Á árinu 2025 var fjöldi viðburða til kynningarstarfs og mikil efnisgerð fór fram. Tveir nýir greinaflokkar voru settir af stað ásamt því að í fyrsta skipti hlaut verkefni innan HA viðurkenningu Rannís fyrir Vísindamiðlun ársins. Samvinna við starfsfólk, stúdenta og samstarfsaðila var lykilatriði í starfinu og endurspeglar þann sterka samfélagsanda sem einkennir Háskólann á Akureyri.

Viðburðir og kynningar

Viðburðir á vegum háskólans eru stór og mikilvægur þáttur í að vekja athygli á háskólanum og því fjölbreytta starfi sem hér er unnið. Markaðs- og kynningarmál skipuleggja viðburði innan háskólans og utan sem tengjast kynningum, brautskráningu og fleiru. Árið 2025 skipulagði teymið sjö stóra viðburði ásamt mörgum minni í samstarfi við fleiri aðila. Stiklað er á stóru varðandi þá stærstu hér fyrir neðan ásamt því að teymið ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd Háskólahátíðar og Vetrarbrautskráningar. Þá kemur starfsfólk deildarinnar að fleiri viðburðum, aðstoðar eftir þörfum við undirbúning og framkvæmd og ber ábyrgð á kynningu þeirra. Samtals voru

þetta um 169 viðburðir árið 2025 sem er aukning um 25% frá árinu 2024.

Háskóladagurinn, samstarfsverkefni allra háskóla landsins, var haldinn í febrúar og mars á fjórum stöðum: Reykjavík, Höfn, Egilsstöðum og Akureyri. Á Háskóladeginum kynna allir íslenskir háskólar námsframboð í grunnnámi. Háskólarnir sjö skipa samráðsnefnd sem skipuleggur daginn og er ráðinn verkefnastjóri til að halda utan um samvinnuna og framkvæmd dagsins. [Hér má sjá myndir frá Háskóladeginum á Akureyri.](#)

Nýnemadagar fóru fram 26.-29. ágúst. Fyrirkomulag Nýnemadaga 2024 reyndist okkur vel og því var ákveðið í samráði við framkvæmdastjórn SHA og skrifstofur fræðasviðanna að halda því sniði áfram í ár. Í stað þess að bjóða upp á nýnemagleði stúdenta á vegum SHA á síðasta degi Nýnemadaga var sú dagskrá keyrð í framhaldi af nýnemamóttöku fræðasviðanna og gátu því mun fleiri nýnemar tekið þátt en áður.

Nýnemamóttaka fræðasviðanna var skipulögð af þeim og þeirra deildum fyrir stúdenta hvors sviðs þar sem dagskrá samanstendur af upplýsingum um fyrirkomulag náms og kennslu ásamt því að aðildarfélag SHA segja frá sinni starfsemi. Á Nýnemadögum er einnig boðið upp á dagskrárlíðinn Nýnemi 101 sem er skipulagður af námssamfélaginu þar sem voru kynningar á Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð, Nemendaráðgjöf, Upplýsingaþjónusta og bókasafni og annarri stoðþjónustu til stúdenta. Líkt og áður kom SHA mikið að skipu-



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL



lagningu og framkvæmd Nýnemadaga ásamt því að kynna sína starfsemi. Fyrir áhugasöm má [sjá myndir frá deginum hér](#). Opinn dagur fyrir framhaldsskólanema fór fram 10. september 2025. Stúdentar HA sáu um uppsetningu og voru til staðar í kynningarbásum í húsnæði háskólans auk þess sem stoðþjónustan stóð vaktina í sínum básum. Boðið var upp á gönguferðir um húsnæðið með það að markmiði að sýna aðstöðu háskólans. Markaðs- og kynningarmál bjóða framhaldsskólum á Norður- og Austurlandi á Opinn dag og greiða fyrir rútuferðir svo að öll sem vilja geti komið. Að vanda var boðið upp á pizzur og gos fyrir öll og [hér má sjá myndir frá deginum](#).

Ársfundur háskólans fyrir starfsárið 2025 var haldinn 14. maí þar sem Hildur Friðriksdóttir, alþjóðafulltrúi og verkefnastjóri Miðstöðvar alþjóðasamskipta, var fundarstjóri. Á dagskrá var, auk hefðbundinna fundarstarfa, örkyrning á rannsókn sem var í höndum Finns Friðrikssonar dósents við Kennaradeild. Þá fór Áslaug Ásgeirsdóttir rektor yfir staðreyndir varðandi háskólann í erindi sem bar yfirskriftina „Viðhorf til háskólans“ þar sem meðal annars kom fram að átta af hverjum tíu stúdentum sem stunda nám við HA búa í sinni heimabyggð fimm árum eftir brautskráningu. Í erindinu fór hún yfir fleiri atriði sem sýna mikilvægi Háskólans á Akureyri bæði fyrir nærsvæðið og landið í heild.



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Þá var annáll ársins settur fram í myndbandsformi sem [hægt er að nálgast hér](#). Rektor heiðraði starfsfólk sem lét af störfum vegna aldurs og einnig starfsfólk sem starfað hafði við skólann í meira en 30 ár. Gullnæla HA er veitt starfsfólki sem lætur af störfum vegna aldurs og er afhent á ársfundi.

Starfsfólk sem átti 30 ára starfsafmæli,

- Sigríður Vilhjálmstöddóttir, bókasafnsfræðingur

Árið 2025 létu þau af störfum,

- Guðrún Arndís Jónsdóttir, forstöðumaður Sjávaútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri
- Anna Ólafsdóttir, dósent við Kennaradeild
- Stefán Jóhannsson, fyrrverandi forstöðumaður Nemendaskrár
- Aðalheiður Magnúsdóttir, aðallaunafulltrúi

Upptöku af ársfundinum má nálgast hér: [Ársfundur Háskólans á Akureyri](#).

Auglýsingaefni

Umsóknartímabil háskólans er stór liður í starfsemi Markaðs- og kynningarmála. Árið 2025 var auglýsingaefni fyrir háskólann að mestu hannað innanhúss og keyrt eftir birtingaráætlun sem byggð var upp í samstarfi við birtingarhúsið EssenceMediaCom. Almennar birtingar voru á samfélagsmiðlum, í útvarpi, á strætóskýlum, í biðhúsum, umhverfisauglýsingaskiltum, vefmiðlum og YouTube. Þá var sett í loftið sérstök auglýsingaerferð fyrir hverja og eina námsleið á samfélagsmiðlum. Þeirri herferð er stýrt innanhúss ásamt allri efnisgerð. Þá tóku fulltrúar stúdenta virkan þátt á samfélagsmiðlum með til dæmis yfirtöku á Instagram og TikTok auk þess sem nemendafélög

framhaldsskólanna auglýstu háskólann einnig. Samfélagsmiðlar reynast áfram vel fyrir almannatengsl, þar er umræðu og verkefnum Háskólans á Akureyri komið á framfæri. Þá er náð til núverandi og væntanlegra stúdenta í gegnum Instagram ásamt því að viðvera HA á TikTok er orðin meiri.

Fréttir og rannsóknir

Árið 2025 var HA með mikla viðveru á Vísindavöku. Líkt og árið á undan var áhersla lögð á að sýna hvernig rannsóknir nýtast samfélaginu og gestir gengu inn í lítið „þorp“ sem innihélt meðal annars spítala, grunn- og leikskóla og lögreglustöð. Á hverjum stað fyrir sig kynntu rannsakendur verkefni sem lutu að hverri einingu fyrir sig. Undirbúningsvinnan var mikil og mörg innan háskólans sem lögðu hönd á plóg svo að vel tækist til. Árið 2024 hófst samvinna við Sjúkrahúsið á Akureyri sem gerði svæðið enn meira lifandi og aðgengi að vísindafólki enn betra. Því var ákveðið að halda því samstarfi áfram og var meðal annars sjúkrabíll aðgengilegur á svæðinu árið 2025.

Þá er gaman að segja frá því að í fyrsta skipti hlaut verkefni á vegum HA viðurkenningu Rannís fyrir Vísindamiðlun ársins og var það Vísindaskóli unga fólksins sem hlaut viðurkenninguna. [Hér má sjá myndir frá deginum](#).

[Vísindafólkið okkar](#) hélt áfram og árið 2025 voru 11 rannsakendur kynntir í Víkublaðinu, á vef háskólans og á samfélagsmiðlum.

Rúmlega 200 fréttir rötuðu á vef háskólans, unak.is, margar fréttir fóru í staðbundna miðla og var starfsfólk einnig ötul t við að vera með í umræðunni í landsmiðlum. Fréttir frá HA rötuðu á landsvefmiðla, landsblöð og starfsfólk mætti í viðtöl í útvarpi og sjónvarpi.



MARKAÐS- OG KYNNINGARMÁL

Á árinu 2025 voru settir í loftið tveir nýir greinaflokkar. Annar er unninn í samvinnu við [Kaffid.is](https://kaffid.is) og á þriggja vikna fresti birtast viðtöl við stúdenta HA og inn á milli viðtöl við starfsfólk stoðþjónustu og stjórnsýslu. Hinn greinaflokkurinn er tilkominn vegna frumkvæðis frá Góðvinum HA og felst í að mánaðarlega eru birt viðtöl við brautskráða stúdenta HA og ber greinaflokkurinn heitið „Veganestið“.

HA fréttir héldu áfram göngu sinni og er það fréttabréf sem gefið er út innanhúss á tveggja vikna fresti.

Mælikvarðar

Fréttum frá og um HA hefur fjölgað undanfarin fimm ár í landsmiðlum og er okkar fréttaskor í meðaltali okkar atvinnugreinar. Fréttaskor gefur mynd af því hversu mikið vægi fréttirnar okkar hafa í umfjöllun.

Við skoðum líka framsetningu í fjölmiðlum hvað varðar hlutfall kynja í fréttum og umfjöllun á vegum HA. Settur var upp stuðull og því nær sem hann er tölunni 1 því betur endurspeglum við kynjahlutfall starfsfólks. Árið 2025 var stuðullinn 0,78 og árið þar á undan var hann 0,96. Þá höldum við áfram að færa okkur upp listann yfir algengi umfjöllunar stofnana, árið 2021 vorum við í 108. sæti en árið 2025 erum við í 76. sæti. Tölur varðandi ofangreint fáum við úr fjölmiðlaskýrslu Creditinfo fyrir háskólann.

Fylgjendum á samfélagsmiðlum Facebook og Instagram fjölgar áfram talsvert á milli ára og þá sérstaklega á Facebook. Árið 2023 voru fylgjendur 5.496 talsins og árið 2025 voru þeir 9.300 talsins. Þá hefur umferð um vef háskólans unak.is aukist á milli ára.

Námssamfélagið

Haustið 2024 var ráðið í nýtt stöðugildi fyrir verkefnastjóra námssamfélags. Verkefnastjóranum er ætlað að byggja upp námssamfélagið, vinna með Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri og huga að samskiptaleiðum milli stúdenta og starfsfólks. Árið 2025 sinnti verkefnastjóri meðal annars Stúdentapólí sem er samtalsmiðað námskeiðsmat og byrjaði vinnu við Samskiptastefnu milli stúdenta og starfsfólks stoðþjónustu og stjórnsýslu. Þá vann hann einnig með deildum í verkefnum sem snúa að uppbyggingu upplifunar stúdenta í lotum. Auk þess hefur verkefnastjóri aðkomu að gæðamálum er snúa að stúdentum og á árinu 2025 var handbók og verkfærakista uppfærð er lúta að ferlum og kerfum háskólans sem tengjast hagsmunum stúdenta.

Markaðs- og kynningarmál sjá mikil tækifæri í samvinnu við SHA og aðildarfélag hvað varðar efnisgerð fyrir samfélagsmiðla og eru í skipulegri vinnu við að auka það enn frekar. Þá voru Markaðs- og kynningarmál í samstarfi við kennara fjölmiðlafræði um að koma á framfæri hlaðvörpum gerðum af stúdentum námslínunnar á vormisseri 2025. Finna má öll hlaðvörp HA á Youtube og Spotify rásum háskólans.

Starfsfólk

Hjá Markaðs- og kynningarmálum eru fjórar starfsstöður, samskiptastjóri, vefstjóri, verkefnastjóri samfélagsmiðla og samskipta og verkefnastjóri námssamfélags. Starfsfólk Markaðs- og kynningarmála hélt einn vinnufund á árinu 2025 þar sem unnið var að starfsáætlunum og mælikvörðum.



MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

Undir Miðstöð alþjóðasamskipta heyrja hvers konar alþjóðamál við Háskólann á Akureyri, svo sem stúdenta-, kennara- og starfsmannaskipti, gerð samninga við erlendar menntastofnanir og margvísleg önnur verkefni tengd norðurslóðum. Þar má nefna Rannsóknarþing Norðursins NRF – Northern Research Forum, og stöðu rannsóknaprófessors í norðurslóðafræðum, sem Miðstöð alþjóðasamskipta hefur umsjón með.

Skiptinám, kennaraskipti og starfsmannaskipti

Háskólinn á Akureyri tengist rúmlega 200 samstarfsskólum í gegnum samninga og samstarfsnet fyrir stúdenta- og kennaraskipti. Samstarf þetta er unnið í gegnum eftirfarandi skipti-áætlanir: Erasmus+, Nordplus, North2North, og einnig tvíhliða samninga. Í núgildandi áætlun Erasmus+ sem tók gildi árið 2021 voru spennandi nýjungar kynntar til sögunnar, líkt og styttri námsdvöl sem kölluð er *blended intensive mobility*. Slík námsdvöl hefur verið að sækja í sig veðrið og hentar mörgum nemum HA töluvert betur heldur en heilmisskerissskipti. Árið 2025 voru 79 erlendir skiptinemar skráðir í Háskólann á Akureyri, bæði í venjulegt skiptinám og í verknám. Komu þeir frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Bandaríkjunum, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Grænlandi, Ítalíu, Japan, Kanada, Kína, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Spáni, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi. Alls stunduðu 17 stúdentar frá Háskólanum á Akureyri skiptinám eða verknám í eftirtöldum löndum: Bandaríkjunum, Kanada, Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Spáni og Þýskalandi. Stúdentar og kennarar Háskólans á Akureyri tóku þátt í samstarfsverkefnum í formi örnámskeiða innan Nordplus netsins, sem yfirleitt vara í um það bil viku. Til dæmis fóru nokkrir nemendur í lögþjálfunarfræðideild á örnámskeið til Litháens í október, nemendur í viðskiptafræði fóru á Nordplus örnámskeið til Álandseyja í apríl, nemendahópur úr lögreglufræði fór á Erasmus+ örnámskeið til Noregs í maí, stór nemendahópur í hjúkrunarfræði fór á Erasmus+ örnámskeið til Noregs í október, nemendahópur í viðskiptafræði fór á Erasmus+ örnámskeið í Finnlandi í október og nemendahópur í fjölmiðlafræði fór til Lettlands í gegnum Nordplus. Samtals voru yfir 30 nemendur sem tóku þátt í slíkum örnámskeiðum erlendis. Alls fóru 42 úr hópi kennara og starfsfólks stoðþjónustu háskólans í Erasmus+ eða Nordplus kennara- eða starfsmannaskipti, sem er töluverð

aukning milli ára. Jafnframt jókst fjöldi erlendra gesta sem sóttu HA heim árið 2025. Í október hélt Símenntun HA ásamt miðstöð alþjóðasamskipta skipulagða starfsþjálfunaviku (*e. Erasmus+ staff training week*) þar sem þátttakan var góð eða um 20 manns frá hinum ýmsu samstarfsskólum. HA hefur stýrt háskólaneti smárikja (*e. Network of Universities of Small Countries and Territories*) frá miðu ári 2023 og hélt ársfund í Færeyjum árið 2025. Samhliða þeim fundi var haldin ráðstefna um málefni smárikja og háskóla í þeim löndum í samstarfi við Fróðskaparsetrið í Færeyjum. Skipulag og stýring á NUSCT samstarfsnetinu er í höndum Miðstöðvar alþjóðasamskipta.

Unnið er að því að fjölga skiptinemum frá Háskólanum á Akureyri og meðal annars hafa verið haldnar sérstakar kynningar fyrir stúdenta sem hafa áhuga á að fara í skiptinám eða framhaldsnám í útlöndum. Sem dæmi má nefna kynningar Fulbright stofnunarinnar á Íslandi (Fulbright styrkir), kynningar frá erlendum sendiráðum á Íslandi, kynningar frá RANNÍS á Evrópuverkefnum og kynningar á sumarnámskeiðum og möguleikum til skiptináms. Miðstöð alþjóðasamskipta tilheyrir Rektorsskrifstofu. Forstöðumaður Miðstöðvar alþjóðasamskipta er Rúnar Gunnarsson og Hildur Friðriksdóttir gegnir stöðu verkefnastjóra.

Rannsóknarþing norðursins NRF – Northern Research Forum

Rannsóknarþing norðursins við Háskólann á Akureyri (NRF) hefur nú runnið undir Stofnun Vilhjálms Stefánssonar sem sameinaðist HA um áramótin 2024/2025. Þrátt fyrir þær breytingar voru verkefni NRF áfram undir miðstöð alþjóðasamskipta við HA út árið 2025. Markmið NRF er að skapa vettvang fyrir umræður um málefni norðurslóða og auka samvinnu vísindamanna og hagsmunaaðila á norðurslóðum. Meðal helstu verkefna eru:

- Að styðja vísindafélaga NRF í verkefnum þeirra
- Að hafa umsjón með tvíhliða og marghliða samningum sem lúta að samstarfi um norðurslóðamálefni, þar á meðal vegna Nansen prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri
- Að veita vísindafélögum NRF stuðning til að taka þátt í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins
- Að undirbúa styrkumsóknir

MIÐSTÖÐ ALÞJÓÐASAMSKIPTA

- Að styðja við þátttöku Háskólans á Akureyri í Hringborði norðurlóða, Arctic Circle Assembly
- Að styðja við þátttöku HA í Háskóla norðurlóða, University of the Arctic

Verkefni NRF árið 2025:

- Dr. Romain Chuffart hélt áfram sem Nansen prófessor við upphaf árs, með ráðningu út árið.
- Opnuð var ný síða um norðurlóðamál á heimasíðu HA undir heitinu Norðurlóðamiðstöð Íslands.
- Nokkrir nemendur úr Polar Law og starfsfólk úr HA tóku þátt í Polar Law Symposium sem fór fram í Nuuk, Grænlandi.
- Nansen prófessor Romain Chuffart var fulltrúi HA á Arctic Frontiers í Tromsø og á ASSW í Boulder í Bandaríkjunum.
- Ársfundur UArctic- Thematic networks var haldinn í HA í október og var það samstarf milli NRF og UArctic.

- Starfsmenn HA tóku þátt í Arctic Circle Assembly í Reykjavík í október 2025 með kynningarbás, þátttöku á málstofum og fundum, auk þess sem fjöldi nemenda tók þátt í ráðstefnunni sem sjálfbóðaliðar.
- NRF aðstoðaði stúdenta í gegnum North2North nemendaskiptaáætlunina.

Dr. Romain Chuffart var í stöðu Nansen prófessors út árið 2025 í fullu starfi. Romain er sérfræðingur í þjóðarrétti, alþjóðarétti, frumbyggjarétti og mannréttindalögfræði á norðurlóðum. Romain tók þátt í ýmsum viðburðum sem Nansen prófessor yfir árið. Staðan er veitt framúrskarandi vísindamanni sem starfar að málefnum sem tengjast norðurlóðum. Ráðið er í stöðuna til eins árs í senn, fyrst árið 2013. [Frekari upplýsingar um stöðuna er að finna hér.](#)



Hildur Friðriksdóttir og Rúnar Gunnarsson.

NÁM OG STÚDENTAR

Sveigjanlegt nám er stór kostur við Háskólann á Akureyri. Fjölbreyttar og nútímalegar kennslu- og námsaðferðir eru notaðar við miðlun námsefnis.

Allt grunnám er í boði sem sveigjanlegt nám. Það þýðir að nemendur þurfa ekki endilega að vera búsettir á Akureyri heldur koma í háskólann í sérstakar námslotur þar sem megináhersla er lögð á verkefnavinnu og umræður. Allir fylgja sömu námskránni og námskröfur eru þær sömu.

Samskipti í sveigjanlegu námi eiga sér stað með margvíslegum hætti. Það eru samskipti í rauntíma með viðveru í persónu, í gegnum fjærverur, með notkun samskiptaforrita með netpósti eða einfaldlega í gegnum síma. Allt grunnám við háskólann er boðið með sveigjanlegu formi en það er ólíkt milli námsleiða. Námsefni getur verið á ýmsu formi, til dæmis upptök af fyrirlestur, texti, raðbækur og hlaðvörp. Efnið er aðgengilegt fyrir stúdenta í kennsluferfi háskólans.

Notaðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir, til dæmis samvinnu-nám, vendikennsla og blandað nám. Námslotur eru haldnar


reglulega yfir skólaárið en fjöldi og lengd þeirra er mismunandi milli námsleiða. Námslotur eru vettvangur til þess að styðja við námssamfélag háskólans, þar sem stúdentar og kennarar vinna saman. Í lotum eru verkefni og umræður í forgrunni. Þess er krafist af stúdentum að þeir mæti í kennslulotur og séu virkir þátttakendur meðan á þeim stendur. Í ákveðnum aðstæðum, eins og til dæmis ef ófærð hamlar, geta stúdentar, í samráði við kennara, tekið þátt í lotum í gegnum spjaldtölvur.

Próf í sveigjanlegu námi er hægt að taka við Háskólann á Akureyri, í símenntunar- og fræðslumiðstöðvum um allt land eða í viðurkenndum háskólastofnunum eða sendiráðum erlendis. Notast er við prófakerfið Inspira og/eða kennsluferfið Canvas í prófahaldi. Sveigjanlegt nám við Háskólann á Akureyri er í sífelldri þróun og endurskoðun. Stuðst er við kennslufræði sem hentar hverju sinni og leitast við að nota þá tækni sem virkar á hverjum tíma til að styðja við kennslufræðina og gæði náms.




NÁM OG STÚDENTAR

Eftirfarandi eru lykiltölur háskólans




Fjöldi stúdenta eftir deildum




Fjöldi stúdenta eftir kyni

Fjöldi stúdenta eftir landshlutum



Fjöldi stúdenta eftir aldri



Stúdentar eftir námsstigi

NÁM OG STÚDENTAR

Hug- og félagsvísindasvið

Grunnnám:

Félagsvísindadeild

| | | |
|--------------------------------------------|--------------|--------------|
| Félagsvísindi | BA | 180 einingar |
| Félagsvísindi með íslensku sem annað mál | BA | 240 einingar |
| Fjölmíðlafræði | BA | 180 einingar |
| Fjölmíðlafræði með íslensku sem annað mál | BA | 240 einingar |
| Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn | Grunndiplóma | 120 einingar |
| Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn | Grunndiplóma | 120 einingar |
| Lögreglu- og löggæslufræði | BA | 180 einingar |
| Nútímafræði | BA | 180 einingar |
| Nútímafræði með íslensku sem annað mál | BA | 240 einingar |

Kennaradeild

| | | |
|---------------------------------------------------|--------------|--------------|
| Fagháskólanám í leikskólafræði | Grunndiplóma | 60 einingar |
| Kennarafræði | B.Ed. | 180 einingar |
| Leikskólafræði | Grunndiplóma | 120 einingar |
| Leikskólakennarafræði, með íslensku sem annað mál | B.Ed. | 240 eininga |

Lagadeild

| | | |
|----------|----|--------------|
| Lögfræði | BA | 180 einingar |
|----------|----|--------------|

Sálfræðideild

| | | |
|----------|----|--------------|
| Sálfræði | BS | 180 einingar |
|----------|----|--------------|

Framhaldsnám:

Félagsvísindadeild

| | | |
|---------------------------------------------|----|--------------|
| Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum | MA | 120 einingar |
|---------------------------------------------|----|--------------|

Kennaradeild

| | | |
|-------------------------------|-----------------|--------------|
| Kennsla á grunnskólastigi | MT | 120 einingar |
| Kennsla á leikskólastigi | MT | 120 einingar |
| Kennsluráðgjöf og starfsþróun | Viðbótardiplóma | 60 einingar |
| Menntavísindi | MA | 120 einingar |
| Menntavísindi | Viðbótardiplóma | 60 einingar |
| Menntunarfræði | M.Ed. | 120 einingar |

Lagadeild

| | | |
|----------------------------|-----------------|--------------|
| Lögfræði | M.L. | 120 einingar |
| Lögfræði, heimskautaréttur | Viðbótardiplóma | 60 einingar |
| Lögfræði, heimskautaréttur | LL.M | 90 einingar |
| Lögfræði, heimskautaréttur | MA | 120 einingar |

Sálfræðideild

| | | |
|---------------------------------------|----|--------------|
| Rannsóknatengt meistaranám í sálfræði | MS | 120 einingar |
|---------------------------------------|----|--------------|

Heilbrigðis- viðskipta- og raunvísindasvið

Grunnnám:

Auðlindadeild

| | | |
|-------------------------------------|----|--------------|
| Líftækni | BS | 180 einingar |
| Sjávarútvegsfræði | BS | 180 einingar |
| Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði | BS | 240 einingar |

Hjúkrunarfræðideild

| | | |
|----------------------------------------------------|--------------|--------------|
| Fagnám til diplómaprófs fyrir starfandi sjúkraliða | Grunndiplóma | 60 einingar |
| Hjúkrunarfræði | BS | 240 einingar |

Iðjuþjálfunarfræðideild

| | | |
|-----------------------------------------------|--------------|--------------|
| Iðjuþjálfunarfræði | BS | 180 einingar |
| Nám fyrir fólk með fjölþættar stuðningsþarfir | Grunndiplóma | 60 einingar |

Viðskiptadeild

| | | |
|-------------------------------------------------------------|----|--------------|
| Viðskiptafræði með áherslu á stjórnunar- og fjármálagreinar | BS | 180 einingar |
| Viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og markaðsgreinar | BS | 180 einingar |
| Viðskiptafræði með sjávarútvegsfræði sem aukagrein | BS | 180 einingar |

Framhaldsnám

Auðlindadeild

| | | |
|---------------|----|--------------|
| Auðlindafræði | MS | 120 einingar |
|---------------|----|--------------|

Hjúkrunarfræðideild

| | | |
|-----------------------------------------|-----------------|--------------|
| Geðhjúkrun | MS | 120 einingar |
| Heilbrigðisvísindi | MS | 120 einingar |
| Hjúkrunarfræði | MS | 120 einingar |
| Ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun | Viðbótardiplóma | 60 einingar |

Iðjuþjálfunarfræðideild

| | | |
|-------------|-----------------|-------------|
| Iðjuþjálfun | Viðbótardiplóma | 60 einingar |
|-------------|-----------------|-------------|

Viðskiptadeild

| | | |
|------------------------------|----|-------------|
| Viðskiptafræði MM í Stjórnun | MM | 90 einingar |
| Viðskiptafræði MS í stjórnun | MS | 90 einingar |

Doktorsnám við HA

| | | |
|---------------------------|-------------|--------------|
| Félagsvísindi | Doktorspróf | 180 einingar |
| Heilbrigðisvísindi | Doktorspróf | 180 einingar |
| Menntavísindi | Doktorspróf | 180 einingar |
| Viðskipta- og raunvísindi | Doktorspróf | 180 einingar |

Samstarfsstofnanir

Háskólasetur Vestfjarða

| | | |
|-----------------------------|-----|--------------|
| Haf- og strandsvæðastjórnun | MRM | 120 einingar |
| Sjávarbyggðafræði | MA | 120 einingar |

NEMENDARÁÐGJÖF

Nemendaráðgjöf Háskólans á Akureyri starfar í þágu stúdenta og gætir hagsmuna þeirra. Hlutverk hennar er að styðja við stúdenta í námi með fjölbreyttri og faglegri þjónustu og styðja við jafnrétti og fjölbreytileika. Nemendaráðgjöf hefur að leiðarljósi gott aðgengi að persónulegri þjónustu sem skipulögð er út frá þörfum stúdenta.

Starfsfólk Nemendaráðgjafar veitir stúdentum ráðgjöf og stuðning með það að markmiði að efla vitund þeirra um eigin viðhorf, áhuga og færni og stuðla að sjálfsþekkingu til að ná sem bestum árangri í námi.

Nemendaráðgjöf veitir úrræði í námi og prófum en fatlaðir stúdentar og stúdentar með sértæka námsörðugleika eða sértækar þarfir, til dæmis vegna veikinda, eiga rétt á úrræðum lögum samkvæmt og eftir því sem kveðið er á um í reglum háskólans. Unnið er að því markmiði að efla stúdenta til sjálfshjálpar og styrkja þá í námi. Leitast er við að tryggja

að þjónustan sé löguð að þörfum þeirra sem á henni þurfa að halda hverju sinni. Að jafnaði eru um 11% stúdenta með samning við Nemendaráðgjöf um úrræði í námi.

Stúdentar við Háskólann á Akureyri geta sótt sálfræðiþjónustu hjá Nemendaráðgjöf sér að kostnaðarlausu. Sálfræðiþjónusta er í boði tvo til þrjú daga í viku. Áhersla er lögð á fræðslu í formi námskeiða og fyrirlestra og byggir þjónustan öll á hugmyndafræði hugrænnar atferlismeðferðar (HAM). Einnig geta stúdentar óskað eftir ráðgjöf og stuðningi í einstaklingsviðtölum hvort sem er á skrifstofu á Sólborg eða í fjarviðtölum.

Starfsfólk Nemendaráðgjafar hefur það að markmiði að vinna sífellt að þróun þjónustunnar í samráði innan einingarinnar, við stúdenta og við samstarfsfólk. Skráð viðtöl og erindi á árinu 2025 voru um 2.058.

Nemendaráðgjöf stendur fyrir fjölbreyttri dagskrá. Haldin voru námskeið og stuttir fyrirlestrar á árinu um afmörkuð efni



NEMENDARÁÐGJÖF

svo sem áhrif hugsana á líðan og hegðun, prófundirbúning, markmiðasetningu, vinnu lokaverkefna og frestun. Hægt er að taka þátt á staðnum eða á fjarfundi. Auk þessa heldur Nemendaráðgjöf utan um námstækni síðu á Canvas.

Á síðu Nemendaráðgjafar á vef háskólans er gagnlegu efni frá náms- og starfsráðgjöfum og sálfræðingi miðlað. Þar má til dæmis finna hjálparsíðu um tæknilausnir í námi og efni til að styrkja andlega líðan stúdenta. Nemendaráðgjöf heldur einnig úti samfélagsmiðlum.

Eitt af verkefnum Nemendaráðgjafar er starfsráðgjöf til stúdenta. Áhugakönnun, gegn gjaldi, er í boði bæði fyrir stúdenta og þau sem stefna á háskólanám. Netnámskeið fyrir stúdenta um gerð ferilskrár var í boði og persónuleg aðstoð í einstaklingsviðtölum, til dæmis við gerð ferilskrár og kynningarbréfa og undirbúning fyrir atvinnuviðtöl.

Nemendaráðgjöf er í samstarfi við framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA), einkum varðandi hvers konar hagsmunamál sem tengjast námi, kennslu og þjónustu sem veitt er innan háskólans. Framtíðardagar HA voru haldnir í samstarfi SHA, Nemendaráðgjafar og Markaðs- og kynningarmála. Markmiðið er að undirbúa stúdenta fyrir þátttöku í atvinnulífi og næstu skref í námi og/eða starfsferli.

Framtíðardagar 2025 voru haldnir í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa grunnskóla Akureyrar en þeir skipuleggja og halda alfarið utan um viðburðinn Starfamessu.

Náms- og starfsráðgjafar ásamt sálfræðingi fóru í heimsókn til Nemendaráðgjafar Háskólans í Reykjavík þar sem tekið var á móti ráðgjöfum og sálfræðingum allra háskólanna á Íslandi. Starfsfólk Nemendaráðgjafar tekur þátt í almennu skólastarfi á ýmsan hátt. Sem dæmi:

- Virk þátttaka í Háskóladeginum, Opnum dögum og nýnemadögum
- Ráðgjöf fyrir tilvonandi umsækjendur um skólavist
- Kynning á þjónustu Nemendaráðgjafar fyrir erlenda skiptinema við háskólann
- Fundir með prófstjórn vegna prófa og umsýslu úrræða í námi og prófum
- Fundir með einingum háskólans
- Verkefni um raunfærnimat fyrir umsækjendur, í samstarfi við Hug- og félagsvísindasvið

Í árslok voru 3,1 stöðugildi við nemendaráðgjöf. Aníta Jónsdóttir og Arna Garðarsdóttir eru náms- og starfsráðgjafar. Einar Eddu Kristinsson er sálfræðingur. Forstöðumaður er María Jónsdóttir.



NEMENDASKRÁ, ÞJÓNUSTUBORÐ NEMENDASKRÁR

Á þjónustuborði Nemendaskrár er upplýsingagjöf og þjónusta fyrir stúdenta og starfsfólk.

Einnig er þar almenn símsvörun og upplýsingagjöf um háskólann.

Fulltrúar Nemendaskrár hafa umsjón með allri nemendaskráningu og skjalavistun sem henni fylgir. Það gildir um innritun nýnema, skráningu í og úr námskeiðum og prófum, útgáfu vottorða og prentun og frágang brautskráningargagna, í nánu samstarfi við starfsfólk fræðasviða.

Þá sjá fulltrúar um innkaup og afgreiðslu á skrifstofuvörum fyrir starfsfólk háskólans sem og ferðabeðni og flugbókanir.

Yfir sumarlokunartímam sjá símsvörunarfyrirtæki um símsvörun á skiptiborði háskólans, auk þess að veita helstu upplýsingar um starfsemina.

Mikil samvinna er milli fulltrúa Nemendaskrár og annarra stoðeininga HA, sér í lagi skrifstofu- og verkefnastjóra fræðasviða og starfsfólks Kennslumiðstöðvar HA. Þá er einnig samvinna með starfsfólki Markaðs- og kynningarmála.

Verkefni Nemendaskrár voru með hefðbundnum hætti á árinu.

Þjónustufulltrúar í Nemendaskrár eru Hafdís Guðfinna Vigfúsdóttir og Dagbjört Katrín Jónsdóttir. Forstöðumaður Nemendaskrár er Bárá Sif Sigurjónsdóttir.

Þjónustuborð Kennslumiðstöðvar HA er staðsett í rými Nemendaskrár og eru tveir tæknimenn Kennslumiðstöðvar með starfsstöð þar, þeir Einar Bergur Björnsson og Einar Magnús Einarsson.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri er fjárhagslega sjálfstæð eining innan skólans. RHA nýtur ekki fastra fjárframlaga heldur aflar sér tekna með rannsóknarverkefnum og ráðgjöf fyrir fyrirtæki, stofnanir, ráðuneyti og félagasamtök og með innlendum og erlendum rannsóknarstyrkjum. Enn fremur veitir RHA starfsmönnum HA ráðgjöf og aðstoð á sviði rannsókna.

Markmið og hlutverk

Markmiðin með rekstri RHA eru í meginatriðum eftirtalin:

- Efla rannsóknir við HA
- Gefa út og kynna niðurstöður rannsókna við HA
- Styrkja tengsl HA við atvinnulífið
- Hafa samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Standa fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum
- Stunda þjónusturannsóknir

Þjónusta við Háskólann á Akureyri

RHA vinnur eftir rammasamningi um kaup HA á verkefnum frá RHA sem endurnýjaður var árið 2025.

Samningurinn nær til eftirfarandi atriða:

1. Rannsóknastarf og nýsköpun með samstarfsaðilum. Umsóknir um samstarfsrannsóknir þar sem leitað verður eftir samstarfi við deildir eða kennara innan HA sem og aðrar stofnanir sem eru í samstarfi við HA.
2. Vera virkir þátttakendur í umræðu um rannsóknir í háskólum.
3. Þátttaka starfsmanna í nefndum og ráðum á vegum HA og/eða tengdri starfsemi.
4. Þátttaka á fundum og ráðstefnum fyrir hönd HA.
5. Verkefni fyrir háskólann og deildir hans á sviði rekstrar, stjórnunar o.fl.
6. Umsýsla vegna Vísindaráðs.
7. Umsýsla vegna Vísindasjóðs HA.
8. Umsýsla vegna Végeirsstaðasjóðs.
9. Vinna fyrir jafnréttisráð.
10. Innri úttekt jafnlaunakerfis og jafnlaunaúttekt.
11. Veita starfsfólki fræðasviðanna ráðgjöf við hvaðeina sem við kemur tölfræðiúrvinnslu og aðstoð við notkun tölfræðiforrita, svo sem R og SPSS.
12. Samstarf við fræðasvið um undirbúning og framkvæmd fyrir stóra fundi og ráðstefnur.

13. Þátttaka í sameiginlegu innra starfi háskólans, svo sem sameiginlegum starfsmannafundum og fræðslu.
14. Ráðgjöf við kannanateymi HA.
15. Umsjón með ritveri HA.
16. Önnur verkefni sem RHA eru falin af skólanum.

Þátttaka í nefndum og ráðum

Líkt og undanfarin ár tóku sérfræðingar RHA þátt í ýmsum verkefnum í samfélaginu, svo sem í Hagsmunaráði Landsnets, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi, stýrihópi Sjálfbærni- og Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi og í Faghópi 3 um samfélagsáhrif í Rammaáætlun og fleira.

Framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins við Háskólann á Akureyri

RHA sér um framkvæmd Vísindaskóla unga fólksins fyrir hönd HA. Rekstur Vísindaskólans hefur verið í höndum RHA frá því að skólinn byrjaði árið 2015. Líkt og undanfarin ár héldu Dana Rán Jónsdóttir, sérfræðingur RHA, og Sigrún Stefánsdóttir utan um framkvæmd skólans. Hann stendur yfir í viku í júní ár hvert. Vísindaskólinn er ætlaður börnum á aldrinum 11–13 ára.

Skólinn er fjármagnaður með hóflegu námsgjaldi en þó aðallega með framlögum frá ýmsum félögum og fyrirtækjum á Akureyri. Fjöldi aðila styrkti Vísindaskólann að þessu sinni og hafa sumir styrktaraðilar stutt við starfsemina frá upphafi. Um 85 börn sóttu skólann og var kynjaskipting nokkuð jöfn.

Heiðursgestur var Halla Tómasdóttir forseti Íslands.

Á hverju ári er boðið upp á ný námskeið. Heiti á þeim voru:

- Að skynja náttúruna og hljóðin í trjánum
- Hvað kostar að vera unglingur? Er hægt að gera við dýru úlpuna?
- Risaeðlur og þróun mannsins. Af hverju erum við ekki öll eins?
- Hvernig er flott mynd og geta myndir logið?
- Hver stjórna landinu og hvernig bjó fólk í gamla daga?

Viðurkenning fyrir framúrskarandi vísindamiðlun

Í september hlaut Vísindaskóli unga fólksins viðurkenningu Rannís fyrir framúrskarandi Vísindamiðlun ársins 2025.

Viðurkenningin var veitt á opnun Vísindavöku af Sigríði Valgeirsdóttur, fulltrúa ráðuneytis menningar, nýsköpunar og

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



háskóla. Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor Háskólans á Akureyri, og Dana Rán Jónsdóttir, verkefnastjóri Vísindaskólans, tóku við viðurkenningunni við opnun Vísindavöku Rannís 2025.

Innra starf

Innra starf var með hefðbundnum hætti. Nýr sérfræðingur var ráðinn í upphafi árs í stað annars sem lét af störfum undir lok árs 2024 auk þess sem tveir nýir starfsmenn bættust í hópinn í eins árs afleysingu hvor um sig vegna forfalla. Hjá RHA störfuðu í árslok 9 manns hjá stofnuninni.

Starfsfólk sótti ýmis námskeið og fræðslu líkt og undanfarin ár. Meðal annars var haldinn fræðsludagur fyrir starfsfólk RHA. Þá var farið í vel heppnaða fræðsluferð til Tékklands og Póllands á haustmánuðum þar sem háskólar og rannsóknastofnanir voru heimsóttar með það fyrir augum að öðlast nýja þekkingu og koma á rannsóknasamstarfi.

Hjalti Jóhannesson sótti fund í verkefninu SUNREM til Stokkholms í júní ásamt Grétari Þór Eyþórssyni, prófessor við viðskiptafræðideild. Verkefnið fjallar um vinnumarkaði framtíðarinnar. Kynntu þeir niðurstöðurnar fyrir Ísland en verkefnið er leitt af Nordregio í Svíþjóð og er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

RHA fékk heimsókn frá kollegum úr Háskólanum í Dölnum í Svíþjóð og Inland Norway University of Applied Sciences í Noregi í tengslum við verkefnið *Enhancing labour opportunities for Ukrainian women in rural Nordic communities* sem styrkt er af Nordic Gender Equality Fund. Rannsóknin miðar að því að rannsaka hvernig konum sem flúðu Úkraínu til Norðurlandanna eftir innrás Rússa hefur vegnað á norrænum vinnumarkaði. Sæunn Gísladóttir og Marta Einarsdóttir leiða verkefnið fyrir hönd RHA.

Styrkir

RHA hlaut styrk úr Bygðarannsóknasjóði á árinu fyrir verkefnið *Tvíeggja sverð – leki óstaðbundinna starfa til höfuðborgarsvæðisins*. Umsækjandi fyrir hönd RHA var Hjalti Jóhannesson.

Rannsóknarverkefni

Rannsóknarverkefni sem unnin voru af starfsmönnum RHA voru fjölbreytt eins og undanfarin ár. Auk þess vann RHA gagnaöflun fyrir ýmsa aðila innan og utan Háskólans á Akureyri.

Ekki lýkur öllum verkefnum með skýrslu, svo sem minni háttar ráðgjafarverkefnum. Skýrslur um innri mál stofnana og

fyrirtækja, sem og ýmsar áfangaskýrslur, eru ekki birtar. Opinberar skýrslur eru aðgengilegar á vefsíðu RHA.

Hluti útgefna rannsóknaskýrslna starfsmanna RHA 2025:

Fjölkjarna sveitarfélög. Tilviksrannsókn um reynslu af framkvæmd íbúalýðræðis í fjórum sveitarfélögum: Fjarðabyggð, Ísafjarðarbæ, Múlaþingi og Norðurþingi. — Hjalti Jóhannesson og Arnar Þór Jóhannesson.

Vatnsaflsvirkjun í friðlandinu í Vatnsfirði? — Hjalti Jóhannesson, Arnar Þór Jóhannesson og Gró Einarsdóttir.

Samanburður jarðganga á Mið-Austurlandi, mat á arðsemi, umferðaröryggi, tengingu svæða og byggðaþróun. — Hjalti Jóhannesson og Jón Heiðar Þorvaldsson.

Skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum landsins: Samantekt um stöðu á fyrirkomulaginu um skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum í nágrennalöndunum. — Sæunn Gísladóttir og Kristjana Baldursdóttir.

Úttekt á áhrifum Matvælasjóðs á tímabilinu 2020–2024.

— Marta Einarsdóttir, Kristjana Baldursdóttir og Dana Rán Jónsdóttir.

Ráðstefnur, málstofur og kynningar

RHA rekur ráðstefnuþjónustu og skipuleggur fundi og kynningar sem haldnar eru í háskólanum í samstarfi við ýmsa aðila. RHA veitti þjónustu í tengslum við ráðstefnurnar:

- Samfélagið er lykill að íslensku
- Löggæsla og samfélagið

Starfsfólk RHA tók þátt í ýmsum kynningum og málþingum á árinu, má þar helst nefna:

Hjalti Jóhannesson. Hagræn áhrif ofanflóðavarna – Nokkrar hugleiðingar. Málþing um snjóflóð og samfélög. Ísafirði 5.–6. maí 2025.

Hjalti Jóhannesson. Ársfundur Byggðastofnunar 2025. Móttaka styrks fyrir rannsóknina Tvíeggjað sverð. 8. maí 2025 á Breiðdalsvík.

Hjalti Jóhannesson og Grétar Þór Eyþórsson. Framtíðarþróun og sjálfbærni vinnumarkaða á dreifbýlli svæðum Norðurlandanna. — Tilviksrannsókn á Íslandi. Kynnt á ráðstefnunni Íslenska þjóðfélagið, Hólum, 23.–24. maí 2025.

Hjalti Jóhannesson og Grétar Þór Eyþórsson. Sustainable Nordic Remote Labour Markets. Case studies in Iceland. Interviews:

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – RHA



Summary report. Presented at a project meeting in Stockholm 4.–5. June 2025

Arnar Þór Jóhannesson og Hjalti Jóhannesson. *Fjölkjarna sveit- arfélög* — Helstu niðurstöður. Kynning fyrir innviðaráðherra 7. ágúst 2025.

Lara W. Hoffmann. *Félagslegur fjölbreytileiki samfélaga: jafnvægi, áskoranir eða vannýtt sóknarfæri?* 4. nóvember 2025 í Mývatnssveit.

RHA í fjölmiðlum

RHA var mjög áberandi í fjölmiðlum á árinu og birtust tugir fréttar sem fjölluðu um rannsóknir RHA á einn eða annan hátt eða Vísindaskóla unga fólksins. Meðal annars má nefna:

Hjalti Jóhannesson, *sérfræðingur hjá RHA*, var í viðtali í kvöldfréttum RÚV 7. apríl 2025 vegna lokana á vegum og mats á jarðgöngum.

Virkjun í Vatnsfirði ekki eina leiðin til að bæta úr brýnum raforkuvanda. *Virkjun í friðlandinu í Vatnsfirði er ekki eina leiðin til að leysa raforkuvanda Vestfirðinga. Þetta er niðurstaða Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri sem skoðaði málið að beiðni umhverfisráðuneytisins.* Frétt á ruv.is um skýrslu RHA um útkomna skýrslu RHA 23. maí 2025.

Ísaffarðarbær: *vilja Vatnsdalsvirkjun í rammaáætlun.* Frétt á bb.is um útkomna skýrslu RHA 27. maí 2025.

Bæjarráð Ísaffarðarbæjar vill ekki útiloka virkjun í Vatnsfirði. *Bæjarráð Ísaffarðarbæjar telur áfram tilefni til að skoða virkjunarkosti í Vatnsfirði, þó breyta eða aflétta þyrfti friðlýsingu. Þörfin á uppbyggingu sé brýn og hindranir hamli öðrum virkjunarkostum.* Frétt á ruv.is um skýrslu RHA um útkomna skýrslu RHA 28. maí 2025.

Halla heiðrar Vísindaskóla unga fólksins. Frétt á mbl.is og viðtal við Sigrúnu Stefánsdóttur skólastjóra Vísindaskólans 26. júní 2025.

Geta forsetahjónin gengið á höndum? Frétt á Akureyri.net 29.06.2025.

Ungir vísindamenn útskrifaðir. Seinni fréttir RÚV 30.06.2025.

Ungir vísindamenn spurðu forsetahjónin spjörunum úr. Frétt á ruv.is 1. júlí 2025.

Forseti Íslands sló í gegn í Vísindaskóla unga fólksins. Frétt á Vikubladid.is 2. júlí 2025.

Friðlandi í Vatnsfirði ekki breytt. Frétt á vef stjórnarráðsins um útkomna skýrslu RHA 9. september 2025.

Engin virkjun í Vatnsfirði. Kvöldfréttir RÚV um niðurstöðu skýrslu RHA og ákvörðun ráðherra 9. september 2025.

Vísindaskólinn fær viðurkenningu Rannís. Frétt á Akureyri.net 27. september 2025.

Innviðafélag í eigu ríkisins gæti leyst úr fjölda verkefna í vegakerfinu. *Sérfræðingur hjá RHA segir að innviðafélag, líkt og innviðaráðherra vill stofna, ætti að geta leyst úr fjölda verkefna sem lengi hafa legið ókláruð í vegakerfinu. Þar megi ekki einblína of mikið á jarðgöng. Mörg önnur samgönguverkefni séu afar brýn. Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur hjá RHA, var í viðtali hjá RÚV 1. október 2025.*

„Stóra viðurkenningin er að sjá gleði í augum barnanna“.

Viðtal við Sigrúnu Stefánsdóttur og Dönu Rán Jónsdóttur í Vikublaðinu 2. október 2025.

Hjalti Jóhannesson, viðtal í Speglinum á RÚV Rás 2 þann 4. desember 2025 vegna samgönguáætlunar.

Fullyrðing ráðherra rími ekki við niðurstöður skýrslu RHA. *Höfundur skýrslu um jarðgangakosti á Austurlandi segir Fjarðagöng ekki mynda þá hringtengingu sem innviðaráðherra nefndi í kynningu sinni á nýrri samgönguáætlun. Ráðherrann vísaði til skýrslunnar í kynningunni.* Frétt á ruv.is vegna samgönguáætlunar og greiningarvinnu RHA. Frétt á ruv.is 4. desember 2025.

Ábati Fjarðarheiðarganga metinn neikvæður um 37 milljarða króna. Frétt á [Vísí](http://Visi) um skýrslu RHA um jarðgöng á Austurlandi 4. desember 2025.

Fyrirséð að breytt forgangsróðun jarðgangaframkvæmda hefði slæm áhrif á andann í samfélaginu. *Ný samgönguáætlun hefur hlotið harða gagnrýni vegna breyttrar forgangsróðunar jarðgangaframkvæmda. Skýrsluhöfundur um jarðgöng segir það hafa verið fyrirséð að ef forgangsróðun yrði raskað hefði það slæm áhrif á andann í samfélaginu. Jón Þorvaldur Heiðarsson, meðhöfundur skýrslu RHA um jarðgöng á Austurlandi, var í viðtali hjá RÚV 5. desember 2025.*

„Ég vísa ekki beint í þessa skýrslu“. Frétt á [Vísí](http://Visi) um skýrslu RHA um jarðgöng á Austurlandi 5. desember 2025.

Ríkisstjórnin metur arðsemi fram yfir umferðaröryggi. „Í arðseminni koma Mjóafjarðargöngin betur út“. Frétt í Mannlífi 5. desember 2025.

Skilur vonbrigðin en hafnar því að hafa tekið óupplýsta ákvörðun. Frétt á [Vísí](http://Visi) um skýrslu RHA um jarðgöng á Austurlandi 9. desember 2025.

Á vef RHA, www.rha.is, má finna nánari upplýsingar um starfsemi miðstöðvarinnar.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hlutverk Upplýsingaþjónustu og bókasafns er að tryggja aðgang að vönduðum og fjölbreyttum safnkosti til stuðnings námi, kennslu og rannsóknum, með áherslu á faglega og persónulega þjónustu. Bókasafnið veitir jafnframt bókasafnsþjónustu við Háskólann á Hólum sem samsvarar 25% stöðugildi. Rafrænn safnkostur er aðgengilegur í opnum aðgangi, í landsaðgangi (hvar.is), í Skemmunni (lokaverkefni) eða með séráskriftum á staðarneti háskólans. Rafrænn safnkostur stuðlar að auknu jafnræði stúdenta í sveigjanlegu námi, þar sem hann gerir þeim kleift að nálgast námsefni óháð stað og stund. Auk þess safnkosts sem keyptur er til eignar, bæði í prentuðu og rafrænu formi, veitir bókasafnið notendum aðgang að efni með millisafnalánum.

Forstöðukona sviðsins er Astrid Margrét Hoddevik Magnúsdóttir. Í lok árs störfuðu sex starfsmenn á sviðinu í samtals 5,3 stöðugildum. Á sviðinu starfa Sigríður Vilhjálmsdóttir, verk-

efnastjóri aðfangadeildar og staðgengill forstöðukonu, Kristín Konráðsdóttir, verkefnastjóri útlánadeildar, auk Lindu Sólveigar Magnúsdóttur, Sigríðar Ástu Björnsdóttur og Piu Susönnu Sigurlínu Viinikka, sem allar eru verkefnastjórar í þjónustudeild.

Kennsla og þjálfun í upplýsingalæsi (UL) er ein af grunnstoðum starfsemi bókasafnsins. Kennslan fer fram meðal annars í námskeiðum í samstarfi við kennara en jafnframt er hægt að bóka einstaklingsviðtal til að fá ráðgjöf og leiðsögn. Grunn-, meistara- og doktorsnemar, sem og rannsakendur, geta bókað viðtal til að fá aðstoð við rannsóknarvinnu og upplýsingaöflun. Á árinu höfðu slík viðtöl og ráðgjöf náð til 221 nemanda og rannsakenda í um 130 klukkustundir, bæði á staðnum og með rafrænum hætti. Samtals náði formleg kennsla í UL, námskeiðahald og önnur aðstoð til 1308 nemenda og starfsmanna á árinu 2025.



UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Bókasafnið tekur virkan þátt í samstarfsverkefnum, vinnuhópum og viðburðum á landsvísu, auk samstarfs við aðrar einingar háskólans. Meðal núverandi og nýrra samstarfsverkefna má nefna eftirfarandi:

- Eitt af samstarfsverkefnum bókasafnsins og Miðstöðvar doktorsnáms og stjórnáslu rannsókna (MD) er samvinna um málefni tengd opnum vísindum. Það er því ánægjulegt að í stefnu Háskólans á Akureyri 2025–2030 kemur fram að rannsóknarmenning háskólans skuli miða að opnum vísindum, með áherslu á alþjóðlegt samstarf og að rannsóknar-afurðir og gögn verði gerð aðgengileg í opnum aðgangi.
- Í febrúar tók bókasafnið þátt í málþingi Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöðvar (KHA), Samtal um gervigreind í háskólasamfélaginu, þar sem Astrid Margrét og Pia Sigurlína fjölluðu um gervigreind út frá sjónarhóli heimildaöflunar og gagnasafna.
- Í byrjun maí heimsóttu bókasafns- og upplýsingafræðingar úr framhaldsskólum landsins bókasafnið og fengu kynningu á starfsemi, þar á meðal upplýsingalæsiskenntu og notkun gervigreindar á sviðinu.
- Í maí gerði Háskólinn á Akureyri tveggja ára samning við Scite.ai sem veitir starfsfólki og stúdentum aðgang að einu öflugasta rannsóknar- og tilvísunartóli sem völ er á í dag. Scite nýtir gervigreind til að greina heimildir, draga fram samhengi og auka gegnsæi í vísindastarfi. Bókasafnið og KHA standa sameiginlega að áskriftarkostnaðinum og er Scite markvisst nýtt í upplýsingalæsiskenntu bókasafnsins.
- Í september stóð vinnuhópur um UL, þar sem bókasafnið á fulltrúa, fyrir málþinginu Er þetta heimild? — Málþing um gervigreindarlæsi og notendafræðslu á háskólabókasöfnum. Á málþinginu var fjallað um hvernig nýta mætti gervigreind á háskólabókasöfnum til að bæta heimildaleit, notendafræðslu og rannsóknarstuðning. Einnig var rætt um verkfæri, verkferla og fyrirmælatækni (*e. prompts*) sem hægt er að taka í notkun strax í daglegu starfi. Þá var jafnframt farið yfir þau fræðilegu heilindi sem þarf að hafa í huga við notkun gervigreindar og hvernig innleiðing hennar getur farið fram á ábyrgan hátt.
- Bókasafnið tók þátt í Alþjóðlegri viku opins aðgangs sem haldin var dagana 20.–26. október undir yfirskriftinni „Hver á þekkinguna?“ þar sem fjallað var um eignarhald

og aðgengi að þekkingu í nútímasamfélagi. Dagskráin var skipulögð af samstarfshópi háskólabókasafna um opin vísindi þar sem bókasafnið á fulltrúa. Framlag Háskólans á Akureyri var hlaðvarpsþáttur með Magnúsi Smára Smárasyni og Piu Sigurlínu um Scite.ai.

- Í nóvember tóku starfsmenn bókasafnsins þátt í samráðsfundum með forstöðumönnum háskólabókasafna og öðrum hagaðilum um stefnumótun um opin vísindi og opin gögn á vegum Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins.
- Bókasafnið hefur tekið virkan þátt í innleiðingu og þróun IRIS rannsóknarkerfisins, sem birtir rannsóknarvirki íslenskra háskóla og þeirra stofnana sem að kerfinu standa. Bókasafnið ber ábyrgð á gæðaeftirliti með afurðum og gögnum, en yfirumsjón kerfisins er í höndum MD. Á síðasta ári hófust umfangsmiklar breytingar á kerfinu og hefur sjálfstæði og ábyrgð Háskólans á Akureyri aukist verulega í kjölfar þeirra. Frekari aðlögun og breytingum var lokið á árinu og eru nú fjórar stofnanir, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Háskóli Íslands og Landspítali, komnar í eigin einingu (síló).

Í mars hlutu Astrid Margrét og Sigríður Vilhjálmsdóttir ERASMUS+ styrk til kennara og starfsmannaskipta til að heimsækja Oslo Metropolitan University (OsloMet). Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna sér starfsemi og þjónustu háskólabókasafnsins, þar á meðal innleiðingu Leganto kerfisins (rafrænna leslista fyrir nemendur) og rannsóknarþjónustu bókasafnsins.

Eitt umfangsmesta verkefni sviðsins á árinu var innleiðing Leganto kerfisins frá Ex Libris, sem heldur utan um rafræna leslista í Canvas. Innleiðingin hófst í maí og henni lauk í október. Í framhaldinu fóru fram kynningar í deildum og á fundum stjórnar fræðasviða og í desember voru haldin námskeið fyrir kennara. Verkefnastjórn innleiðingarinnar var í höndum forstöðukonu sviðsins í samvinnu við starfsmenn KHA, Landskerfis bókasafna og Ex Libris.

Bókasafnið hefur átt í samtali við forseta Hug og félagsvísindasviðs, Tom Barry, sem hefur stýrt Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (SVS) eftir sameiningu hennar við háskólann, um mat á bókakosti stofnunarinnar. Starfsfólk bókasafnsins hefur verið í þessum viðræðum frá árinu 2024 og standa þær enn yfir.

Umfangsmikil vinna við endurbætur og upp færslu á vef bókasafnsins hefur staðið yfir á árinu í samvinnu við Kristjönu

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA OG BÓKASAFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Hákonardóttur vefstjóra og Silju Jóhannesar Ástudóttur samskiptastjóra háskólans. Breytingarnar snúa meðal annars að upplýsingum um rannsóknarþjónustu sviðsins, opnum vísindum og uppfærðum leiðbeiningum sem gerðar hafa verið aðgengilegar notendum bókasafnsins. Stefnt er að því að ljúka verkinu á árinu 2026.

Vinna við stefnumótun sviðsins vegna innleiðingar stefnu Háskólans á Akureyri 2025–2030 hófst í lok ársins. Starfsfólk tók þátt í vinnustofu undir leiðsögn Katrínar Frímansdóttur um hvernig nýta megi áhrifalíkan (e. logic model) við verkefni og markmið sviðsins sem tengjast heildarstefnu háskólans. Markmið bókasafnsins sem unnið verður að á næsta ári er að efla rannsóknarþjónustu og rannsóknarmenningu meðal rannsakenda og stúdenta Háskólans á Akureyri.

Þrjár myndlistarsýningar voru haldnar á árinu. Í upphafi árs sýndi Unnur Stella Nielsdóttir, listmálari og leirlistakona, málverk frá síðustu fimm árum undir yfirskriftinni Fimm skref. Í mars opnaði Toggi Nolem (Þorgils Gíslason) sýninguna Landbrot, þar sem fjöll og eyjar úr íslensku landslagi voru í aðalhlutverki. Í september sýndi Lísbet Hannesdóttir, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála háskólans, verk með fjölbreytilegri áferð, unnin með sandi, spartli og akrýlmálningu, undir heitinu Á ferð & hugar flugi.

Á árlegri jólastund bókasafnsins sagði Tom Barry, sviðsforseti Hug- og félagsvísindasviðs, frá jólahaldi í heimalandi sínu, Írlandi.



KENNSLU- OG UPPLÝSINGATÆKNIMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – KHA

Kennslu- og upplýsingatæknimiðstöð Háskólans á Akureyri (KHA) styður kennara við þróun sveigjanlegra kennsluhátta með faglegri ráðgjöf, námskeiðum og þátttöku í þróunarverkefnum sem tengjast upplýsingatækni og kennslufræði. Árlega taka kennarar þátt í þróunarnámskeiðum til að betrubæta námskeið með tilliti til kennslufræði og tækni.

KHA ber ábyrgð á prófahaldi, námsmati og öllum stýri- og netkerfum háskólans. Kerfismál eru ákveðin af teymi sem tryggir samfellu milli kennslufræði og tækniástoðar. Þverfaglegt samstarf kennslufræðinga og tæknimanna er lykilatriði fyrir háskóla sem leggja áherslu á sveigjanlegt nám.

Þjónusta og ráðgjöf

Hluti af daglegri starfsemi KHA eru opinir tímar fyrir ráðgjöf og aðstoð starfsfólks háskólans í gegnum fjarfundi, virka daga kl. 11:00–12:00. Árið 2025 voru 632 heimsóknir skráðar yfir 11 mánaða tímabil. Þá er hægt að bóka ráðgjöf í gegnum rafrænt beiðnakerfi KHA.

Árið 2025 bárust 4521 beiðni, sem náðu yfir öll helstu kerfi háskólans, frá uppsetningu námskeiða í Canvas til kennslufræðilegrar ráðgjafar. Öllum beiðnum er sinnt í gegnum rafræna þjónustuborðið okkar: <https://hjalp.unak.is>

Þróun stafrænnar hæfni og alþjóðleg verkefni

Árið 2025 voru haldnar 35 vinnustofur með áherslu á ákveðna færni í stafrænu umhverfi, einkum innan háskólakennslu. KHA tekur þátt í Evrópuverkefninu CUTE (Competencies for Universities - Using Technology in Education), sem styður stafræna hæfni kennara og stofnana.

Gervigreind og stefnumótun

KHA hefur lagt aukna áherslu á að innleiða og rannsaka gervigreind innan háskólans seinustu ár með hádegismálstofum og vinnustofum. Verkefnastjóri gervigreindar hóf störf á árinu 2025. Hlutverk hans er að stýra innleiðingu og stefnumótun í notkun gervigreindar innan háskólans, auk fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur. Starfsmaður hóf strax vinnu við að búa til og móta stefnu um ábyrga notkun gervigreindar við Háskólann á Akureyri. Stefnan var svo samþykkt í háskólaráði í nóvember 2025.

Eins hófst vinna við BORG sem er stafrænt þróunarumhverfi Háskólans á Akureyri sem leggur áherslu á hagnýtingu gervigreindar, gagnsæi og samfélagslega ábyrgð. Vettvangurinn er í stöðugri þróun til að mæta hröðum tæknibreytingum og vaxandi þörf fyrir sveigjanlegar lausnir í námi og starfi.

Starfsemi BORG styður beint við stefnu Háskólans um ábyrga notkun gervigreindar, þar sem lögð er áhersla á að tæknin sé notuð sem verkfæri til að efla manneskjuna en komi aldrei í stað sjálfstæðrar hugsunar eða fræðilegra vinnubragða. Með því að bjóða upp á leiðbeinandi verkfæri skapar BORG öruggt rými fyrir nemendur og starfsfólk til að auka gervigreindarlæsi sitt, kanna nýja möguleika og skapa lausnir sem byggja á ábyrgri og gagnsærri tækninotkun

Kennsluráðstefna og kennslufræðinám

Kennsluráðstefna KHA var haldin í níunda sinn á vormisseri 2025 undir yfirskriftinni Hvað er góð háskólakennsla? Aðal- fyrirlestur var frá Auðbjörgu Björnsdóttur forstöðumanni KHA og Óskari Þór Vilhjálmssyni skrifstofustjóra KHA. Flutt voru 33 erindi frá kennurum Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Kennslufræðinámskeiðið Háskólakennsla og háskólanám var haldið fyrir fastráðið starfsfólk HA. Námskeiðið er tíu ECTS-einingar á meistarastigi, stendur yfir frá haust- og vormisseri hvert skólaár og er í senn fræðilegt og hagnýtt. Námskeiðið er kennslufræði á háskólastigi, kenningar og aðferðir, og einnig vinna kennarar meðfram námskeiðinu að breytingum á eigin námskeiðum við háskólann. Tóku 12 kennarar þátt og munu þeir kynna kennsluþróun sína á Kennsluráðstefnu KHA 2025.

Alþjóðlegt samstarf og rannsóknir

Starfsfólk KHA tekur virkan þátt í alþjóðlegum verkefnum, m.a. CUTE-verkefninu og öðrum Evrópustyrktum rannsóknarverkefnum með Símenntun HA. Starfsmenn hafa flutt erindi á ráðstefnum innanlands og erlendis, þ.m.t. Menntakviku Háskóla Íslands og ráðstefnu Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Starfsfólk KHA

Fastráðnir starfsmenn KHA árið 2025 voru fimmtán í 14,5 stöðugildum. Forstöðumaður er Auðbjörg Björnsdóttir.

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélagið hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bak við aðildarfélög til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda.

Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint.

Einnig vinnur félagið náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta, og hafa formaður SHA og varaformaður haft veg og vanda af því starfi.

Forseti SHA er helsti talsmaður stúdenta Háskólans á Akureyri innan skóla og utan.

Aðildarfélög SHA eru deildarfélög háskólans, sjö talsins. Þau sjá um hagsmunagæslu félagsmanna sinna. Fulltrúar aðildarfélaga sitja deildarfundum, fundi með stjórn fræðasviðs og fræðasviðsfundi. Þá tilnefna aðildarfélögin einnig fulltrúa í náms- og matsnefndir sinna deilda.

Loks standa aðildarfélögin fyrir viðburðum til að efla félagslífið. Það er val stúdenta hvort þeir skrá sig í aðildarfélag eða ekki.

Aðildarfélög SHA eru:

- Data*, félag tölvunarfræðinema
- Eir*, félag heilbrigðisnema
- Kumpáni*, félag félagsvísinda- og sálfræðinema
- Magister*, félag kennaranema
- Reki*, félag viðskiptafræðinema
- Stafnbúi*, félag nema í auðlindafræðum
- Þemis*, félag laganema.

Stúdentaráð fer með æðsta vald SHA milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn SHA, formenn aðildarfélaga, formenn fastanefnda, og fulltrúar stúdenta í Háskólaráði og Gæðaráði HA. Á fundum stúdentaráðs eiga áheyrnarsæti, með tillögurétt,



Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2025-2026, Rakei Sif Davíðsdóttir fjármálastjóri, Dagbjört Elva Kristjánsdóttir forseti og Briet Stefanía Þorsteinsdóttir varaforseti.

fulltrúar SHA í Landssamtökum íslenskra stúdenta og fulltrúar SHA í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri.

Á vegum stúdentaráðs starfa ýmsar fastanefndir.

Starfstími stúdentaráðs er á milli aðalfunda SHA, en aðalfundur er haldinn fyrir lok mars ár hvert.

Daglegur rekstur félagsins er í höndum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjórn er skipuð forseta, varaforseta og fjármálastjóra SHA. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að halda réttindaskrifstofu félagsins opinni fyrir stúdentum og stúdentar geta líka haft samband við framkvæmdastjórn í gegnum samfélagsmiðla.

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn hjá nýju stúdentaráði árið 2025 var haldinn 15. apríl og voru fundirnir alls ellefu talsins á starfsárinu. Fimmtán stúdentar áttu sæti í stúdentaráði.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Eins og undanfarin

STÚDENTAFÉLAG HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SHA



ár var einróma samþykkt að aðaláherslan í starfseminni væri hagsmunabaráttá og hagsmunagæsla stúdenta.

Meðal verkefna stúdentaráðs er að halda uppi félagslífinu. Stúdentafélagið skipulagði stærra viðburði eins og nýnemagleði og sprellmót. Vel heppnuð vísindaferð til Reykjavíkur, Stóra-Vísó, var haldin í lok janúar og þá bauðst stúdentum að taka þátt í vísindaferðum aðildarfélaganna, hvar sem þeir voru búsettir á landinu. Árshátíð SHA var síðan haldin 21. febrúar í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri og skemmtu stúdentar sér vel.

Líkt og síðustu fjögur starfsár hefur SHA haft þjónustusamning

við Stúdentaráð Háskóla Íslands um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað Stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.



Stúdentaráð 2025–2026.

FÉLAGSSTOFNUN STÚDENTA Á AKUREYRI – FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta Akureyri er félagasamtök sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar við HA og Akureyrarbær eiga aðild að. Tilgangur FÉSTA er að eiga og reka stúdentaíbúðir og annast aðra þjónustu við stúdentana. Sérstakar reglur gilda um úthlutun stúdentahúsnæðis. Umsóknarfrestur fyrir úthlutun húsnæðis í byrjun hvers skólaárs er til 20. júní ár hvert.

Félagsstofnun rekur stúdentagarða við:

Skarðshlíð 46, með 22 herbergjum og 6 íbúðum sem teknar voru í notkun 1989

Klettastíg 2-4-6, með 12 herbergjum og 18 íbúðum sem teknar voru í notkun 1993 – 1994

Drekagil 21, þar sem 29 íbúðir voru teknar í notkun 2000

Tröllagil 29, með 36 tveggja og þriggja herbergja íbúðum sem teknar voru í notkun í september 2004

Kjalarsíðu 1A/B, með 40 íbúðum sem teknar voru í notkun í ágúst 2008

Framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta er Jóhannes Baldur Guðmundsson.

Stjórn FÉSTA skipuðu:

Halla Margrét Tryggvadóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar

Hólmar Svansson, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Helga María Pétursdóttir, fulltrúi Háskólaráðs Háskólans á Akureyri

Dagbjört Elva Kristjánsdóttir, stúdent, skipuð af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Aðalbjörn Jóhannsson, stúdent, skipaður af Stúdentafélagi Háskólans á Akureyri

Vefsíða FÉSTA www.festaha.is

Tölvupóstur: festa@unak.is



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



Símenntun Háskólans á Akureyri er ætlað það meginhlutverk að bjóða upp á alhliða sí- og endurmenntun á háskólastigi með þarfir viðskiptavina og hagkvæmni í rekstri að leiðarljósi.

Símenntun nýtur ekki opinberra fjárveitinga sem gerir þær kröfur að starfsemin standi undir útlögðum kostnaði og taki tillit til samkeppnislaga. Þjónusta sem lýtur að húsnæði og fjárhagslegum rekstri Símenntunar er keypt af viðkomandi einingum Háskólaskrifstofu HA.

Samstarf Háskólans á Akureyri við University of The Highlands and Islands – UHI í Skotlandi, sem hófst vorið 2020, hélt áfram. Það gerir nemendum kleift að stunda MBA-nám við UHI í fjarnámi. Námið er vottað af The Quality Assurance Agency for Higher Education – QAA í Bretlandi. Það felur í sér sex áfanga og ritgerð og fá nemendur tæknilega aðstoð og almenna handleiðslu þegar við á hjá Símenntun HA. Í haust útskrifaðist fjórði hópurinn frá UHI sem fór í námið í gegnum Símenntun. Haustið 2025 bættist við meistarágráða í verkfræði sem og

meistaragráða í sjálfbærni frá sama skóla en skráning fór hægt af stað. Stefnt er að því að auka skráningu í þær námsbrautir á næstu misserum.

Áfram býður Símenntun fyrirtækjum og stofnunum að setja upp og halda sérsniðin námskeið í fjarkennslu með aðgengi að Zoom og Canvas. Árið 2023 hófst samstarf Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um hýsingu náms slökkviliðsmanna og á árinu 2024 bættist við nám merkjalýsenda frá sömu stofnun. Samstarfið hefur gengið ágætlega og stefnt er að því að auka það enn frekar á næstu árum.

Samstarf við Heyrna- og talmeinaastöðina og háskólann í Örebro í Svíþjóð hélt áfram að þróast og á árinu 2023 var lagður grunnur að samstarfi um BSc í heyrnafræði frá þessum samstarfsaðilum sem endaði með því að skrifað var undir samning við heilbrigðisráðuneytið í upphafi árs 2024. Samstarf við það ráðuneyti hefur aukið áhuga sérgreina á samstarfi við Símenntun og verið er að vinna að nokkrum slíkum, þó að það hafi



SÍMENNTUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI



engan ávöxt borið að svo stöddu. Námið í heyrnafræði fór vel af stað árið 2025 og hófu 8 nemendur nám við skólann í gegnum Símenntun, þó að einungis 4 kláruðu fyrstu önnina. Sökum fámennis hjá Heyrna- og Talmeinstöðinni geta einungis 4 nemendur hlotið verklega þjálfun og því ekki hægt að hleypa fleirum í gegn, þó að umsóknirnar væru rúmlega 50 þetta árið.

Frá árinu 2017 hefur Símenntun, fyrir hönd háskólans, annast rekstur stjórnendanáms sem þróað er af Starfsmenntasjóði Samtaka atvinnulífsins og Sambandi stjórnendafélaga. Námið er á þriðja og fjórða hæfniprepi íslenska hæfnirammans um menntun og námslok og er það metið til 30 ECTS-eininga. Um er að ræða 100% fjarnám og skiptist það í fimm lotur sem nemendur stunda þar sem þeir kjósa, en öll kennsla og námsefni er á vefsvæðinu Canvas.

Samstarfið hefur gengið vel og stefnt að áframhaldandi samstarfi hvað það nám varðar.

Leiðsögunámið er enn á sínum stað og fékk m.a. vottun frá Sí í lok árs 2025.


Fjöldi fjölbreytta minni námskeiða voru haldin af Símenntun árið 2025. Námskeiðin voru jafn mismunandi og þau voru mörg og aðsókn jókst talsvert frá árinu áður og sló í raun fyrri met en aldrei hafa fleiri nemendur skráð sig í nám og námskeið hjá Símenntun og árið 2025.

Símenntun hefur haldið áfram að efla samstarf við svið skólans og í dag eru fjögur svið með samstarfssamning við Símenntun Háskólans á Akureyri.

Erlend verkefni eru enn fyrirferðamikil hjá Símenntun, en Símenntun leiðir þrjú slík verkefni og er þátttakandi í því fjórða. Snúa þau m.a. að tölvunotkun, gervigreind eða umhverfsvitund.

Að lokum er vert að nefna að Símenntun hefur gert fjölda samstarfssamninga á árinu, m.a. við sparisjóðina, Lyfju, Félag lögfræðinga, Félag náttúrufræðinga og fleiri hagsmunasamtök og stéttarfélög.

Við Símenntun eru þrjú full stöðugildi og eitt 50% stöðugildi. Símenntunarstjóri er Stefán Guðnason.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ-HA

Hlutverk Sjávarútvegsmiðstöðvar Háskólans á Akureyri er að efla tengsl háskólamenntunar við íslenskt atvinnulíf á sviði sjávarútvegs og stoðgreina hans og stuðla að rannsóknum og nýsköpun, atvinnugreininni til framdráttar, í samstarfi við erlenda og innlenda sérfræðinga, stofnanir og fyrirtæki. Hlutverk hennar er enn fremur að stuðla að kynningu íslensks sjávarútvegs og stoðgreina hans á lægri skólastigum og meðal almennings. Sjávarútvegsmiðstöðin heyrir undir Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði.

Sjávarútvegsmiðstöðin þarf alfarið að standa undir sér hvað varðar rekstur. Árið 2025 komu um 70% af tekjum miðstöðvarinnar frá fyrirtækjum í sjávarútvegi og fiskeldi og velti miðstöðin um það bil 30.000.000 kr. Sjávarútvegsmiðstöðin gerði samning við Norræna ráðherraráðið um rannsókn á frístundaveiðum bæði í ám, vötnum og á sjó en það var samvinnuverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar og Noregs og var því skilað í lok október. Greiddar voru um 4.500.000 milljónir fyrir verkefnið sem runnu til Sjávarútvegsmiðstöðvarinnar.

Starfsemi miðstöðvarinnar á árinu 2025 var með svipuðu

sniði og árið áður. Eitt af verkefnum hennar var rekstur Sjávarútvegsskóla unga fólksins sem nær til allra landshluta. Hann er ætlaður grunnskólanemendum á aldrinum 13–16 ára. Tilgangur Sjávarútvegsskólans er að kynna ungu fólki möguleika sjávarútvegs og tengdra greina sem framtíðarvinnustaðar. Kennarar við skólann eru aðallega stúdentar í sjávarútvegsfræði og líftækni við Háskólann á Akureyri, ýmist brautskráðir eða enn í námi.

Starfsemin er svæðisbundin og skólinn er haldinn á þéttbýlistöðum víðs vegar um landið. Aðalstyrktaraðilar eru fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum sem og viðkomandi sveitarfélög og bæjarfélög og er skólinn starfræktur í nánú samstarfi við vinnuskóla á hverjum stað. Nemendur Sjávarútvegsskólans árið 2025 voru um 310.

Fiskeldisskóli unga fólksins hefur einnig verið starfræktur undanfarin ár með sama sniði og Sjávarútvegsskólinn en árið 2025 féll kennsla niður vegna þess að ekki fengust kennarar. Forstöðumaður miðstöðvarinnar annaðist skipulagningu Sjávarútvegsskólans og hafði alla umsjón með framkvæmd.



SJÁVARÚTVEGSMIÐSTÖÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI – SJÁ-HA

Haldið var áfram vinnu við verkefnið BRIDGES CoVE, sem er samstarf fjögurra landa um úttekt á námi í fiskeldi og gerð tillagna að skipulagi náms fyrir framtíðarstarfsmenn fiskeldisstöðva. Verkefnið hlaut veglegan styrk frá Erasmus+ árið 2020 og lauk því formlega í október 2024 en hnýttir voru ýmsir lausir endar árið 2025.

Forstöðumaður annaðist bókhald fyrir félagið Konur í sjávarútvegi árið 2025 eins og árin á undan. Sú vinna og vinnuaðstaða er stuðningur miðstöðvarinnar við félagið.

Nánar um sjávarútvegsskóla unga fólksins á árinu 2025.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Austurlandi fór fram á Vopnafirði og Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað, á Eskifirði og á Seyðisfirði.

Aðalstyrktaraðilar voru Síldarvinnslan hf., Brim hf., Loðnuvinnslan hf. og Eskja hf. en auk þess styrktu skólann sveitarfélagið Múlaþing, Hafnarsjóður Fjarðabyggðar, Vopnafjarðarhreppur og Egersund ehf. Þá komu björgunarsveitir byggðarlaganna að verkefninu.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins á Norðurlandi fór fram á Akureyri, Dalvík, Grenivík og í Fjallabyggð. Aðalstyrktaraðili var Samherji hf. en auk þess styrktu Kælismiðjan Frost ehf., Gjögur hf., Sæplast Iceland ehf. og Frosti ehf. skólann.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins í Reykjavík var haldinn í sjötta sinn sumarið 2025. Aðalstyrktaraðilar voru Brim hf., Útgerðarfélag Reykjavíkur hf. og Iceland Seafood ehf. Einnig veittu Marel Iceland ehf., Faxaflóahafnir sf. og Samhentir kassagerð ehf. styrki til skólans.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var í fjórða sinn kenndur á Ísafirði sumarið 2025. Aðalstyrktaraðilar voru Hraðfrystihúsið Gunnvör hf., Fiskvinnslan Íslandssaga ehf., Háafell ehf., Klofningur ehf. og Arctic Fish ehf.

Sjávarútvegsskóli unga fólksins var kenndur í þriðja sinn árið 2025 í Snæfellsbæ. Kostnaður skólans var alfarið greiddur af sveitarfélaginu Snæfellsbæ.

Starfsfólk

Eitt stöðugildi er við Sjávarútvegsmiðstöðina. Guðrún Arndís lét af störfum á árinu vegna aldurs eftir farsælan feril hjá miðstöðinni og eru henni þökkúð hennar miklu störf við uppbyggingu, vöxt og viðgang miðstöðvarinnar.

Fjórir nemendur í sjávarútvegsfræði og líftækni við HA, ýmist enn í námi eða brautskráðir, voru ráðnir tímabundið við Sjávarútvegsskóla unga fólksins.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Rannsóknamiðstöð ferðamála er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. RMF sinnir viðfangsefnum á sviði ferðamálarannsókna í tengslum við atvinnulíf og innlenda sem erlenda háskóla. Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands.

Að venju fólst meginstarfsemi RMF á árinu í gagnasöfnun, úrvinnslu og skýrsluskrifum. RMF kom að fjölmörgum rannsóknarverkefnum ásamt því að taka þátt í samstarfi innlendra og erlendra rannsakenda á ýmsum sviðum. Það var mikil fjölbreytni í rannsóknarefnum en sem dæmi um ný verkefni sem hófust á árinu má nefna rannsóknir á viðhorfum ferðamanna til virkjana og mannvirkja við Kárahnjúka, ferðamönnum sem heimsóttu söfn og sýningar í Reykjavík, norrænt verkefni um mótun ferðamálastefnu fyrir valda áfangastaði á Íslandi, í Færeyjum og Noregi og evrópskt samstarfsverkefni sem snýr að innviðaupbyggingu sveitarfélaga í ferðaþjónustu.

Starfsmenn rannsóknamiðstöðvarinnar fóru um víðan völl til að miðla rannsóknum sínum á ráðstefnum og málstofum bæði hérlendis og erlendis. Rannsóknardagur RMF var haldinn í Hveragerði í maí en dagurinn er tileinkaður doktorsrannsóknum í ferðamálum á Íslandi þar sem doktorsnemar, leiðbeinendur og sérfræðingar hittast og ræða doktorsrannsóknir nemendanna. Í maí skipulagði RMF einnig ráðstefnu á Akureyri í samstarfi við Rannsóknarsetur skapandi greina um menningarferðaþjónustu og ferðamálastefnu til 2030. Þar að auki stóð RMF fyrir málstofu á Nordic Symposium on Hospitality and Tourism Research, sem haldin var í Danmörku, um sjálfbæra eyjaferðamennsku og fyrir pallborðsumræðum á Þjóðarspegli 2025 í Háskóla Íslands um ferðamannalandið Ísland.

Tímaritið Ferðamál á Norðurlóðum (FerNor) sem RMF gefur úr er hægt og rólega að festa sig í sessi og árið 2025 voru í gangi greinarköll fyrir tvö sérhefti og í kjölfarið hófst ritrýniferli. Annars vegar var um að ræða opið greinakall í sérhefti um nærandi ferðaþjónustu og hins vegar lokað greinakall meðal þátttakenda á áttundu ráðstefnu International Polar Tourism Research Network (IPTRN) sem haldin var í Svíþjóð í júní 2024. Alls voru birtar tvær fræðigreinar og tveir rannsóknarpistlar í sérhefti um nærandi ferðaþjónustu auk inngangs og lokakafla.

Líkt og við á um allar útgáfur FerNor tímaritsins er hægt að nálgast greinarnar og pistlana í opnum aðgangi á heimasíðu þess hér: www.arctictourism.is

Starfsfólk RMF á árinu 2025:

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
Ása Marta Sveinsdóttir sérfræðingur
Eyrún Jenný Bjarnadóttir sérfræðingur
Johannes Welling sérfræðingur
Vera Vilhjálmisdóttir sérfræðingur
Þórný Barðadóttir sérfræðingur
Gyde Rudolph aðstoðarmaður
Ríke Nissen starfsnemi
William Danso starfsnemi

Í árslok 2025 sátu í stjórn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála:

Þórhallur Örn Guðlaugsson,
frá Háskóla Íslands, formaður stjórnar
Hafdís Björg Hjálmarsdóttir, frá Háskólanum á Akureyri
Ingibjörg Sigurðardóttir, frá Háskólanum á Hólum
Unnur Svavarsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar
Heiðrún Erika Guðmundsdóttir, frá Ferðamálastofu

Aðalfundur RMF fór fram þriðjudaginn 3. júní í húsi Byggðastofnunar á Sauðárkróki.

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA – RMF



Rannsóknaverkefni ársins

| Verkefni | Verkefnastjórar |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------|
| <i>Akstursferðamennska og ferðamannaleiðir í dreifbýli</i> | Þórný Barðadóttir |
| <i>Ferðaleiðir um fámenn svæði. Aðkoma og sýn heimafólks á uppbyggingu ferðamannaleiða</i> | Þórný Barðadóttir |
| <i>Ferðaþjónusta í samhengi</i> | Ása Marta Sveinsdóttir |
| <i>Landamærakönnun á Akureyrarflugvelli</i> | Eyrún Jenný Bjarnadóttir |
| <i>Lýðvísindi í Hvalaskoðunarferðum: leið til aukinnar sjálfbærni og samkeppnishæfni?</i> | Ása Marta Sveinsdóttir |
| <i>Menningarferðamenn í Reykjavík</i> | Vera Vilhjálmstöttir |
| <i>RETURN – Regenerative Economic Transfers for Universal Resilience in the North</i> | Johannes Welling og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir |
| <i>Samfélagsleg áhrif millilandaflugs frá Akureyri</i> | Eyrún Jenný Bjarnadóttir |
| <i>Viðhorf ferðamanna til virkjana og mannvirkja við Kárahnjúka</i> | Eyrún Jenný Bjarnadóttir |
| <i>UPLIFT: Tækifæri í bókmennta- og kvikmyndaferðaþjónustu leyst úr læðingi</i> | Vera Vilhjálmstöttir |

Nánari lýsingar á verkefnunum er að finna í ársskýrslu á vef RMF www.rmfi.is.

Þar getur enn fremur að líta yfirlit yfir útgefið efni, fyrirlestra, erindi, ráðstefnur, málþing o.fl.

EITT OG ANNAÐ



Hafdís Skúladóttir hlaut inngöngu í Kennsluakademíuna

Hafdís Skúladóttir, dósent og deildarforseti Hjúkrunarfræðideildar, hlaut á dögnum inngöngu í Kennsluakademíu opinberu háskólanna.

Kennsluakademían er vettvangur að norrænni fyrirmynd sem ætlað er að stuðla að kennsluþróun. Meginmarkmið með Kennsluakademíunni er að efla samtal um kennslu og kennsluþróun innan og milli háskóla.



Viðræðum um sameiningu Háskólans á Akureyri og Háskólans á Bifröst hætt

Háskólaráð Háskólans á Akureyri ákvað að hætta frekari viðræðum um sameiningu við Háskólann á Bifröst. Viðræður skólanna stóðu yfir frá haustinu 2023 en vinnan að sameiningu leiddi í ljós að sumar af mikilvægustu forsendum sameiningar stóðust ekki nánari rýni.



Doktorsvörn Þorláks Axels Jónssonar

Þriðjudaginn 23. september varði Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt við Kennaradeild doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Vörnin fór fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Ritgerðin ber heitið Innritun nýnemahópa og námsframvinda í framhaldsskóla út frá efnislegri, félagslegri og menningarlegri stöðu nemenda á tímum samkeppnisprófa.



Háskólinn á Akureyri hlýtur viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar

Jafnvægisvogin, hreyfiaflsverkefni Félags kvenna í atvinnulífnum (FKA), hélt sína árlegu viðurkenningarathöfn þann 10. október. Jafnvægisvogin veitti viðurkenningar til níutíu fyrirtækja, tuttugu og tveggja opinberra aðila og sextán sveitarfélaga úr hópi þeirra 253 þátttakenda sem hafa undirritað viljayfirlýsingu. Elín Díanna Gunnarsdóttir, aðstoðarrektror HA tók við viðurkenningunni fyrir hönd háskólans.

EITT OG ANNAÐ




Frú Halla Tómasdóttir heimsótti Vísindaskóla unga fólksins

Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, kom til Akureyrar 27. júní meðal annars til þess að vera við hátíðlega útskrift nema í Vísindaskóla unga fólksins. Nemendur voru alls 85, flestir af Eyjafjarðarsvæðinu. Hópurinn sendi forsetanum fjölbreyttar spurningar um starfið sem forseti, áhugamálin og allt milli himins og jarðar og svaraði Halla þeim þegar hún kom.



Jóhann Páll Árnason heiðursdoktor við HA

Þann 30. júní 2025 veitti Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri Jóhanni Páli Árnasyni heiðursdoktorsnafnbót á sviði félagsvísinda. Í tilefni af veitingu heiðursdoktorsnafnbótarinnar 30. júní var sama dag haldið málþing við Háskólann á Akureyri undir yfirskriftinni „Austur, vestur og aftur heim: Söguleg félagsfræði Jóhanns Páls Árnasonar“.



Metár umsókna við Háskólann á Akureyri

Umsóknir í Háskólann á Akureyri hafa aldrei í sögu háskólans verið fleiri en árið 2025, en alls bárust um 2.340 umsóknir að þessu sinni. Þetta er um 15% aukning frá síðasta ári og rúmlega 8% aukning frá árinu 2018, sem var fyrra metár umsókna við háskólann.



Stærsti brautskráningarrhópur Háskólans á Akureyri frá upphafi

Háskólahátíð — brautskráning kandiðata frá Háskólanum á Akureyri fór fram í fjórum athöfnum í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri 13. og 14. júní. Aldrei hafa fleiri kandiðatar brautskráðst frá háskólanum en samtals brautskráðist 591 kandiðat í grunn- og framhaldsnámi af tveimur fræðasviðum.

EITT OG ANNAÐ



Ársfundur Háskólans á Akureyri

Ársfundur Háskólans á Akureyri fyrir starfsárið 2024 fór fram 14. maí 2025. Þar fór fram hefðbundin dagskrá þar

sem farið var yfir ársreikning háskólans og rýnt í starfsárið. Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra ávarpaði gesti og Áslaug Ásgeirsdóttir, rektor, fór yfir nokkrar staðreyndir um stöðu skólans og ræddi meðal annars hvort það skipti máli hvar skóli er staðsettur ef aðallega er í boði fjarnám. Í lok ársfundar heiðraði rektor starfsfólk við starfslok með gullmerki háskólans. Eftirfarandi voru heiðruð á staðnum og meðfylgjandi er umfjöllun um þeirra störf: Anna Ólafsdóttir, Stefán Jóhannsson, Guðrún Arndís Jónsdóttir og Aðalheiður Magnúsdóttir.



Nýtt diplómanám við HA fyrir fólk með fjölþættar stuðningsþarfir

Haustið 2025 var nýtt diplómanám fyrir fólk með fjölþættar stuðningsþarfir sett á laggirnar við HA. Um er að ræða 60 eininga, tveggja ára sérsníðið nám fyrir fólk með þroskahömlun á grunnstigi háskólanáms. Þremur umsækjendum var boðið að taka þátt í þróunarverkefninu og hefja nám við Háskólann á Akureyri.



Doktorsvörn Sonju Stelly Gústafsdóttur

Þann 7. maí 2025 varði Sonja Stelly Gústafsdóttir lektor við Iðjubjálfunarfræðideild doktorsritgerð sína í heilbrigðisvísindum við Læknadeild Háskóla Íslands

EITT OG ANNAÐ



Áframhaldandi samstarf í lögreglufræðum

Í apríl skrifuðu Áslaug Ásgeirsdóttir rektor og Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri undir áframhaldandi samstarfssamning vegna lögreglufræðináms. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL) annast og skipuleggur verklega hluta námsins fyrir hönd ríkislögreglustjóra í samstarfi við HA.



Doktorsvörn Söru Stefánsdóttur

Föstudaginn 4. apríl 2025 varði Sara Stefánsdóttir, lektor við Iðjuþjálfunarfræðideild, doktorsritgerð sína í fötlunarfræði við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands.



Framtíðardagar Háskólans á Akureyri haldnir 13. mars

Háskólinn á Akureyri stóð fyrir Framtíðardögum fimmtudaginn 13. mars 2025. Framtíðardagar gefa stúdentum einstakt tækifæri til að kynna atvinnulífina. Markmið dagskrárinnar er að veita stúdentum innsýn í störf fyrirtækja sem getur hjálpað þeim að átta sig á því hvað er í boði á vinnumarkaði og að taka næstu skref á starfsferli sínum. Viðburðurinn er öllum opinn en um er að ræða góðan vettvang fyrir einstaklinga sem eru að huga að næstu skrefum hvort sem það er varðandi nám eða í atvinnulífina. Einnig eru Framtíðardagar góður vettvangur fyrir fyrirtæki til að kynna starfsemi sína.



Nýjar námsleiðir á meistarastigi í hjúkrunarfræði

Haustið 2025 varboðið upp á tvær nýjar námsleiðir á meistarastigi við Hjúkrunarfræðideild skólans: hjúkrun einstaklinga með hjartasjúkdóma og hjúkrun einstaklinga með sykursýki. Slíkt sérhæft meistaranám fyrir hjúkrunarfræðinga ekki verið áður á Íslandi.

EITT OG ANNAÐ



Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (SVS) sameinaðist Háskólanum á Akureyri

Um áramótin sameinaðist Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (SVS), Háskólanum á Akureyri. Sameiningin öðlaðist gildi 1. janúar 2025 en fyrir sameiningu hafði stofnunin heyrt undir umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið. Sameiningin er liður í að efla enn frekar áherslu HA og háskólasamfélagsins á norðurslóðarannsóknir.

Háskólinn á Akureyri hlýtur heimild til doktorsnáms í menntavísindum og sálfræði

Í febrúar bárust þær gleðifregnir að Háskólinn á Akureyri hefði hlotið heimild frá ráðuneyti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar til að bjóða upp á doktorsnám í sálfræði og í menntavísindum. Fyrir hafði skólinn heimild til að bjóða upp á doktorsnám á sex fræðasviðum. Háskólinn á Akureyri er nú með viðurkenningu til doktorsnáms á átta fræðasviðum, auk þeirra nýju var fyrir heimild til doktorsnáms í félagsfræði, hjúkrunarfræði, líftækni, lögfræði, sjávarútvegs- og fiskeldisfræði og viðskiptafræði. Uppbygging doktorsnáms við skólann byggir á þeirri miklu þróun sem hefur verið í grunn- og meistaranámi við deildir skólans.



Allt háskólanám á Íslandi á einum degi!

Háskóladagurinn hóf göngu sína laugardaginn 1. mars. Þann dag opnaði einnig fyrir umsóknir í allt nám við Háskólann á Akureyri. Háskóladagurinn er samstarfsverkefni Íslenskra háskóla með það að markmiði að kynna allt grunnnám sem er í boði í íslenskum háskólum. Háskóladagurinn fór að þessu sinni fram á fjórum stöðum á landinu: Reykjavík, Höfn, Egilsstöðum og Akureyri.

EITT OG ANNAÐ



Fyrstu kandiðatar í framhaldsnámi í stjórnun brautskráðir

Laugardaginn 15. febrúar 2025 fór fram Vetrarbrautskráningarathöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kandiðötum sem fengu brautskráningar-skírteini sín í október 2024 og þeim sem brautskráðust 15. febrúar 2025. Alls brautskráðust 88 kandiðatar af tveimur fræðasviðum í október og febrúar. Af þeim brautskráðust 5 kandiðatar úr tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík sem í boði er sem staðnám við Háskólann á Akureyri vegna samstarfs háskólanna tveggja. Þá brautskráðist fyrsti hópurinn úr framhaldsnámi í stjórnun við Viðskiptadeild.

JAFNRÉTTISDAGAR HÁSKÓLANNA

Hatursorðræða og mismunun meginþemu jafnréttisdaga 2025

Hatursorðræða og mismunun voru meginþemu Jafnréttisdaga sem fóru fram í háskólum landsins dagana 10.–13. febrúar 2025. Möguleikar gervigreindar til að draga úr mismunun á vinnumarkaði, Kvennaárið 2025, herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum, stjórnsmálavæðing lögreglu og samspil hatursorðræðu við gervigreind, samfélagsmiðla og upplýsingaóreiðu, voru aðeins brot af þeim fjölbreyttu viðburðum sem voru ýmist á staðnum eða í streymi. Þetta var í 17. sinn sem Jafnréttisdögum var fagnað og þeir hafa í gegnum tíðina rutt brautina fyrir frjóa og róttæka umræðu um jafnréttismál frá ýmsum hliðum. Dagskráin var afar metnaðarfull og samanstóð af yfir 20 viðburðum sem tengjast jafnrétti og málefnum líðandi stundar.




GRÓ Sjávarútvegsskólinn fær góða umsögn í alþjóðlegu mati

GRÓ Sjávarútvegsskólinn sem Háskólinn á Akureyri er þátttakandi í, hefur hlotið lof í nýju mati alþjóðlega ráðgjafarfyrtækisins GOPA. Skólinn, sem starfar undir merkjum UNESCO, hefur brautskráð um 500 sérfræðinga úr sex mánaða námi í fiskistjórnun, auk þess sem 1.700 sérfræðingar hafa sótt styttri námskeið við skólann. Í matinu kom fram að árangur GRÓ fiskeldisþjálfunaráætlunar byggist á heimsklassa þekkingu Íslands þegar kemur að fiskveiðum og samstarfi við stofnanir í samstarfslöndum. Áætlunin leggur áherslu á kynjajafnrétti, þar sem konur voru 55% þátttakenda á tímabilinu 2018–2024. Endurgjöf frá útskrifuðum nemendum sýndi mikla ánægju, þar sem 80% sögðust hafa orðið sterkari faglega og haft raunveruleg áhrif á sitt svið eftir að hafa lokið náminu.

ÁRSREIKNINGUR 2025

Skipting kostnaðar



Gjöld 2025:

| | | pús.kr. |
|--------------------------|-------------|------------------|
| Laun og launatengd gjöld | 67,5% | 4.112.520 |
| Framlög og tilfærslur | 3,6% | 216.945 |
| Annar rekstrarkostnaður | 28,1% | 1.710.700 |
| Afskriftir | 0,8% | 50.275 |
| Samtals | 100% | 6.090.440 |

Yfirlit um afkomu ársins 2025

Tekjur 2025:

| | 2025 | 2024 |
|---------------------------------------|----------------------|----------------------|
| Tekjufærsla fjárveitinga | 4.920.144.415 | 4.106.200.000 |
| Aðrar tekjur | 244.362.913 | 223.686.752 |
| Seld þjónusta | 415.288.608 | 372.158.984 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 532.120.330 | 597.790.207 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 50.275.077 | 45.447.265 |
| Tekjur samtals | 6.162.191.343 | 5.345.283.208 |

Gjöld 2025:


| | | |
|-----------------------------------------|-------------------|--------------------|
| Laun og launatengd gjöld | 4.112.520.390 | 3.553.702.696 |
| Framlög og tilfærslur | 216.944.667 | 204.745.195 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1.710.699.985 | 1.555.135.069 |
| Afskriftir | 50.275.077 | 45.447.265 |
| | 6.090.440.119 | 5.359.030.225 |
| Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði | 71.751.224 | -13.747.017 |

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| | | |
|------------------------------------------|-------------------|--------------------|
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 25.553 | 134.727 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | (60.828) | (137.684) |
| | (35.275) | (2.957) |
| Afkoma ársins | 71.715.949 | -13.749.974 |

ÁRSREIKNINGUR 2025

Skipting tekna



Tekjur 2025

| | | þús.kr. |
|---------------------------------------|-------------|------------------|
| Tekjufærsla fjárveitinga | 79,8% | 4.920.144 |
| Innritunargjöld | 4,0% | 244.363 |
| Seld þjónusta | 6,7% | 415.289 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 8,6% | 532.120 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 0,8% | 50.275 |
| Samtals | 100% | 6.162.191 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir

Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir:

Áhöld og búnaður

Farartæki og vélar

Aðrar eignir

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

Eignarhlutar í öðrum félögum

Fastafjármunir samtals

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur

Tengdir aðilar

Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Handbært fé

Veltufjármunir samtals

Eignir samtals

Eigið fé og skuldir

Eigið fé

Hrein eign

Eigið fé samtals

Skuldir

Tengdir aðilar

Viðskiptaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Skuldir samtals

Eigið fé og skuldir samtals

31/12/2025

31/12/2024

166.847.254

151.035.177

3.155.071

3.701.321

1.810.871

1.245.867

171.813.196

155.982.365

174.844.796

159.013.965

32.898.398

31.407.604

897.787.356

507.764.084

0

22.064.126

104.344.319

144.753.760

1.035.030.073

705.989.572

1.209.874.869

865.003.537

215.535.082

145.569.719

215.535.082

145.569.719

221.817.265

97.160.812

196.182.800

33.809.660

359.649.488

371.447.593

216.690.234

217.015.753

994.339.787

719.433.818

994.339.787

719.433.818

1.209.874.869

865.003.537

VETRARBRAUTSKRÁNING 2025

Laugardaginn 15. febrúar fór í þriðja skiptið fram Vetrarbrautskráningarathöfn Háskólans á Akureyri. Athöfnin var ætluð kandiðötum sem fengu brautskráningarskírteini sín í október 2024 og þeim sem brautskráðust 15. febrúar síðastliðinn. Alls brautskráðust 88 kandiðatar af tveimur fræðasviðum í október og febrúar. Af þeim brautskráðust 5 kandiðatar úr tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík sem í boði er sem staðnám við Háskólann á Akureyri vegna samstarfs háskólanna tveggja.

Ávarp fyrir hönd kandiðata:

- Einhildur Ýr Gunnarsdóttir, MM í stjórnun

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur hlutu eftirtaldir:

Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:

- *Grunnnám:* Aðalheiður Ýr Thomas, hæsta einkunn í grunnnámi við sviðið
- *Framhaldsnám:* Einhildur Ýr Gunnarsdóttir, hæsta einkunn í framhaldsnámi við sviðið

Hug- og félagsvísindasvið:

- *Grunnnám:* Ægir Björn Gunnsteinsson, hæsta einkunn í grunnnámi við sviðið
- *Framhaldsnám:* Kristjana Jónsdóttir, hæsta einkunn í framhaldsnámi við sviðið



Kandiðatar að lokinni Vetrarbrautskráningarathöfn

VETRARBRAUTSKRÁNING 2025





ÁVARP REKTORS ÁSLAUGAR ÁSGEIRSDÓTTUR, Á VETRARBRAUTSKRÁNINGARATHÖFN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI, 15. FEBRÚAR 2025

Kæru kándídatar, kennarar og aðrir gestir

Það er mér því mikill heiður að fá að segja nokkur orð á þessum degi sem setja punktinn við nám ykkar. Frá því að þið hófuð nám og þar til í dag hafið þið lært, spáð, spekúlerað og lært meira. Á námsferlinum hafið þið einnig myndað samfélög bæði á netinu og hér á Akureyri. Þið hafið kynnst öðru námsfólki, eignast nýja vini og tengst kennurum og starfsfólki skólans. Þetta er mikilvægur hluti alls náms. Hvort sem þið eruð að brautskrást úr grunnnámi, meistaranámi eða með diplóma, verið stolt af því að hafa náð þeim áfanga að brautskrást.

Þetta er fyrsta brautskráningarræðan mín sem rektor Háskólans á Akureyri. Þegar ég settist niður til að skrifa hana fór ég að hugsa um þær mörgu brautskráningarræður sem ég hef hlýtt á í gegnum nám og störf við háskóla í um 30 ár. Mér telst að þær séu líklega í kringum 50 eða svo. Hvað stendur þar upp úr? Já, þegar stórt er spurt... Þessar ræður hafa oft verið allt of langar, stundum alveg passlegar, en aldrei of stuttar.

VETRARBRAUTSKRÁNING 2025

ÁVARP REKTORS

Ég man líka að sumar voru afspyrnu skemmtilegar, aðrar hrútleiðinlegar, og sumar fengu mig til að hugsa hluti á nýjan hátt. Ég man hins vegar lítið eftir innihaldi þessara ræðna. Það sem ég þó man eru þær tilfinningar sem kviknuðu við að hlusta. Fannst mér tíma mínum vel varið? Hló ég eitthvað? Voru heilræðin, sem eru alltaf í svona ræðum, góð? Beið ég eftir að ræðan hætti? Vitandi þetta, þá stend ég hér og held ræðu. Ég ætla ekki að tala allt of lengi og það verður ekkert próf á eftir.

Það er sigur ykkar að klára nám. Þið getið verið stolt. Sumum reynist auðvelt að læra, mörg ykkar hafa lagt á ykkur ómælda og oft erfiða vinnu til að ná þessum áfanga. Og þið hafið eflaust flest einhvern tímann efast um hvort þið væruð á réttri hillu. Það er eðlilegt. En þið eruð að brautskrást og getið fagnað. Þið eruð búin að klára, alla vega í bili. Brautskráningin er líka sigur fjölskyldu og ástvina. Þau hafa stutt vegferð ykkar á einn eða annan hátt. Þeim ber að þakka.

Ég vil líka þakka starfsfólki HA fyrir að sinna því mikilvæga starfi að kenna ykkur. Þau hafa búið til námsskrár, skipulagt lotur, farið yfir ótal verkefni og próf. Þau hafa hvatt ykkur til dáða og stutt við vegferð ykkar með margvíslegum hætti. Í dag fær starfsfólk skólans sem skipulagði brautskráninguna sérstakar þakkir. Það þarf heilt samfélag til að skipuleggja og halda úti námi og er brautskráning ykkar er líka samfélagslegur sigur okkar allra.

Þetta er í þriðja skipti sem Háskólinn á Akureyri brautskráir stúdenta í febrúar. Er brautskráningin í dag stærsta vetrarbrautskráning HA frá upphafi. Í dag brautskrást samtals 59 kandiðatar. 33 eru að brautskrást úr grunnnámi og 26 úr framhaldsnámi. Kandiðatar eru að brautskrást úr öllum deildum háskólans og á öllum námsstigum, nema úr doktorsnámi sem eru sjálfstæðir viðburðir. Þetta er því sannarlega fjölbreyttur hópur. Við erum ánægð með að sjá á meðal ykkar fyrsta brautskráningarhópinn í meistaranámi í stjórnun, og er Háskólinn í Reykjavík hér í fyrsta skipti í febrúar að brautskrá stúdenta úr tölvunarfræðináminu sínu hér hjá HA.

Ég vona að námið sem þið eruð að ljúka hjálpi ykkur að ná þeim markmiðum sem þið hafið sett. Ég hvet ykkur til að nýta þekkinguna til að hafa áhrif til umbóta á þeim vettvangi sem þið hafið valið ykkur, hvort sem hann tengist náminu eða ekki. Ef þið róíð á önnur mið, þá er kannski ekki alltaf augljóst hvernig námið mun verða ykkur til framdráttar. Allt nám nýtist ykkur á einn eða annan hátt. Það er kannski ekki augljóst fyrst, en smátt og smátt sjáið þið að oft getur annað sjónarhorn verið gagnlegt. Ég vona að námslok þýði ekki að þið hættið að læra. Við lifum í heimi sem krefst stöðugt nýrrar þekkingar og ég vil hvetja ykkur til að halda áfram að bæta við ykkur. Frekara nám er kannski möguleiki, en þið getið líka fylgt forvitninni með lestri, hlustun, áhorfi og tekið einstaka námskeið. Möguleikarnir eru margir.

Háskólar eru þekkingarsamfélag og sem slíkir mikilvægur hluti samfélagsins. Þar er bætt við þekkingu með rannsóknum og henni miðlað með kennslu, vísindagreinum og á samfélagsmiðlum. Þessi samtvinningur þekkingar og kennslu útskýrir til dæmis mikla nýsköpun sem gerist oft í nærumhverfi háskóla. Háskólinn á Akureyri er engin undantekning. Þrátt fyrir þetta virðast háskólar oft vera íhaldssamar stofnanir, þegar reyndin er að nýjar áskoranir leiða til stöðugrar þróunar innan þeirra. Hér innanhúss kvikna hugmyndir um nýjar námsbrautir til að þjóna Akureyri, Norðurlandi og Íslandi öllu betur.

Stúdentar þrýsta líka á breytingar. Til dæmis lögðu stúdentafélög HA vinnu í að skilgreina góðar námslotur og er sú vinna þegar farin að skila árangri. Þrýstingurinn um breytingar kemur líka utan frá. Ný tækni ryður sér til rúms og krefst viðbragða. Einnig vilja margir betri tengingu við samfélagið í

VETRARBRAUTSKRÁNING 2025

ÁVARP REKTORS

kringum háskólann. Háskólinn á Akureyri bregst við þessu og er því í stöðugri þróun til að ná markmiðum sínum betur. Það sem stendur hæst er að við erum að styrkja þekkingu innan háskólans á nýsköpun. Í þeirri vegferð viljum við tryggja öfluga tengingu við nýsköpunarumhverfið á Akureyri, sem fer vaxandi.

Næsta haust bætast við tvær nýjar meistaraáráðir í hjúkrun, önnur í heilsugæsluhjúkrun en hin snýst um hjúkrun hjartveikra og sykursjúkra. Mikið er rætt um öran vöxt öflugrar gervigreindar. Hún er þegar farin að einfalda mörg verk og mun gera það enn frekar í framtíðinni. Háskólinn á Akureyri stefnir að því að starfsfólk og stúdentar geti nýtt sér þessa tækni sér til framdráttar. Einnig viljum við að við kunnum að nálgast afleiðingar hennar á ábyrgan hátt.

Háskólinn á Akureyri er skilgreindur sem norðurslóðaháskóli hér á landi. Við erum að vinna í að efla sýnileika okkar í verkefnum tengdum norðurslóðum. Ein helsta rannsóknarstofnun Íslands á sviði norðurslóðarannsókna, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, sameinaðist háskólanum 1. janúar síðastliðinn. Þetta var farsælt sameiningarferli og gefur okkur tækifæri til að byggja brýr innan og utan Háskólans í rannsóknum og kennslu.

Ég vona að þið eigið góðar minningar frá námi ykkar við Háskólann á Akureyri. Minningarnar eiga eflaust eftir að þróast í gegnum tíðina og áherslur að breytast. Ég efast ekki um að einhvern tímann eigið þið eftir að segja öðrum að þið hafið vaðið háa skafli í mótvindi til að ná að klára námið. Þetta er eðlileg þróun þegar við öll eldumst. Minningar fyrrum stúdenta Háskólans á Akureyri rata stundum til mín sem rektors. Eitt af því skemmtilegasta í starfi mínu er að rekast á fyrrum stúdenta háskólans og heyra hversu vel háskólinn hefur undirbúið þau fyrir störfum sem þau nú gegna. Þau segja mér frá krefjandi námi, uppáhalds kennurum, hjálplegu starfsfólki og góðum vinum sem þau kynntust í náminu.

Það er augljóst að námið og námsumhverfið hefur nýst til að ná árangri í lífi og störfum. Fyrirverandi stúdentar eru á þennan hátt staðfesting á því góða starfi sem hér er unnið. Ég vona að ég heyri slíkt frá einhverjum ykkar í framtíðinni. Við hér sem vinnum fyrir Háskólann á Akureyri erum þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að mennta ykkur.

Að lokum vil ég nefna eina nýjung í viðbót. Lagið sem verður spilað þegar við göngum út hér á eftir er valið af þeim sem eru að útskrifast í dag. Takk fyrir að taka þátt í þessu vali. Niðurstöðum kosninganna hefur verið haldið leyndum. Við verðum þannig öll hissa saman.

Við þökkum samfylgdina hingað til.

Gangi ykkur vel og hjartanlega til hamingju.

Aslaug Asgeirsdóttir

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025

Háskólahátíð — brautskráning kandiata frá Háskólanum á Akureyri fór fram í fjórum athöfnum í Hátíðarsal Háskólans á Akureyri 13. og 14. júní. Aldrei hafa fleiri kandiatar brautskráðst frá háskólanum en samtals brautskráðist 591 kandiata í grunn- og framhaldsnámi af tveimur fræðasviðum.

Föstudaginn 13. júní brautskráðust 162 kandiatar úr framhaldsnámi og laugardaginn 14. júní brautskráðust 429 kandiatar úr grunnnámi í þremur athöfnum. Í fyrstu athöfn laugardagsins voru brautskráðir kandiatar með bakkalárpróf af Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði. Í annarri athöfn voru brautskráðir kandiatar með bakkalárpróf af Hug- og félagsvísindasviði og loks voru brautskráðir kandiatar með diplómu af báðum fræðasviðum í þriðju og síðustu athöfn laugardags..

Ávörp og viðurkenningar

Í ár fluttu fjórir kandiatar ávarp:

- Hrefna Hafdal, kandiata í heilbrigðisvísindum, fyrir hönd kandiata í framhaldsnámi
- Gissur Karl Vilhjálmsson, kandiata í sjávarútvegsfræði, fyrir hönd kandiata í grunnnámi á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði
- Margrét Lillý Einarsdóttir, kandiata í lögfræði, fyrir hönd kandiata í grunnnámi á Hug- og félagsvísindasviði
- Nana Rut Hlynisdóttir, kandiata í lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn, fyrir hönd kandiata í diplómanámi

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í grunnnámi hlutu eftirtalin:

HEILBRIGÐIS-, VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

- *Auðlindadeild:* Harpa Kristín Sigmarsdóttir fyrir bestan námsárangur
- *Hjúkrunarfræðideild:* Sveindís Ósk Ólafsdóttir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri fyrir bestan námsárangur til BS-gráðu í hjúkrunarfræði. Ásta María Kristjánsdóttir og Sigurrós Halldórsdóttir frá Heilbrigðisstofnun Norðurlands fyrir bestan námsárangur í samfélagshjúkrun
- *Iðjuþjálfunarfræðideild:* Berglind Björk Guðmundsdóttir frá Sjúkrahúsinu á Akureyri – Kristnesspítala fyrir bestan námsárangur
- *Viðskiptadeild:* Anna Þyrí Halldórsdóttir fyrir bestan námsárangur og brautskráðist hún með hæstu einkunn kandiata er brautskrást hafa frá deildinni til BS-gráðu frá upphafi
- *Tölvunarfræði í samstarfi HA og HR:* Unnur Ingvarsdóttir Olsen fyrir bestan námsárangur
- *Fagnám fyrir starfandi sjúkraliða:* Aldís Einarsdóttir af kjörsviði samfélagshjúkrunar og Svala Guðmundsdóttir af kjörsviði öldrunar- og heimahjúkrunar hlutu viðurkenningu frá Sjúkraliðafélagi Íslands fyrir bestan námsárangur

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfisráði HA:

- Natalia Ramírez Carrera – nýdoktor frá Auðlindadeild

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

- *Félagsvísindadeild:* Margrjet Davísdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur bakkalárnema
- *Lagadeild:* Amelía Mist Guðmundsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur bakkalárnema

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025

- *Kennaradeild:* Dagný Rós Stefánsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur bakkalárnema
- *Sálfræðideild:* Aldís Birna Björnsdóttir hlaut viðurkenningu deildarinnar fyrir bestan námsárangur bakkalárnema

Græn ritgerðarverðlaun frá Umhverfisráði HA:

- Ásta G. Birgisdóttir, kandídat í Sálfræðideild
- Johanna Franke, kandídat í Lagadeild
- Renata Colwell, kandídat í Lagadeild

Aðrar viðurkenningar innan Hug- og félagsvísindasviðs:

- *KEA:* Halldór Tumi Ólason hlaut viðurkenningu frá KEA fyrir hæstu meðaleinkunn grunnema innan fræðasviðsins
- *ZONTA klúbbur Akureyrar:* Hildur Lilja Jónsdóttir, viðurkenning veitt fyrir BA-ritgerðina „Gender based hate speech and digital violence“ í Lagadeild
- *Landssamband lögreglumanna:* Halldór Tumi Ólason hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn í diplómanámi fyrir verðandi lögreglumenn frá Landssambandi lögreglumanna
- *Ríkislögreglustjóri:* Þór Þórðarson hlaut viðurkenningu fyrir hæstu meðaleinkunn til BA-prófs í lögreglu- og löggæslufræði frá ríkislögreglustjóra

Viðurkenningu fyrir góðan námsárangur í framhaldsnámi hlutu eftirtaldir:

- Gunnar Ingi Láruson kandídat í MM í stjórnun fyrir bestan námsárangur til meistara-prófs á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði
- Hjördís Guðmundsdóttir, MA í rannsóknatengdu meistaranámi í félagsvísindum, hlaut viðurkenningu fyrir bestan námsárangur í framhaldsnámi á Hug- og félagsvísindasviði.
- Kristín Edda Sigurðardóttir frá Iðjuþjálfafélagi Íslands fyrir bestan námsárangur í iðjuþjálfun til starfsréttinda

Góðvinir

Í 21. skipti veittu Góðvinir Háskólans á Akureyri, félag brautskráðra stúdenta við HA og annarra velunnara háskólans, viðurkenningar til kandiata sem hafa sýnt góðan námsárangur og óeigingjarnt starf í þágu háskólans meðan á námi stóð. Þrjár hlutu heiðursverðlaun Góðvina að þessu sinni:

- *Hug- og félagsvísindasvið:* Bryndís Eva Stefánsdóttir, kandídat í kennarafræði
- *Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:* Lilja Margrét Óskarsdóttir, kandídat í iðjuþjálfunarfræði
- *Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasvið:* Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir, kandídat í viðskiptafræði

Óðinn Svan Óðinsson, fjölmiðlafræðingur frá HA og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, var kynnr á athöfnunum fjórum.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025



Brautskráning úr grunnnámi, kandidatar á Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði



Brautskráning úr grunnnámi, kandidatar á Hug- og félagsvísindasviði

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025



Brautskráning kandiðata úr framhaldsnámi



Brautskráning kandiðata úr diplómanámi af báðum fræðasviðum

HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025



*Bogi Ágústsson heiðursgestur
Háskólahátíðar 2025*



*Óðinn Svan Óðinsson kynnir
Háskólahátíðar 2025*



HÁSKÓLAHÁTÍÐ 2025





ÁVARP REKTORS, ÁSLAUGAR ÁSGEIRSDÓTTUR, Á HÁSKÓLAHÁTÍÐ HÁSKÓLANS Á AKUREYRI, 13. OG 14. JÚNÍ 2025

Kæru kandidatar, aðstandendur, samstarfsfólk og góðvinir skólans.

Það er alltaf heiður að segja nokkur orð við brautskráningu kandiata frá Háskólanum á Akureyri. Að brautskrást úr námi á háskólastigi eru alltaf tímamót. Þessi dagur þýðir að þið – og aðstandendur ykkar – hafið náð settum markmiðum. Háskólahátíð Háskólans á Akureyri er sameiginleg hátíð okkar allra og það að vera hér í dag gerir háskólasamfélagið sýnilegt.

Um þessa helgi brautskráir Háskólinn á Akureyri 591 kandiata og er þetta stærsti brautskráningarhópurinn frá upphafi skólans. Þessi stóri hópur endurspeglar stöðugan vöxt skólans og fleiri hafa sótt um nám fyrir næsta ár en nokkru sinni fyrir.

Þetta er okkur mikið gleðiefni og sýnir að vinnan sem farið hefur fram undanfarin ár í að efla og styrkja nám og rannsóknir hefur skilað sér til þeirra sem eru að leita að áhugaverðu og krefjandi háskólanámi.

Námsformið hjá Háskólanum á Akureyri er fjölbreytt. Það er ljóst að sveigjanlega námið með lotum á Akureyri hentar fólki. Það gerir Háskólanum á Akureyri kleift að mennta fólk um allt land og einnig víða erlendis. Auk þess erum við með hóp af stúdentum sem eru hér á svæðinu og eru dugleg að gera þetta svæði að sínu með viðveru sinni.

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

Þið sem hér eruð í dag eruð að brautskrást úr framhaldsnámi skólans. Alls eruð þið 161 kandídat, sem á undanförunum árum hafið dýpkað þekkingu og eftt sérfræðikunnáttu, annaðhvort til að gera betur í starfi eða til að breyta til í starfi.

Vöxtur og styrking náms gerist ekki í tómarúmi og hér vil ég beina þökkum mínum til kennara og starfsfólks skólans. Það leggur metnað í að skapa umgjörð fyrir kennslu og skapa nýja þekkingu. Það er ykkur að þakka að Háskólinn á Akureyri hefur áunnið sér traust, bæði meðal stúdenta og samfélagsins sem við þjónum.

Háskóli er ekki einungis vettvangur kennslu og rannsókna – hann er líka samfélag. Háskólinn á Akureyri er staðsettur utan höfuðborgarsvæðisins og því gegnum við mikilvægu hlutverki á Akureyri, á Norðurlandi og á landsbyggðinni allri. Á þeim nærri 38 árum sem skólinn hefur starfað hefur hér verið byggt upp sjálfstætt þekkingarsamfélag. Það samfélag þjónar öllum byggðum landsins og gerir íbúum dreifðari byggða kleift að sækja sér háskólanám.

Það skiptir máli – ekki aðeins fyrir svæðið heldur fyrir landið allt. Við erum stærsti skólinn á landinu sem menntar fólk í heimabyggð. Þannig tryggjum við að ný þekking dreifist um landið og sé ekki bara bundin við höfuðborgarsvæðið. Það er mikilvægt fyrir byggð um landið allt að þekking og nýsköpun fái að lifa og dafna alls staðar. Í viðræðum um hugsanlega sameiningu við Bifröst höfum við lagt áherslu á að hér starfi áfram landsbyggðarháskóli sem stuðli að búfestu á landinu öllu.

Ein birtingarmynd samfélagsins hér hjá Háskólanum á Akureyri eru þær ráðstefnur og viðburðir sem við stöndum reglulega fyrir. Með þeim opnum við dyr fyrir samtal, þekkingarmiðlun og nýsköpun sem eflir tengsl á milli fræða og samfélags.

Á skólaárinu sem er að líða má til dæmis nefna nýlega ráðstefnu í samvinnu við utanríkisráðuneytið sem bar titilinn Norðurslóðir í breyttum heimi. Þar var rætt um minnkandi öryggiskennnd í þessum víðfeðma heimshluta sem er á stærð við Afríku og það lykilhutverk sem Ísland gegnir.

Einnig var haldin ráðstefna um gæði kennslu, þar sem fræðafólk ræddi áskoranir nútímans og mikilvægi nýrra kennsluaðferða við að miðla þekkingu í síbreytilegum heimi. Sjónaukinn – hin árlega ráðstefna Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs lagði áherslu á eflingu farsældar og hvernig mætti tryggja að allir einstaklingar – óháð getu – hafi tækifæri til að leggja sitt til samfélagsins. Að lokum má einnig nefna ráðstefnuna Löggæsla og samfélagið, sem haldin er á hverju hausti og hefur skapað mikilvægan vettvang fyrir umræður um öryggi, traust og þróun í samskiptum almennings og lögreglu.

Allt eru þetta dæmi um hvernig háskóli er ekki einungis til staðar fyrir stúdenta og fræðafólk – heldur fyrir samfélagið allt.

Háskólinn á Akureyri og starfsfólk hans leggur þannig áherslu á að vera virkur þátttakandi í samtímanum. Það gerir hann með því að miðla rannsóknum bæði út frá fræðilegum forsendum og hagnýtum þörfum.

Kennarar og starfsfólk skólans mynda líka samfélag, þar sem þekking og kennsla er í beinu sambandi við stúdenta skólans. Þá skiptir ekki máli hvort þið eruð í fjarnámi með lotum eða eruð búsett á Akureyri og mætið reglulega í skólann. Báðir hópar stúdenta mynda sín samfélög,

HÁSKÓLAHÁTÍÐ – BRAUTSKRÁNING ÁVARP REKTORS

á netinu, á staðnum og í lotum þegar þið komið norður. Í lotum vinnið þið að verkefnum, ræðið fræðin og kynnist hvert öðru. Ég vona að sem flest ykkar brautskráist með nýja vini og framtíðarkollega í farteskinu.

Saman mynda svo kennarar, stúdentar og starfsfólk þekkingarsamfélag sem er mikilvægt fyrir Ísland allt. Er það lykillinn að frekari þróun háskólans að við höldum áfram að eflast og stækka og verðum vonandi annar stærsti háskóli Íslands í framtíðinni.

Kæru kandiðatar, þið hafið svo sannarlega verið mikilvægur hluti af samfélagi okkar, hvar sem þið búið á landinu. Ég vona að þið brautskráist héðan ánægð og full trausts með þá þekkingu sem þið hafið aflað ykkur. Þið hafið ekki aðeins lært – heldur einnig tekið þátt í uppbyggingu námssamfélagsins. Stúdentar sitja í mikilvægum nefndum og ráðum og eiga meðal annars sæti á deildarfundum og í háskólaráði. Þannig er tryggt að þið hafið áhrif á skólann.

Þeir stúdentar sem taka þetta verkefni að sér leggja á sig mikla vinnu samhliða námi með því að starfa í stúdentafélögum, sinna hagsmunagæslu og halda utan um fjölbreytt félagslíf. Störf þessara einstaklinga gera háskólann að ykkar háskóla. Á þessum tímamótum vil ég sérstaklega þakka öllum þeim stúdentum sem hafa sýnt frumkvæði og ábyrgð með því að taka virkan þátt í lífi og starfi skólans, unnið að framförum og tryggt öflugt félagslíf. Einnig hefur stór hópur verið rödd Háskólans á Akureyri út á við, kynnt námið okkar og tryggt að verðandi stúdentar hugsi til okkar sem valmöguleika. Þetta skiptir okkur sköpum og við tökum þessari vinnu ekki sem sjálfsögðum hlut. Við vonum einnig að þið sem eruð að brautskrást í dag talið um Háskólann á Akureyri sem góðan kost til náms. Fyrir hönd Háskólans á Akureyri og allra sem starfa hér vil ég þakka ykkur innilega fyrir allt það sem þið gerðuð til að bæta háskólann. Það er nefnilega alltaf hægt að gera betur. Ég legg til að við klöppum fyrir þessu frábæra fólki.

Kæru brautskráningarnemar – framtíðin sem bíður ykkar er ekki endilega einföld. En hún er opin og býður upp á tækifæri til að nýta þekkinguna á fjölbreyttari hátt en ykkur órar fyrir. Það er ykkar að móta þá framtíð sem þið viljið og hafa áhrif á þeim vettvangi sem þið hafið valið ykkur. Ég vona að þið gerið það af ábyrgð og látið gott af ykkur leiða.

Háskólinn á Akureyri er stoltur af þeim sem brautskrást héðan. Við vitum að þið eigið eftir að láta til ykkar taka, hvert sem leið ykkar liggur.

Takk fyrir að hafa verið hluti af samfélaginu okkar.

Gangi ykkur vel og hjartanlega til hamingju.

Aslaug Asgeirsdóttir

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR FEBRÚAR 2025

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

| | | | | | | |
|------------------------------------------------------------|---|------------------------------------------|---|-----------------------|--------------|---|
| Félagsvísindadeild: | | Starfstengd leiðsögn, viðbótardiplóma | 1 | Sálfræðideild: | Sálfræði, BS | 8 |
| Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn, Grunndiplóma | 2 | Menntunarfræði, Med | 1 | | | |
| Félagsvísindi, BA | 1 | Kennslufræði, MT | 6 | | | |
| Lögreglu- og löggæslufræði, BA | 2 | Lagadeild: | | | | |
| Kennaradeild: | | Lögfræði, BA | 1 | | | |
| Kennarafræði, B.Ed. | 3 | Lögfræði, ML | 2 | | | |

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

| | | | | | | |
|-----------------------------|---|----------------------------------------|---|------------------------|----------------------|---|
| Auðlindadeild: | | Heilbrigðisvísindi, viðbótardiplóma | 4 | Viðskiptadeild: | Viðskiptafræði, BS | 5 |
| Líftækni, BS | 2 | Heilbrigðisvísindi, MS | 3 | | Viðskiptfræði, MM/MS | 9 |
| Sjávarútvegsfræði, BS | 1 | Iðjubjálfunarfræðideild: | | | | |
| Hjúkrunarfræðideild: | | Iðjubjálfunarfræði, BS | 4 | | | |
| Hjúkrunarfræði, BS | 3 | | | | | |

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR JÚNÍ 2025

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

| | | | | | | |
|-------------------------------------------------------------|----|------------------------------------------------|----|--------------------------------------|--|----|
| Félagsvísindadeild: | | Kennaradeild: | | Lagadeild: | | |
| Félagsvísindi, BA | 8 | Fagháskólanám, Grunndiplóma | 15 | Lögfræði, BA | | 10 |
| Fjölmiðlafræði, BA | 4 | Kennarafræði, B.Ed. | 24 | Heimskautaréttur, Viðbótardiplóma | | 2 |
| Lögreglufræði fyrir starfandi lögreglumenn, Grunndiplóma | 1 | Forysta í lærdómssamfélagi, Viðbótardiplóma | 1 | Lögfræði, heimskautaréttur, LLM | | 1 |
| Lögreglufræði fyrir verðandi lögreglumenn, Grunndiplóma | 56 | Menntavísindi, Viðbótardiplóma | 14 | Lögfræði, heimskautaréttur, MA | | 4 |
| Lögreglu- og löggæslufræði, BA | 8 | Menntunarfræði, M.Ed | 10 | Lögfræði, ML | | 7 |
| Nútímafræði, BA | 1 | Kennarafræði, MT | 48 | Sálfræðideild: | | |
| Rannsóknatengt meistaranám í félagsvísindum, MA | 1 | Menntavísindi, MA | 2 | Sálfræði, BS | | 58 |
| | | | | Sálfræði, MS | | 1 |
| | | | | Háskólasetur Vestfjarða | | |
| | | | | Sjávarbyggðafræði, MA | | 5 |

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR JÚNÍ 2025

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Auðlindaeild:

| | |
|--------------------------------------------|----|
| Líftækni, BS | 14 |
| Sjávarútvegsfræði, BS | 13 |
| Viðskiptafræði og sjávarútvegsfræði, BS | 6 |
| Auðlindafræði, MS | 1 |

Hjúkrunarfræðideild

| | |
|----------------------------------------------------|----|
| Fagnám fyrir starfandi sjúkraliða, Grunndiplóma | 30 |
| Hjúkrunarfræði, BS | 79 |
| Heilbrigðisvísindi, MS | 22 |
| Iðjuþjálfunarfræðideild | |
| Iðjuþjálfunarfræði, BS | 32 |
| Iðjuþjálfun, viðbótardiplóma | 28 |

Viðskiptadeild

| | |
|----------------------|----|
| Viðskiptafræði, BS | 70 |
| Viðskiptfræði, MM/MS | 8 |

Háskólaetur Vestfjarða

| | |
|-------------------------------------|----|
| Haf- og strandsvæðastjórnun, MRM | 10 |
|-------------------------------------|----|

BRAUTSKRÁÐIR KANDÍDATAR OKTÓBER 2025

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lagadeild:

| | |
|--------------------------------|---|
| Heimskautaréttur, LLM | 1 |
| Lögfræði, heimskautaréttur, MA | 2 |
| Lögfræði, ML | 1 |

Háskólaetur Vestfjarða

| | |
|------------------------|---|
| Sjávarbyggðafraeði, MA | 6 |
|------------------------|---|

HEILBRIGÐIS- VIÐSKIPTA OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Hjúkrunarfræðideild:

| | |
|------------------------------------------------------------------------|---|
| Hjúkrunarfræði, BS | 1 |
| Heilbrigðisvísindi, Heilsugæsla í héraði – klínísk, viðbótardiplóma | 1 |
| Heilbrigðisvísindi, MS | 7 |

Háskólaetur Vestfjarða

| | |
|------------------------------------|----|
| Haf- og strandsvæðastjórnun MRM | 12 |
|------------------------------------|----|

Háskólinn á Akureyri
Norðurlóð 2
600 Akureyri
unak@unak.is
www.unak.is

